

Ársrit
Bandalags Íslenskra leikfélaga
2016–2017



Efnisyfirlit

Útgefandi:
Bandalag íslenskra leikfélaga
Kt. 440169-0239
Kleppsmýrarvegi 8,
104 Reykjavík
Sími: 551 6974
Netfang: info@leiklist.is
Veffang: leiklist.is

Ritstjórn og ábyrgðarmenn:
Guðfinna Gunnarsdóttir
Ólöf Þórðardóttir
Þráinn Sigvaldason
Bernharð Arnarson
Gísli Björn Heimisson

Uppsetning efnis:
Vilborg Árný Valgarðsdóttir

Prófarkalestur:
Guðfinna Gunnarsdóttir
Ólöf Þórðardóttir
Þráinn Sigvaldason
Bernharð Arnarson
Gísli Björn Heimisson

Aðstoð og ráðgjöf:
Hörður Sigurðarson

Forsíðumyndin er úr sýningu Leikfélags Vestmannaeyja, Benedikt búálfur

Leiklistin lengi lifi!	5
Aðildarfélög Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2016–2017	6
Stjórn, starfsfólk og nefndir	7
Skýrsla stjórnar Bandalags ísl. leikfélaga	8
Skýrslur nefnda frá aðalfundi	11
Leiklistarskólinn	11
Leiklistarvefurinn	13
Allt fyrir andann	14
Leiklistarskóli Bandalags ísl. leikfélaga 2016	15
Myndir frá hátíðakvöldverði á Húnavöllum	18
Myndir úr skólastarfinu	19
Verkefni og skýrslur aðildarfélaganna	20
Erlent samstarf	55
Athyglisverðasta áhugaleiksýning	56
leikársins 2016-17	56
Stjórnarfundir Bandalags íslenskra leikfélaga	58
Menningarstefna	62
Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga	63
Námskeið í Stjórnun leikfélaga	77
Ársreikningur 2016	78
Lög Bandalags íslenskra leikfélaga	87

Leiklistin lengi lifi!

Í aldanna rás höfum við leikgert hluti, persónur og atburði. Leiklistin hefur elst vel, hún fylgir okkur og samtímanum. Leiklistin segir okkur í raun samtímann. Enginn raunveruleiki er ofar leiklistinni heldur er leiklistin raunveruleikinn séður frá mörgum sjónarhornum samtímis. Kerfið sem leiklistin byggir á er í raun söguformið í sinni víðustu mynd líkt og rásir móðurborðsins eru kerfi tölvunnar. Oftast hefur sagan upphaf og endi þó stundum sé það látið eftir áhorfendum að geta sér til um atburði sögunnar. Slík er list sögumannsins, að koma af stað hugsun eða skynjun meðal áhorfenda og fá þá til að geta sér til eða skapa söguna.

Leiklistin er ekki síður hluti af mannlífínu og hér á landi þrífst öflugt menningarlíf á sviði leiklistar. Stóru leikhúsin okkar keppast við á fylgja markaðslögmálunum um framboð og eftirspurn. Þannig velja þau sögurnar sem segja á leikhúsgestum og ef til vill þykir sumum að ákveðnir tískustraumar ráði þar ríkjum frekar en val á stykkjum sem metin eru út frá listasögunni. Hvað sem ræður för er leikformið vinsæll frásagnarmáti meðal landsmanna.

Persónur og leikendur. Þessi hópur er marglitur ekki síður en fjölbreyttur. Við búum svo vel á Íslandi að eiga góða leikara, vel menntað fólk sem kemur úr öllum áttum. Það hefur gefið okkur fjölbreyttar uppfærslur og gert leikhúslíf okkar ferskt og eftirsóknarvert. Allt frá Íslendingasögum til nútímabókmennta hafa almenningi verið sagðar sögur, sögur sem lýsa upplifun okkar á raunveruleikanum.

Gildi leiklistar í landinu er því ekki lítið. Til er orðatiltæki sem segir að „lífið sé leikur“. Það er ekki fjarri sanni þegar maður rennir yfir framboð leiklistar á Íslandi í dag. Fjölmörg leikhús eru starfandi þar sem bæði litlir og stórir hópar standa fyrir frábærum uppfærslum og af nógu er að taka fyrir okkur sem vilja njóta. Þess vegna er svo mikilvægt að hlúa vel að þessu listformi, láta það ekki verða undir í samkeppninni um tímann og allrar þeirrar nýju tækni sem tröllríður samfélögum veraldar.

Við sem störfum í grasrótinni vitum að grasið sprettur hjá okkur. Við vitum að ef við hlúum að því sem er ræktað hjá okkur, skilar það sér í uppskeru. Áhugaleikfélög á Íslandi eiga nú undir högg að sækja. Menningarmál hafa á síðustu árum gildið afhroð í kjölfar þjóðfélagsshremminga sem yfir okkur hafa dunið. Fyrir okkur áhugafólkið ætti það bara að efla okkur í að sækja enn harðar að stjórnvöldum í styrkveitingar og menningarinnlegg með það að leiðarljósi að viðhalda samfélagslegri ábyrgð, víkka vitund og breikka sjónsvið og vinna gott starf í byggðarlögum. Við í áhugaleikfélögum erum í sterku bandalagi hvort við annað þar sem við leggjum áherslu á að breiða út orðið meðal allra aldurshópa, jafnt ungmenna sem eldri borgara. Allir starfa saman og allir ná að uppskera.

Grasrótarstarf okkar hefur skilað öflugu félagslífi, uppeldisbætandi starfi í þágu ungmenna og síðast en ekki síst skilað okkur listmenntuðu ungu fólki sem síðan fer lengra. Okkar list er alþjóðleg og landamæralaus. Sem betur fer auðnast okkur að segja það sem okkur býr í brjósti. Okkur er frjálst að fara með orð og athafnir og um það ríkir frelsi hér á landi. Það er því miður ekki alls staðar þannig.

Í meistararitgerð frænku minnar Sigríðar Jónu Clausen sem ber heitið „Leiklist í leikskóla og áhrif hennar á sjálfsmynd barna: hvað segja börnin?“ kemur fram að með tilliti til eflingar sjálfsmyndar hjá börnum benda niðurstöður til að hún geti styrkst þegar börn taka þátt í leiklistarkennslu. Enn fremur kemur fram að ólíkar kennsluáferðir leiklistar henti til notkunar á leikskólum. Í viðtölum við börn komu fram jákvæð viðhorf til leiklistarstundanna. Því ber að fagna að leiklistin sé að verða markvisst kennd í leikskólum.

Leiklist hefur góð áhrif á fólk. Hún eflir einstaklinga og gerir þá færari. Eykur samskiptahæfni og leiðir til sjálfskoðunar. Leiklist stuðlar að heilbrigðu þroskaferli og hópefli. Börn, unglingar, táningar, miðaldra og eldri borgarar þurfa á leiklist að halda. Leiklistin lengi lifi.



Ólöf Þórðardóttir
varaformaður Bandalags íslenskra leikfélaga

Aðildarfélög Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2016–2017

Borgarbörn, Reykjavík

Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði

Halaleikhópurinn, Reykjavík

Hugleikur, Reykjavík

Leikdeild Umf. Gnúpverja

Leikdeild Umf. Stafholtstungna

Leikfélag Austur-Eyfellanga

Leikfélag Blönduóss

Leikfélag Dalvíkur

Leikfélag Fjallabyggðar

Leikfélag Flateyrar

Leikfélag Fjóttsdalshéraðs, Egilsstöðum

Leikfélag Hafnarfjarðar

Leikfélag Hofsóss

Leikfélag Hornafjarðar

Leikfélag Hólmavíkur

Leikfélag Húsavíkur

Leikfélag Hveragerðis

Leikfélag Hörgdæla

Leikfélag Keflavíkur

Leikfélag Kópavogs

Leikfélag Mosfellssveitar

Leikfélag Norðfjarðar

Leikfélag Rangæinga, Hvolsvelli

Leikfélag Reyðarfjarðar

Leikfélag Sauðárkróks

Leikfélag Selfoss

Leikfélag Seyðisfjarðar

Leikfélag Sólheima, Grímsnesi

Leikfélag Vestmannaeyja

Leikfélag Ölfuss, Þorlákshöfn

Leikfélagið Baldur, Bíldudal

Leikfélagið Borg, Grímsnesi

Leikfélagið Grímnir, Stykkishólmi

Leikfélagið Hallvarður súgandi, Suðureyri

Leikfélagið Óríon, Reykjavík

Leikfélagið Peðið, Reykjavík

Leikfélagið Skagaleikflokkurinn, Akranesi

Leikfélagið Skrugga, Reykhólum

Leikfélagið Sýnir, á landsvísu

Leikflokkurinn Hvammstanga

Leikhópurinn Lopi, Árborg

Leikhópurinn Vera, Fáskrúðsfirði

Leiknefnd Umf. Grettis, Miðfirði

Litli leikklúbburinn, Ísafirði

Snúður og Snælda, Reykjavík

Stúdentaleikhúsið, Reykjavík

Umf. Biskupstungna, leikdeild, Bláskógab.

Umf. Dagrenning, leikdeild, Lundarreykjadal

Umf. Efling, leikdeild, Reykjadal

Umf. Íslendingur, leikdeild, Hvanneyri

Umf. Reykdæla, Reykholti

Umf. Skallagrímur, leikdeild, Borgarnesi

Stjórn, starfsfólk og nefndir



Meðstjórnandi
Bernharð Arnarson
Hörgárdal



Varaformaður
Ólív Þórðardóttir
Mosfellsbæ



Formaður
Guðfinna Gunnarsdóttir
Selfossi



Ritari
Þráinn Sigvaldason
Hörgárdal



Meðstjórnandi
Gísli Björn Heimisson
Reykjavík



Varastjórn
Ágúst T. Magnússon
Seyðisfirði



Varastjórn
Salbjörg Engilbertsdóttir
Hólmavík



Varastjórn
Þórvör Embla Guðmundsdóttir
Borgarfirði



Varastjórn
Þrúður Sigurðar
Þorlákshöfn



Varastjórn
Sigríður Hafsteinsdóttir
Selfossi



Lénsherra
Hörður Sigurðarson
Reykjavík



Framkvæmdastjóri
Vilborg Arný Valgarðsdóttir
Kópavogi



Afleysingar á skrifstofu
Ármann Guðmundsson
Reykjavík



Skólanefnd
Hrunn Ólafsdóttir
Reykjavík



Skólastýra
Dýrleif Jónsdóttir
Reykjavík



Skólastýra
Hrefna Friðriksdóttir
Reykjavík



Skólanefnd
Herdís Þorgeirsdóttir
Mosfellsbæ



Skólanefnd
Gísli Björn Heimisson
Reykjavík



Skýrsla stjórnar Bandalags ísl. leikfélaga

Lögð fram á aðalfundi sem haldinn var á Hótel Hlíð í Ölfusi 6. maí 2017

I. Stjórn

Á starfsárinu skipuðu stjórn þau:

Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi, formaður
Ólöf Þórðardóttir, Mosfellsbæ, varaformaður
Práinn Sigvaldason, Hörgárdal, ritari
Bernharð Arnarsson, Hörgárdal, meðstjórnandi
Gísli Björn Heimisson, Reykjavík, meðstjórnandi.

Í varastjórn sátu:

Prúður Sigurðardóttir, Salbjörg Engilbertsdóttir, Ágúst T. Magnússon, Embla Guðmundsdóttir og Sigríður Hafsteinsdóttir.

Framkvæmdastjóri og altnuligmanneskja í Þjónustumiðstöð er og var sem endranær Vilborg Valgarðsdóttir.

Stjórn hélt fjóra starfsfundum á árinu. Einn að afloknum aðalfundi á Seyðisfirði og þrjá í þjónustumiðstöð okkar í Reykjavík.

Fjarfundarbúnaður var notaður endrum og sinnum með góðum árangri þegar ritari voru Práinn átti ekki heimangengt. Einnig hafa símtæki, fésbókarhópur og tölvupóstur verið nýtt til góðra samskipta stjórnarmanna árið um kring.

Árman Guðmundsson var svo vænn að leysa Vilborgu af í Þjónustumiðstöð vegna veikinda eða leyfa.

Er starfsfólki og stjórn þökkuð góð samvinna og vinnusemi á árinu.

II. Starfsemi félaganna

36 aðildarfélög Bandalagsins sendu inn styrkumsóknir fyrir alls 112 leiksyningar og leikþætti, 25 námskeið og 29 skólanemendur fyrir leikárið 2015-2016. Fullur styrkur reyndist vera 273.839 krónur. Ársritið okkar inniheldur síðan allar frekari upplýsingar um starfsemina. Ekki liggja fyrir tölur um umfang

starfsins á þessu leikári en engin ástæða til að ætla annað en það sé svipað og verið hefur. Félögin í Bandalaginu eru nú 53 talsins.

III. Starfsáætlun

Á síðasta aðalfundi var að venju samþykkt starfsáætlun og og verður nú farið yfir hana og sagt frá hvað gert var til að efna einstaka liði hennar.

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi.

Rekstur þjónustumiðstöðvar er alltaf í járnunum, en Vilborg framkvæmdastjóri er ótrúlega útsjónarsöm og heldur fast og vel utan um reksturinn með sinni styrku stjórn eins og sjá má í reikningum Bandalagsins sem kynntir verða hér á eftir.

Um skólann og vefinn munu fulltrúar viðkomandi nefnda fjalla í sínum skýrslum.

Nýtt rafrænt umsóknarkerfi hefur nú verið keyrt einu sinni og verða framvegis allar umsóknir afgreiddar í gegnum þetta kerfi sem mun gera alla umsýslu greiðari og auðveldari fyrir bæði félögin og skrifstofuna.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Framlag til starfsemi áhugaleikfélaganna er nú 16,2 milj. kr. Til þjónustumiðstöðvarinnar er framlagið 6 milj. kr. á ári samkvæmt samningi sem gildir til loka ársins 2018. Við bíðum spennt eftir því að hitta nýjan ráðherra menningar og munum freista þess að kynna okkar málefni fyrir honum á haustdögum. Eftir áramót þurfum við svo að vinna að endurnýjun samnings vegna reksturs skrifstofunnar.

Sérverkefni ársins:

1. Að haldið verði námskeið í stjórnun leikfélaga og

markaðssetningu samhliða aðalfundi 2017.

Téð námskeið var haldið í gærkvöldi hér á Hótel Hlíð. Það gekk mjög vel.

2. Að halda afmælishátíð í tilefni af 20 ára afmæli Leiklistarskóla Bandalagsins vorið 2017.

Hátíðin fór fram laugardaginn 18. mars í Hlégarði í Mosfellsbæ. Þangað mættu fyrrum nemendur og kennarar, átu, drukku, rifjuðu upp og voru glöð. Er skólanefndar meðlimum þakkað fyrir alla vinnu við hátíðina.

IV – Önnur mál

Uppfærsla Leikfélags Hafnarfjarðar á Ekkert að óttast eftir 12 höfunda úr höfundasmiðju LH var valin Athyglisverðasta áhugaleiksyning leikársins af valnefnd Þjóðleikhússins og var hún sýnd í Kassanum í Þjóðleikhúsinu 4. júní við góðan orðstír. Í ár eru sýningarnar tólf sem valið verður milli og mun fulltrúi Þjóðleikhússins tilkynna um það undir borðum hér í Hlíð í kvöld.

Af erlendum vettvangi má geta þess að sýning Leikfélags Hafnarfjarðar, Ubbi kóngur í leikstjórn Ágústu Skúladóttur var valin til sýningar á stórríki leiklistarhátíð í Austurríki liðið sumar og var sýningunni hrósað mjög. Þess ber einnig að geta að Ubbi kóngur var einnig valin til þátttöku á IATA/AITA alþjóðlegu leiklistarhátíðinni í Mónakó sem fer fram seinni hluta ágúst mánaðar. Formaður og framkvæmdastjóri munu sækja aðalfund IATA/AITA í Mónakó, en fundurinn er gríðarlega mikilvægur þar sem lögð verður fram heildarbreyting á lögum samtakanna og mikilvægt að okkar rödd heyrist þar. Á sama tíma verður einnig ársfundur NEATA.

Hafnirðingar tóku einnig þátt í stuttverka-hátíð NEATA sem haldin var í Færeyjum í október, þar fluttu þau verkið Dimmalimm við mikinn fögnuð áhorfenda. Undirrituð getur borið þessu vitni, en formaður sat ársfund NEATA á téðri stuttverkahátíð, en hátíðin var stórskemmtileg, Eystrasaltsríkin tóku þátt og voru spennt að takast á við stuttverka-

formið sem og hópar frá Færeyjum, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Skemmtilegt hefði verið ef að fleiri félög frá okkur hefðu verið með, þar sem stuttverkahefðin sprettur úr okkar ranni og aðrir hafa fylgt á eftir. Gerum meira næst.

Fundurinn fór mikið í umræður um fyrrnefndar breytingar á lögum IATA/AITA, en einnig var rætt um vandræði Norðmanna, en þeirra Bandalagsskrifstofa lokaði, það stendur til bóta. Einnig hafa Skotar lýst yfir áhuga á að ganga til liðs við NEATA, það væri skemmtilegt að fá þá inn í samtökin.

María Björt Ármannsdóttir er fulltrúi okkar í NEATA Youth og mun sækja fund fyrir okkar hönd í Helsinki núna síðar í maímánuði.

Pakka ber Lénsherra fyrir frábært starf nú sem endranær, hans vökula auga sér til þess að við náum að halda í við nýjustu tækni og passar að við séum uppdeituð og vistuð.

Skólinn heldur áfram að þróast og flytur sig um set í ár að Reykjaskóla í Hrutafirði. Við kveðjum Húnavelli, Svínvatn og Reykjaniðbu. Á næsta ári verða komin ný kennileiti. Flutningum fylgir spennan og

ánægja, en þeir fela einnig í sér aukavinnu fyrir skólanefndarfolk og er þeim og skólastýrum þakkað fyrir vinnuna í ár og aftur til hamingju með afmælið. Við erum óendanlega stolt af skólanum og vinnunni sem þar fer fram.

Stjórn þakkar ennfremur Vilborgu framkvæmdastjóra fyrir frábært samstarf á árinu.

Það er gott og gagnlegt að líta um öxl og sjá hvað félögin hafa verið að gera á árinu með því til dæmis að fletta í gegnum fréttir á heimasíðunni okkar og sjá hvílík fjölbreytni og sköpunargleði sprettur fram í öllum landshornum. Leikfélög sem legið hafa í dvala hafa lifnað við eftir hlé, á meðan önnur taka sér pásu. Svona gengur þetta. Krafturinn er ykkar. Þar sem er fólk, þar er hægt að skapa.

Við hvetjum ykkur til að leita til skrifstofunnar og okkar stjórnarmanna með hvað eina sem þið eruð að velja fyrir ykkur varðandi starfið.

Leikum áfram - alltaf meira - aldrei að hætta.

Guðfinna Gunnarsdóttir formaður.



Formaðurinn í dulargervi

Skýrslur nefnda frá aðalfundi



Leiklistarskólinn

Skýrsla skólanefndar. Lögð fram á aðalfundi BÍL 6. maí 2017

Á liðnu starfsári sátu með mér í skólanefnd Dýrleif Jónsdóttir, Herdís Þorgeirsdóttir, Hrunn Ólafsdóttir og Gísli Björn Heimisson. Skólanefndin ber sem fyrr höfuðábyrgð á að skipuleggja starf Leiklistarskóla Bandalagsins og fundar reglulega allt árið. Ég nota þetta tækifæri til að þakka kærlega öllu samnefndarfolki mínu fyrir metnaðarfullt og skemmtilegt samstarf.

Leiklistarskóli Bandalagsins var settur í 20. sinn þann 4. júní 2016 að Húnavöllum í Húnavatnshreppi. Skólann árið 2016 sóttu alls 43 nemendur. Námskeiðin voru:

1. Leiklist I – kennari Ágústa Skúladóttir
2. Leikstjórn II – kennari Rúnar Guðbrands-son
3. Sérnámskeið fyrir leikara – kennari Stephen Harper frá Bretlandi.

Niðurstöður viðhorfskönnunar bentu eins og oftast áður til mikillar ánægju með skólastarfið.

Til að fagna 20 árunum var fyrrverandi skólastýru og skólanefndarfolki boðið í heimsókn í skólann. Til að gefa fleira fólki tækifæri til að gleðjast af þessu tilefni var blásið til sérstakrar afmælishátíðar Leiklistarskólans þann 18. mars í Hlégarði í Mosfellsbæ. Kom þar saman dágóður hópur og naut þess að rifja upp ljúfar minningar um gott skólastarf.

Pegar við fengum tilboð frá hótelhaldara að Húnavöllum fyrir árið 2017 blasti við mikil hækkun skólagjalda, sérstaklega á þeim tíma sem við töldum henta skólanum best. Nú er rekin gístiaðstaða allt árið um kring á

Húnavöllum og þar hefur aukist mikið ferðamannastraumurinn eins og annars staðar á landinu. Hugmynd kviknaði um að flytja í Reykjaskóla í Hrútafirði, við brunuðum á staðinn og náðum hagstæðum og farsælum samningum við staðarhaldara. Í Reykjaskóla eru reknar skólabúðir fyrir grunnskólanemendur allan veturinn, staðarhaldari kærir sig ekki um reka hótél á sumrin en vill gjarnan taka á móti hópum og ekki síst sama hópnum ár eftir ár. Þarna er mikið og gott gisti-rými, ágætt kennslurými og fín aðstaða að flestu öðru leyti, t.d. sundlaug, heitir pottar og gufubað. Aðstaða fyrir fatlað fólk er ekki fullkomin en þó að mörgu leyti betri en að Húnavöllum. Við teljum okkur einstaklega heppin að hafa fundið þennan stað og horfum björtum augum fram á að geta verið þarna næstu árin

Árið 2017 verður Leiklistarskólinn sem sagt settur í Reykjaskóla þann 12. júní. Skólasetning er á mánudagsmorgni að þessu sinni og skólaslit á þriðjudegi vikunni á eftir. Þetta er óvenjulegur tími sem ræðst af þeim stutta fyrirvara sem við höfðum til stefnu. Okkur finnst spennandi að prófa þetta en höldum því opnu að fara aðrar leiðir að ári liðnu ef það er talið gefast betur. Í sumar er boðið upp á þrjú námskeið:

Ágústa Skúladóttir mun kenna Leiklist II – þar eru skráðir 10 nemendur og við viljum gjarnan bæta við fleirum – hvetjum alla viðstadda til að íhuga það vandlega hvort

það eru ekki einhverjir leikfélagar sem eiga erindi á þetta námskeið. Í þessu samhengi langar mig að geta þess að skólanefndin ákvað fyrir nokkrum árum að bregðast við áskorun um að hafa þéttari grunnnámskeið í leiklist – það er leiklist I og leiklist II til skip-tis. Þetta höfum við gert frá 2010 og í ár því lokið 4 svona hrinum. Nú veltum við því fyrir okkur hvort ástæða er til að hægja á aftur og það er í umræðunni að bjóða ekki upp á leiklist I sumarið 2018. Þá gefst á móti tækifæri til að vera með fjölbreyttari sérnám-skeið fyrir lengra komna en það virðist tölu-verð eftirspurn eftir slíkum námskeiðum. Það væri gaman að fá viðbrögð við þessu.

Rúnar Guðbrandsson mun stýra master-class námskeiði í leikstjórn í sumar – þar eru skráðir 13 nemendur og hægt að bæta 1 við.

Þorsteinn Bachmann kemur til okkar í fyrsta sinn og býður upp á sérnámskeið fyrir leik-ara með áherslu á sjálfstæði og frumsköpun leikarans – þar eru skráðir 15 nemendur og til greina kemur að bæta 3 við.

Þá bjóðum við höfundum að koma í heim-sókn og eigum von á alls 7 skapandi skrif-urum.

Hér lýkur þá skýrslu skólanefndar sem hlakkar mikið til að móta skólastarfið á nýjum og spennandi stað! Takk fyrir.

Hrefna Friðriksdóttir.



Húnavallaskóli kvaddur



Leiklistarvefurinn

Skýrsla vefnefndar 2017.
Lögð fram á aðalfundi BÍL 6. maí 2017

Eftirfarandi er skýrsla vefnefndar Leiklistar-vefsins. Í vefnefnd sitja undirritaður og fram-kvæmdastjóri Bandalagsins.

Engar stófréttir eru af Leiklistarvefnum að þessu sinni miðað við undanfarin ár og er skýrslan því með styttra móti. Undanfarin 2 ár hafa einkennst af mikilli vinnu eftir upp-færsluna stóru sem gerð var árið 2015 og auðvitað ekki síst við nýja umsóknakerfið en minna hefur verið um stórar breytingar í ár. Vefurinn hefur þó verið í sífelldu viðhaldi, þar sem uppfæra þarf kerfið sjálft og allar þær fjölmörgu viðbætur sem því fylgja. Kosturinn við nýja kerfið er vitaskuld sá að ekki þarf lengur að kaupa utanaðkomandi til að sjá um allar mögulegar uppfærslur heldur eru þær vanalega tiltölulega einfaldar aðgerðir. Sveigjanleikinn í kerfinu er ótrúleg breyting frá því sem áður var. Kosturinn sem fylgir því að ekki þurfi að kaupa vinnu að utan er þó auðvitað einnig galli þar sem nánast allt er nú gert innanhúss. Viðhald og umsjón tekur

mun meiri tíma nú en áður enda er öll virkni og notkun margfalt meiri en áður var.

Mesta vinnan og viðhaldið er í kringum umsóknakerfið sem krefst töluverðs utanum-halds og vinnu. Umsóknakerfi er sennilega óheppilegt orð á þessa viðbót við vefinn og formasmíður væri líklega réttara heiti. Kerfið er nefnilega hægt að nota á ýmsan annan hátt en fyrir umsóknir um ríkisstyrk og Athyglisverðustu áhugaleiksýninguna. Notin eru þó langmest fyrir styrkumsóknirnar og vinnan sem fylgir er í samræmi við það. Reglulega þarf að aðstoða notendur vegna ýmissa vandamála sem eru þó jafnan einföld og auðleyst en taka alltaf einhvern tíma. Nú er ekki lengur hægt að skila inn á gamla mátann og má búast við að þau fáu félög sem ekki voru búin að fá aðgang komi með á næstu vikum. Ekki höfum við heyrt annað en að almenn ánægja ríki með að hægt sé að ganga frá umsóknunum á vefnum í stað pappírflóðsins sem áður var.

Umsóknirnar skila sér nú inn á til þess að gera einfaldan máta en enn á eftir að leysa nokkur mál sem varða úrvinnsluna. Það er von okkar að hægt sé að fá fram meiri sjálfvirkni í þann hluta þannig að dragi úr þeirri vinnu sem lögð er á framkvæmdastjóra í tengslum við úthlutun.

Að öðru leyti gengur vinna við vefinn sinn vanagang. Vefverslunin skilar t.d. sínu enda heldur Vilborg vel utan um hana þannig að viðskiptavinir geta ávallt séð vöruúrvalið á hverjum tíma. Pantanir eru svipað margar og á síðasta ári. Enn er ekki komið að því að bjóða fólki að greiða á vefnum en að því mun koma.

Oft er það þannig að lítt sýnilegar breytingar eru gerðar á vefnum, breytingar sem fólk almennt tekur ekki eftir. Undanfarna

daga kunna einhverjir að hafa séð einhverja hnökra á vefnum en skýringin á því er að loks komum við okkur að því að koma upp HTTPS virkni á vefnum sem var löngu tíma-bært. Eitthvað er eftir að þússa til vegna þess en væntanlega munu gestir ekki verða þess varir.

Ekki eru miklar breytingar eða uppfærslur í vændum á vefnum á næsta ári. Eins og alltaf eru allar góðar ábendingar og hugmyndir varðandi Leiklistarvefinn vel þegnar. Á síðasta ári benti undirritaður á að farið væri að slá í ýmislegt í tölvukosti Þjónustu-miðstöðvarinnar og þau orð eiga enn við.

Lýkur svo skýrslu Vefnefndar.

*F.h. vefnefndar,
Hörður Sigurðarson, lénsherra*

Allt fyrir andann

Sameiningarsöngur Bandalags íslenskra leikfélaga

Það mælti mín móðir
að mér skyldi kaupa
fleyg af fegursta véni.
En látéins og leikstjórinn
– lítið mig staupa'
en ég stressast svo þegar ég sýni.

Og botnlanginn brostinn
og bévítans sárin í maganum,
hvað ég er kvalinn.
Og gómana gleypiti'
en ég gat gegnum tárin
brosað samt út í salinn.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son
ég er ykkar systkin, það er engin von
í heiminum fyrir handan
Bandalagið.
Sem elding leiftri inni mér
mitt annað heimili er hér
er allt fyrir andann
Bandalagið.

Og víst er að vörðinn
við vandlega stöndum
um menningararfinn okkar.
Af hugsjónahita
á hrollköldum ströndum
Íslands – því leikhúsið lokkar.

Sá grátur, sú gleði
sá galdur að skapa
fegurð oft furðu vekur.
En ef ég er álitinn
ærunni tapa
af að leika er ljóst ég er sekur.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son
ég er ykkar systkin, það er engin von
í heiminum fyrir handan
Bandalagið.
Sem elding leiftri inni mér
mitt annað heimili er hér
er allt fyrir andann
Bandalagið.

Lag: Oddur Bjarni Þorkelsson og Sigurður Illugason
Texti: Oddur Bjarni Þorkelsson

Leiklistarskóli Bandalags ísl. leikfélaga 2016

Leiklistarskóli Bandalagsins var settur í 20. sinn þann 4. júní 2016 að Húnavöllum í Húnavatnshreppi og honum slitið sunnudaginn 12. júní.

Skólann árið 2016 sóttu alls 43 nemendur.

Námskeiðin voru:

1. Leiklist I – kennari Ágústa Skúladóttir.
2. Leikstjórn II – kennari Rúnar Guðbrandsson.
3. Sérnámskeið fyrir leikara – kennari Stephen Harper.

Auk kennara og nemenda voru þær skólastýrur Hrefna Friðriksdóttir og Dýrleif Jónsdóttir á staðnum allan tíman og héldu utan um starfsemina eins og þeim einum er lagið.

Textinn hér á eftir er úr kynningarbæklingi skólans:



Hrefna Friðriksdóttir



Dýrleif Jónsdóttir

Námskeiðið er grunnnámskeið fyrir leikara og þeir ganga fyrir sem ekki hafa sótt Leiklist I. Næsta sumar verður haldið framhaldsnámskeið sem byggir á þessu námskeiði.

Á námskeiðinu verður farið í grunnatriði í list leikarans. Lögð verður áhersla á að leysa úr viðjum frumorku, einlægni og sköpunargleði, samband leikarans við sjálfan sig, meðleikara og áhorfendur.

Unnið verður með líkamsbeitingu og texta og einnig verður kíkt á mismunandi leikaðferðir eða leikstíla eins og t.d. trúðleik-harmleik-Bouffon og melodrama.

Nemendur munu takast á við agann sem þarf að vera til staðar í stórum, stílfærðum hópsenum en einnig verður farið í spuna í smærri hópum, tvíleik og stuttum einleikjum.

Mikilvægi liðsheildar hóps verður ríkjandi þáttur námskeiðsins því þegar hlustun og leikgleði ráða ríkjum getur allt gerst!

Mottó námskeiðsins: Einn fyrir alla – allir fyrir einn!!



Ágústa Skúladóttir

Leikstjórn II, grunnnámskeið – Kennari Rúnar Guðbrandsson



Rúnar Guðbrandsson

Námskeiðið er grunnnámskeið fyrir leikstjóra, framhald af Leikstjórn I frá fyrra ári.

Reiknað er með að þáttkendur hafi haft nokkur kynni af leikstjórn: undirbúningi leikstjórans, greiningarvinnu og skipulagningu áður en æfingar hefjast, en líka því verki sem fram fer á æfingartímanum með leikurum og öðrum aðstandendum. Útgangspunkturinn á Leikstjórn I var aðferð sem sótti fyrst og fremst innblástur í ævistarf Konstantins Stanislavskys, bæði hina „vitsmunalegu greiningu“ sem Stanislavsky þróaði framman af ferli sínum og „aðferð líkamlegra gjörða“ sem hann vann að er hann féll frá. Á þessu námskeiði, Leikstjórn II, munu fleiri áhrifavaldar svífa yfir vötnunum og í fyrirlestrum verður fjallað um ýmsa strauma og stefnur í leikstjórn síðustu aldar.

Þríeykið Stanislavsky, Brecht og Grotowski verða þar í brennidepli og meðul þeirra skoðuð í sambandi við tilganginn. Aðferðafræði, hugmynda-

fræði og fagurfræði ólíkra leikstjóra verða vegnar og metnar og bornar saman. Námskeið þetta verður jöfnum höndum fræðilegt og verklegt.

Eftir að skráningu lýkur verða öllum þátttakendum send tvö verk til skoðunar. Annað verkið fá allir og verður það lagt til grundvallar í sameiginlegri vinnu og hópkenndu. Að auki fær hver þátttakandi „sitt“ verk sem hann vinnur að sjálfstætt samhliða hinu. Kennari mun einnig senda þátttakendum verkefni til að íhuga og leysa áður en námskeiðið hefst, þannig að ákveðins undirbúnings verður krafist. Kennsla fer fram með ýmsum hætti; fyrirlestrar, umræður, verklegar æfingar, einstaklingsverkefni, hópverkefni, o.s.frv. Brettið upp ermar og spýtið í lófa.

Leiklist, sérnámskeið – Kennari Stephen Harper



Stephen Harper

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa sótt Leiklist I og II eða sambærileg námskeið eða hafa umtalsverða reynslu af leiklist. Námskeiðið fer fram á enslu.

Lýsing Stephens á námskeiðinu:

This course will look at different aspects of physical theatre in order to devise comic gags, routines, sketches and more.

We will look at games and exercises to explore improvisation, physicality and complicity.

Full-mask will be explored to look at physical technique and the ability to communicate non-verbally.

We will look at clown to see how to play on stage.

Roots of commedia del arte will be used to discover what skills are needed by performers to create anarchic theatre full of verbal and physical gymnastics.

Using all of this we will look at physical and visual approaches to Shakespeare, when theatre turns into dance and theatrical transformation.

Above all my work is about giving the actor/performer a chance to create whilst having a great deal of fun.

Nemendur Ágústu

Anna María Hjálmarsdóttir
Birgitta Brynjarsdóttir
Birna Ösp Traustadóttir
Davíð Alexander Ö. Christensen
Guðný Lára Gunnarsdóttir
Hafðís Eygló Jónsdóttir
Halldóra Ósk Eiríksdóttir
Íris Lilja Blandon
Kristbjörg Sigtryggisdóttir
Ragnar Bollason
Ragnhildur Ýr Gunnarsdóttir
Sara Rós Guðmundsdóttir
Stefán Örn Viðarsson
Tristan Theodorsson
Viktor Ingi Jónsson

Nemendur Rúnars

Aðalsteinn Jóhannsson
Árný Leifsdóttir
Guðný Hildur Magnúsdóttir
Helga Ósk Snædal Þórormsdóttir
Jónheiður Ísleifsdóttir
Magnþóra Kristjánsdóttir
Ólafur Þ. Þórðarson
Pétur Már Guðjónsson
Sigrún Tryggvadóttir
Stefán H. Jóhannesson
Úlfhildur Örnólfsdóttir
Þórfríður Soffía Þórarinsdóttir

Nemendur Stephens

Björgúlfur Egill Pálsson
Erna Björk Hallbera Einarsdóttir
Fanney Valsdóttir
Guðfinna Gunnarsdóttir
Hrund Ólafsdóttir
María Björt Ármannsdóttir
Oddfreyja H. Oddfreysdóttir
Rakel Ýr Stefánsdóttir
Sara Blandon
Sigríður Bára Steinþórsdóttir
Sigríður Hafsteinsdóttir
Sigurveig Mjöll Tómasdóttir
Stefanía E. Hallbjörnsdóttir
Ylfa Mist Helgadóttir
Þórdís Sigurgeirsdóttir
Þórunn Guðmundsdóttir




Allur hópurinn sparíklæddur fyrir lokavöldverðinn

Myndir frá hátíðakvöldverði á Húnavöllum

20 ára afmæli skólans fagnað. Gestir voru Sigríður Karlsdóttir fyrrum skólastýra, Þorgeir Tryggvason og Huld Óskarsdóttir, fyrrum skólanefndarfolk, og Vilborg framkvæmdastjóri ásamt núverandi skólanefnd, þeim Hrefnu Friðriksdóttur, Dýrleifu Jónsdóttur, Hrund Ólafsdóttur, Herdísí Þorgeirsdóttur og Gísli Birni Heimissyni.



Myndir úr skólastarfinu



Verkefni og skýrslur aðildarfélaganna



Borgarbörn - Lyftan

Borgarbörn

Skýrsla stjórnar 2016-2017:

Stjórn skipa: Erla Ruth Harðardóttir formaður, Ragnheiður Hall gjaldkeri, Steinunn Hall ritari, Elfar Elí Schweitz Jakobsson meðstjórnandi og Marólína G. Erlendsdóttir meðstjórnandi.

Borgarbörn, barna og unglingleikhús brá út af vananum þetta leikár og var engin uppsetning á vegum þess.

Árlegu jóla-leikrita félagsins undanfarin 10 ár, var sárt saknað, sérstaklega af grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu sem gripið hafa fegins hendi þá tilbreytingu að fara með nemendur sína í leikhús í desembermánuði. Formaður stjórnar, sem jafnframt hefur borið hitan og þungan af flestum uppsetningum leikhússins, naut þó að einhverju leiti þeirrar óvanlegu hvíldar sem hann fékk í desembermánuði.

Ekki er reiknað með uppsetningu leikhússins um jólin 2017.

Hvað verður síðan eftir það er óráðið.

Eins og fram kom í síðustu ársskýrslu stofnuðu Borgarbörn kvikmyndasmiðju og hafa nú sex stuttmyndir verið framleiddar undir nafni okkar. Tvær á síðasta leikári og fjórar núna 2016-2017. Nýjustu afurðirnar heita Heimilið, Vetrarkonungurinn, Kolbeinn og Lyftan.

Kvikmyndasmiðja Borgarbarna er komin til að vera.

F.h. stjórnar Borgarbarna, barna- og unglingleikhúss

Erla Ruth Harðardóttir formaður

Freyvangsleikhúsið

Góðverkin kalla

Höfundar Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson, Þorgeir Tryggvason
Leikstjórar Margrét Sverrisdóttir, Oddur Bjarni Þorkelsson
Þátttakendur 14
Sýningafjöldi 18
Áhorfendur 1600



Freyvangsleikhúsið - Góðverkin kalla

Halaleikhópurinn

Farið

Höfundur Ingunn Lára Kristjánsdóttir
Leikstjóri Margret Guttormsdóttir
Þátttakendur 40
Sýningafjöldi 7
Áhorfendur 168

Tafl

Höfundur Ágúst Torfi Magnússon
Leikstjóri Snorri Emilsson
Þátttakendur 5
Sýningafjöldi 3
Áhorfendur 46

Habibi – Ástin mín

Höfundur Leikhópurinn
Leikstjóri Edna Lupita
Þátttakendur 8
Sýningafjöldi 3
Áhorfendur 46

Lambasteik hjá Ömmu

Höfundur Helga Völundardóttir Draumland
Leikstjóri Gunnar Gunnarsson
Þátttakendur 10
Sýningafjöldi 3
Áhorfendur 46



Halaleikhópurinn - Farið

Skýrsla stjórnar Halaleikhópsins 2016 – 17:

Í stjórn sitja:

Formaður: Unnar Helgi Halldórsson.

Varaformaður: Stefanía Björk Björnsdóttir.

Gjaldkeri: Ólöf I. Davíðsdóttir.

Ritari: Ása Hildur Guðjónsdóttir.

Meðstjórnandi: Margret Guttormsdóttir.

Varastjórn: Jón Eiríksson, Hanna Margrét Kristleifsdóttir og Leifur Leifsson.

Stjórn hefur haldið 26 formlega stjórnarfundum auk fjölmargra óformlegra funda. Einnig hefur stjórn unnið í gegnum hóp á facebook þar sem ýmis mál hafa verið rædd og leidd til lykta. Tveir félagsfundir voru haldnir á tímabilinu.

Ingunn Lára Kristjánsdóttir skrifaði fyrir okkur leikritið Farið sumarið 2016 sem við frumfluttum í leikstjórn Margrétar Guttormsdóttur, frumsýnt var 4. nóv. 2016.

Að uppsetningu Farsins komu um 40 manns svo það er ekki annað hægt að segja að virkni hafi verið góð og þökkum við þeim öllum fyrir frábært starf. Hver og einn skiptir miklu máli, þetta er ein keðja sem þarf til að setja leikrit á svið. Sýndar voru 7 sýningar, aðsókn var dræm.

Við höldum nokkur skemmtikvöld þar sem spilað var og spjallað.

Eitt bíókvöld höldum við þar sem Fílamadurinn var sýndur í uppsetningu leikhópsins.

Keyptur var nýr prentari og farsími. Okkur var gefin uppgerð tölva og skjár fyrir hljóðborðið.

Stuttverkahátíð var haldin í mars. Þrjú stuttverk voru sýnd:

Tafl eftir Ágúst Torfa Magnússon í leikstjórn Snorra Emilssonar, Lambasteik hjá ömmu eftir Helgu Völundardóttur Draumland í leikstjórn Gunnars Gunnarssonar og Habibi – Ástin mín var leikstýrt af Ednu Lupitu. Verkið er dansleikverk sem samið er af hópnum.

Ingi Hrafn Pálsson og Þráinn Andreusson sáu um kynningar og tónlist og milli atriða.

Fjöldi félaga og annara utanfélagsmanna tóku þátt í að gera þessa helgi að veruleika og sköpunin var í algleymi. 3 sýningar voru á tveim dögum.

Fjórir stjórnarmeðlimir sóttu námskeið í stjórnun leikfélaga á vegum BÍL í maí.

Formaður hugðist sækja aðalfund BÍL í Hlíð í Ölfusi í maí en forfallaðist vegna veikinda.

Við erum búin að ráða leikstjóra sem er Pröstur Guðbjartsson.

Stjórn vill þakka félagsmönnum fyrir þátttökuna í verkefnum Halaleikhópsins án þátttöku þeirra væri ekki hægt að halda úti svona starfi. Hver hlekkur í keðjunni er mikilvægur. Einnig bjóðum við nýja félagsmenn velkomna.



Halaleikhúpurinn - Lambasteik

Hugleikur

Skýrsla formanns:

Á liðnu leikári hefur margt gerst þó það hafi ekki ratað á fjalirnar. Árið hófst á að Hugleikur styrkti 6 nemendur til að fara í Leiklistarskóla BÍL.

En að öðruleyti hefur starfsemin einkennst af húsnæðisleit og skoðun fasteigna.

Rejavíkurborg kallaði stjórn á fund en leikfélagið hafði list áhuga á húsnæði í Gufunesi. Ekki varð neitt úr að okkur yrði úthlutað húsnæði á vegum borgarinnar en okkur var gert ljóst að húsnæði í Gufunesi yrði leigt fyrir pening og ekki lánað undir starfsemi að neinu tagi. Hugleikur sótti líka um rekstrarstyrk til borgarinnar eins og undanfarin ár en að þessu sinni var okkur ekki úthlutað neinum fjármunum til styrktar starfseminni.

Á haustmánuðum festi félagið kaup á eign að Langholtsvegi 109-111. Húsnæðið er 150 fm á jarðhæð og í því eru 2 flóttaleiðir. Til glöggvunnar var Eyjaslóðin 209 fm með öllu. Húsnæðið er ekki nægilega stórt til að setja upp stórar sýningar, en þar mun fara vel um starfsemina og minni dagskrár. Þannig að kraftar stjórnar hafa farið í þessi kaup og stúss í kring um þau. Húsnæðið fáum við svo afhent 1. ágúst 2017.

Það fóru 3 fulltrúar á námskeið í stjórnun leikfélaga í tengslum við aðalfund BÍL nú í maí og komu heim með fínt plagg sem er skipurit unnið fyrir leikfélag Selfoss og hefur stjórn hug á að aðlaga það að þörfum Hugleiks.

Stjórnarfundir hafa verið 9 talsins frá síðasta aðalfundi og töluvert notast við facebook hóp stjórnar, sem stundum reynist skilvirkara í praktískum málum.

Vonandi verður þessi hvíld happadjúg fyrir félagið og við sameinumst um að búa til gott leikhús með sköpun og fjölbreytni að leiðarljósi. Ég hlakka til komandi leikárs.

Ég vil að lokum þakka stjórnarmönnum samvinnuna og þá sérstaklega gjaldkeranum sem hefur mikið mætt á síðastliðið ár.

F.h. stjórnar

Dýrleif Jónsdóttir formaður.

Leikdeild Umf. Grettis

Engin starfsemi var hjá leikhópnum á liðnu leikári.

Undirbúningur mun hefjast í byrjun september fyrir komandi leikári með uppsetningu á söngleik.

Ingibjörg Jónsdóttir, formaður



Umf. Stafholtstungna - Einn koss enn ...

Leikdeild Umf. Stafholtstungna

Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan

Höfundur Marc Camoletti
Þýðandi Sigurðar Atlason
Leikstjóri Hörður Sigurðarson
Þátttakendur 6
Sýningaföldi 8
Áhorfendur 298

Leikfélag A-Eyfellinga

Emil í Kattholti

Höfundur Astrid Lindgren
Þýðandi Guðjón Ólafsson
Leikstjóri Margrét Tryggvadóttir
Þátttakendur 16
Sýningaföldi 2
Áhorfendur 203

Úlfur gerist kennari og Ævintýrafréttir

Höfundur W.J.Wolf
Þýðandi Margrét Tryggvadóttir
Leikstjóri Margrét Tryggvadóttir
Þátttakendur 16
Sýningaföldi 1
Áhorfendur 82

Skýrsla stjórnar leikárið 2016-2017:

Stjórn félagsins skipa:

Guðrún Inga Sveinsdóttir, formaður
Ármann Fannar Magnússon, gjaldkeri
Margrét Tryggvadóttir, Ritari

Leiklistarstarf barna hefur farið fram eins og undanfarin ár. Æfingar tvisvar sinnum í viku, tveir hópar barna á aldrinum 9-13 ára. Fyrir jól var sett upp leikritið Úlfur gerist kennari eftir J. Wolf og Ævintýrafréttir eftir sama höfund í þýðingu Margrétar Tryggvadóttur, sem leiðbeindi og leikstýrði krökkunum. Sýnt var einu sinni í Hvolnum.

Eftir jól hófust síðan æfingar á leikritinu Emil í Kattholti eftir Astrid Lindgren í þýðingu Guðjóns Ólafssonar. Leikstjóri var Margrét Tryggvadóttir. Sýndar voru tvær sýningar á vordögum og almenn ánægja með frammistöðu krakkanna.



Leikfélag A-Eyfellinga - Emil í Kattholti

Það er gaman að segja frá því að þegar kemur að Stóru upplestrarkeppninni þá eru það krakkarnir sem hafa stundað leiklistaræfingarnar sem standa sig best. Það er ótrúlegt að leiklist sé ekki á dagskrá í öllum skólum landsins. Samkvæmt aðalnámskrá þá á það að vera. Það væri verðugt

verkefni fyrir BÍL að berjast fyrir því.

Við fengum Kómedíuleikhúsið til að koma með einleikinn Gísla frá Uppsölum hingað til okkar og var sýnt á Heimalandi undir Vestur-Eyja fjöllum og í Fossbúð undir Austur-Eyja fjöllum. Heppnaðist þetta mjög vel.



Leikfélag Fljótsdalshéraðs - Maður í mislitum sokkum

Leikfélag Fljótsdalshéraðs

Maður á mislitum sokkum

Höfundur Arnmundur Bachmann
Leikstjóri Almar Blær Sigurjónsson
Þátttakendur 8
Sýningafjöldi 8
Áhorfendur 470



Skýrsla stjórnar vegna leikársins 2016-2017:

Stjórn félagsins var þannig skipuð:
Einar Rafn Haraldsson, formaður
Eva Hrund Sigurðardóttir Kjerulf, ritari
Kristján Birgisson, féhirðir
Fjola Sverrisdóttir, meðstjórnandi
Gunnar Gestsson, meðstjórnandi

Varamenn:

Þór Ragnarsson
Borgþór Svavarsson
Gunnar Gestsson lét af störfum um mitt tímabilið og Þór Ragnarsson tók við sem meðstjórnandi.

Á starfsárinu voru haldnir 10 formlegir stjórnarfundir, helstu viðfangsefni voru varðandi sýningarhúsnæði fyrir félagið, framkvæmd 50 ára afmælis LF, en afmælisdagurinn var 31. ágúst 2016, og val á leikritum til sýninga veturinn 2016-2017.

LF tók þátt í hátíðahöldum á Ormsteiti 10.-14. ágúst 2016 með því að valinn hópur leiklas atriði úr leikritum með aðstoð hátíðargesta og sérfræðingar félagsins sminkuðu unga aðdáendur á barnahátíð Ormsteitis 13. ágúst. Hefð er fyrir því að félagið taki þátt í hátíðinni og oft hefur það verið gert með atriðum úr leiksýningum, en þetta sinn var annar háttur hafður á og féll vel að barnahátíðinni.

Hálfrar aldar afmælis félagsins var að sjálfsögðu aðal verkefni starfsársins. Afmælisnefnd, sem í sátu Sigurjón Bjarnason, Halldóra M. Pétursdóttir og Stefán Bogi Sveinsson, skilaði tillögum um afmælisdagskrá til stjórnar félagsins, sem fylgt var að mestu leiti. Meðal þess sem fram kemur í tillögum nefndarinnar var tillaga um sérstakt afmælismerki LF til notkunar á afmælisári og má sjá það í upphafi skýrslunnar.

Afmælisins var minnst á verðugan hátt með afmælishátíð í Valaskjálfi og afmælis-sögunýningu í Sláturhúsinu, menningarmiðstöð, en þar var saga félagsins rakin á myndrænan hátt á nokkurra metra löngum veggborða og með sýningu á leikmunum og búningum ásamt skyggusýningum. Dúrri – Krístrún Jónsdóttir – var útnefnd heiðursfélagi LF og sæmd silfurmerki þess.

Undirbúningur afmælishátíðar hófst formlega að loknum aðalfundi félagsins þ. 22. maí 2016. Þema og verkefni sjálfrar hátíðarinnar, sem haldin var laugardaginn 12. nóvember og sunnudaginn 13. nóvember 2016 í Valaskjálfi, voru leikin og sungin lög úr söngleikjum og leikritum sem félagið hefur sett á svið og jafnframt gengu skyggnu-sýningar með myndum tengdum félaginu stöðugt fyrir

sýningu og meðan á henni stóð. Eðlilega voru haldnir margir fundir innan stjórnar og með ýmsum aðilum utan félagsins, m.a. annarra Sláturhússtjóra, forstöðumanni félags- og menningarsviðs bæjarfélagsins, skólastjórnum tónlistarskólanna, formönnum kóra og sönghópa, svo og kórstjórum. Hvar sem leitað var eftir var fólk reiðubúið að koma að verkefninu og munu hátt í 90 manns hafa komið fram á 2 sýningum og áhorfendur um 750 samtals. Aðgangur var ókeypis.

Austfirðingar ávarpaðir:

Hér er texti af heimasíðu sveitarfélagsins:
12. nóvember 2016 klukkan 20:30 til 13. nóvember 2016 klukkan 17:00

„Leikfélag Fljótsdalshéraðs hélt upp á 50 ára afmæli sitt um helgina. Tvær sýningar voru haldnar í Valaskjálfi, þar sem fluttu voru lög úr nokkrum af ótal sýningum leikfélagsins. Á laugardagskvöld var Krístrún Jónsdóttir, Dúrri, heiðruð og gerð að fyrsta heiðursfélaga félagsins. Halldóra Malín Pétursdóttir ein af „uppeldisbörnum“ félagsins flutti ræðu og þakkaði Dúrru uppeldið og það sem hún hefur gert fyrir leikfélagið öll árin. Dúrri þakkaði fyrir sig og minnst á að hún hefði nú ekki verið með öll 50 árin – fyrsta árið hefði enginn vitað að hún hefði áhuga á leikhússtarfi. Fyrsta formlega leiksýning Leikfélag Fljótsdalshéraðs var „Upp til selja“ árið 1966. Félagið var stofnað í kjölfar þess að áhugafólk sýndi „Skugga-Svein“ við opnun félagsheimilisins Valaskjálf 17. júní það sama ár.



Leikfélag Fljótsdalshéraðs - Maður í mislitum sokkum

Í tilefni af afmælinu hefur verið sett upp sýning, með munum og myndum af starfi félagsins, í Sláturhúsinu, menningarmiðstöð á Egilsstöðum. Sýningin er opin frá klukkan 9.00 til 17.00 alla virka daga. Þar verða einnig sýndar gamlar vídeóupptökur af uppsetningum félagsins næstu fimmtudagskvöld.“

Hér er texti af heimasíðu Tónlistarskólans á Egilsstöðum:

LEIKFÉLAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS 50 ÁRA
18.11.2016

„Um helgina var blásið til mikillar tónlistarveislu í Valaskjálfi til þess að fagna því að Leikfélag Fljótsdalshéraðs er nú 50 ára. Dagskráin var flutt laugardagskvöldið 12. nóvember kl. 20:30 og aftur á sunnudeginum kl. 16:00. Nemendur og kennarar Tónlistarskólans tóku virkan þátt í hátíðahöldunum og fluttu lög úr þó nokkrum af þeim leiksýningum sem Leikfélagið hefur sett upp í gegn um árin. Nemendur skólans, í góðu samstarfi við nemendur í Tónlistarskólanum í Fellabæ, fluttu lög úr Kardimommubænum og Skilaboðaskjóðunni. Lúðrasveit Fljótsdalshéraðs, sem æfir í skólanum og sem bæði nemendur og kennarar skólans eru virkir þátttakendur í, lék lag úr Fiðlaranum á þakinu. Tveir af söngnemendum skólans sungu einnig lag úr Fiðlaranum ásamt núverandi og fyrrverandi kennurum skólans. Stúlknakórinn Liljurnar söng lög úr Galdrakarlinum í Oz, Karíusi og Baktusi og Gullna hliðinu. Kennarar skólans og nemendur komu einnig að flutningi á lögum úr My Fair

Lady, Túsildingsóperunni, Don Kíkóta, Ég er hættur! Farinn!, Saumastofunni, Hér stóð bær og Þrek og tár.

Það er því óhætt að segja að Tónlistarskólinn hafi heldur betur látið að sér kveða í þessari stórs-kemmtilegu afmælisveislu.

Við þökkum Leikfélagi Fljótsdalshéraðs fyrir samstarfið um þetta verkefni um leið og við óskum þeim innilega til hamingju með árin 50!“

Einar Rafn Haraldsson, formaður



Leikfélag Hafnarfjarðar - Stuttverkahátíðin Hið endanlega

Leikfélag Hafnarfjarðar

Besta útgáfan af þér

Höfundur Oddfreyja Halldóra Oddfreysdóttir
Leikstjóri Ingveldur Lára Þórðardóttir
Þátttakendur 3
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 54

Læknavaktin

Höfundur Aðalsteinn Jóhannsson
Leikstjóri Stefán H. Jóhannesson
Þátttakendur 4
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 54

Je t'aime

Höfundur Ólafur Þórðarson
Leikstjóri Aðalsteinn Jóhannesson
Þátttakendur 3

Sýningarfjöldi 1
Áhorfendur 54

Flekklaus

Höfundur Ingveldur Lára Þórðardóttir
Leikstjóri Adam Thor Murtoomaa
Þátttakendur 3
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 54

Dimma Limm

Höfundur Gísli Björn Heimisson
Leikstjóri Leikhópurinn
Þátttakendur 3
Sýningafjöldi 2
Áhorfendur 145

Að eilífu

Höfundur Gísli Björn Heimisson
Leikstjóri Björgúlfur Egill Pálsson
Þátttakendur 2
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 54

Skýrsla formanns Leikfélags Hafnarfjarðar 21. ágúst 2017:

Þetta er búið að vera skrýtið ár.

Á þessu leikári höfum við afrekað ýmislegt. En samt er leikfélagið búið að vera í lægð. Ekki síst vegna þess að við höfum ekki lengur húsnæði fyrir starfsemi félagsins.

Seinasta júní þá fórum við með Ekkert að óttast á fjalir Þjóðleikhússins, sem valin var athyglisverðasta leiksýning ársins. Tíu dögum seinna fór síðan LH með Ubba kóng til Austurríkis þar sem við sýndum við góðan orðstír.

Þegar heim var komið þá tóku við samningsumleitanir við Gaflaraleikhúsið og Hafnarfjarðarbæ í kjölfar aðalfundar þar sem lagt var í hendur stjórnar að finna lausn á viðvarandi húsnæðisvanda leikfélagsins, skemmst er frá því að segja að samningavilji Gaflaraleikhússins og Hafnarfjarðarbæjar var af skornum skammti, og endaði það á því að LH ákvað að endurnýja ekki samning LH og Gaflaraleikhússins. Í öllum samskiptum okkar við Hafnarfjarðarbæ þá hefur bæjarstjóri lýst yfir vilja til að aðstoða okkur og

núna í júní síðastliðinn þá var okkur lofað því að bærin myndi styrkja okkur um húsaleigu ef við fyndum eitthvað húsnæði. Sú leit stendur nú yfir og auglýstum við í Fjarðarfréttum síðastliðinn fimmtudag. Enn sem komið er höfum við ekki fengið nein viðbrögð. Einnig er áætlað að auglýsa í Fjarðarpóstinum, en þau hafa ekki svarað beiðni um birtingu auglýsingar.

Einnig hefur leikfélagið lagt inn beiðni um húsnæði í eigu bæjarins. Það húsnæði er Kapella St. Jósefsspítala, en niðurstaða í því fæst ekki fyrir en í fyrsta lagi 15. október, þar sem nefnd á vegum bæjarins skilar þá niðurstöðu um notkun á St. Jósefsspítala.

Auk Þjóðleikhússins og Austurríkis, þá sýndi LH stuttverkið Dimma Limm á NEATA stuttverkahátíð í Færeyjum í október.

Seinna í október þá lauk LH veru sinni í Gaflaraleikhúsinu með stuttverkasýningunni Hið Endanlega, sem er í tólfta skiptið sem við erum með stuttverkasýningu undir yfirskriftinni Hið vikulega.

Eftir þá sýningu hefur starfsemi leikfélagsins legið niðri að mestu. Höfundasmiðjan kláraði verkið Ferðamaður deyr, sem áætlað var að setja upp á leikárinu, en vegna húsnæðiseklu hefur það ekki gerst. Við sjáum til hvað úr verður á næsta leikári. Dvergur var rifinn, þar sem við vorum með geymslu, og erum við núna með eigur félagsins í gámi.

Í júní síðastliðinn þá fór stór hluti LH í bandalagskólann, 13 félagar voru þar við nám og skriftir, þar af 10 sem fengu styrk frá LH.

Leikfélagið var valið til að sýna Ubba kóng á stærstu áhugaleiklistarhátíð í heimi, IATA leiklistarhátíðinni í Mónakó, og er hópurinn nú að æfa í húsnæði Leikfélags Kópavogs og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir lán á aðstöðu þar. LH sýnir Ubba kóng þann 29. og 30. ágúst í Theatre Princesse Grace í Mónakó.

Að lokum vil ég bara segja þetta. Ekki örvænta þó leikfélagið sé í lægð, það stytir upp um síðir. Þegar við erum komin í húsnæði þar sem við

getum gert það sem við viljum gera og erum ekki háð duttlungum annarra þá skín sólin að nýju.

*f.h. stjórnar Leikfélags Hafnarfjarðar,
Gísli Björn Heimisson, formaður*



Leikfélag Hofsóss

Maður í mislitum sokkum

Höfundur Arnmundur Backman
Leikstjóri Þröstur Guðbjartsson
Þátttakendur 26
Sýningafjöldi 9
Áhorfendur 650

Starfsskýrsla Leikfélags Hofsóss 2016-2017.

Aðalfundur Leikfélags Hofsóss var haldinn í Félagsheimilinu Höfðaborg þann 16. nóvember 2016. Þar kom fram að stjórn félagsins hafði fest sér leikstjóra fyrir verkefni vetrarins, Þröst Guðbjartsson, sem áður hafði sett upp tvö verk með félaginu og okkur því að góðu kunnur. Stjórn var falið að ganga frá vali á leikriti í samráði við leikstjóra.

Þröstur mætti í fjörðinn í byrjun febrúar og var þá ákveðið að taka til uppfærslu leikritið Maður í mislitum sokkum eftir Arnmund Backmann.

„Það er svolítið gaman frá því að segja að fyrir þó nokkuð mörgum árum las stjórnin okkar þetta leikrit og sá þá að persónur þess væru flestar talsvert of gamlar fyrir þann leikarahóp sem við

höfðum þá á að skipa. Síðan þá hefur þetta verk alltaf verið geymt í einhverri skúffu heilabúsins hjá undirritaðri - en alls ekki gleymt.

Svo skemmtilega vildi til að í haust þegar gengið var frá ráðningu við leikstjóran okkar, hann Þröst, þá nefndi hann það að hann langaði mikið til að setja þetta verk upp með okkur, sagðist einhvern veginn sjá okkur, þessa gömlu jálka leikfélagsins sem hann þekkir af fyrri kynnum, svo vel fyrir sér í þessum hlutverkum. Og nú, um það bil fimmtán árum eftir að þetta leikrit rak fyrst á fjörur okkar, erum við orðin nógu „fullorðin“ til að takast á við það!“ segir í ávarpi formanns í leikskrá með verkefni félagsins í vetur.

Æfingar gengu mjög vel, nægur tími var ætlaður til verksins, ótrúlega lítið var um forföll eða aðrar óvæntar uppkomur og var frumsýnt þann 24. mars í Félagsheimilinu Höfðaborg. Sýningar urðu níu, þær tvær síðustu um páskana fyrir fullu húsi, og var áhorfendafjöldi um 650 manns. Almennt er talið að gestir hafi skemmt sér hið besta. Leikarar í sýningunni voru átta en í heildina unnu 26 manns að sýningunni.

Í júní tók leikfélagið að vanda þátt í kvöldvöku á Jónsmessuhátíð á Hofsósi.

Fríða Eyjólfsdóttir, formaður.



Leikfélag Hornafjarðar - Piltur og stúlka

Leikfélag Hornafjarðar

Piltur og stúlka

Höfundur leikgerðar Stefán Sturla Sigurjónsson
Leikstjóri Stefán Sturla Sigurjónsson
Þátttakendur 28
Sýningarfjöldi 7
Áhorfendur 439

Leikfélag Hornafjarðar setti að þessu sinni upp Piltur og stúlka í samstarfi við Framhaldsskóla Austur Skaftafellssýslu og Tónskóla Austur Skaftafellssýslu. Stefán Sturla Sigurjónsson sem var leikstjóri bjó til nýtt handrit af þessu sívinsæla verki. Frumsýning var 18. mars og urðu 7 sýningar. Um 450 áhorfendur komu á sýningarnar og skemmtu allir sér konunglega. Sérstaklega hafði eldra fólk gaman af að bera saman sýningar en Leikfélagið setti upp Piltur og stúlka fyrir allmörgum árum síðan.

*Ingólfur Baldvinsson
Leikfélagi Hornafjarðar*



Leikfélag Hólmavíkur - Blessað barnalán

Leikfélag Hólmavíkur

Blessað barnalán

Höfundur Kjartan Ragnarsson
Leikstjóri Guðbjörg Ása Jónsd. Huldudóttir
Þátttakendur 18
Sýningarfjöldi 5
Áhorfendur 212

Morð!

Höfundur Ævar Þór Benediktsson
Leikstjóri Ásta Þórisdóttir
Þátttakendur 17
Sýningarfjöldi 5
Áhorfendur 213

Skýrsla stjórnar starfsárið 2016-2017:

Venja hefur skapast fyrir því hjá Leikfélagi Hólmavíkur að ráðast í aðaluppfærslu vetrarins á vormisseri. Síðastliðinn starfsvetur var þó ákveðið að bregða út af þeim vana og hefja æfingar strax um haustið. Því var starfsemi leikfélagsins komin á fullan skrið upp úr miðjum september. Þar eð nokkur misseri höfðu liðið síðan settur var upp gamanleikur var farið í leit að skemmtilegum og heppilegum farsa. Fyrir valinu varð Blessað barnalán eftir Kjartan Ragnarsson. Í ljós kom að Leikfélag Hólmavíkur hafði áður sett upp það verk, árið 1983, en þar eð 34 ára væru á milli uppfærslna þótti það skemmtileg endurtekning, marga rak ekki minni til þeirrar uppfærslu en aðrir minntust skemmtilegra atvika frá þeim tíma. Leyfi fékkst frá höfundi til að færa verkið til nútímans og hnika til kynjum á nokkrum persónum svo verkið hentaði leikhópnum. Frumsýnt var 4. nóvember og urðu sýningarnar 5 talsins.

Á nýju ári bauð leikfélagið börnum og ungmennum upp á leiklistarnámskeið í þremur mismunandi aldurshópum. Unglingarnir reyndust heldur tímabundnir á þessum tíma árs og því fannst ekki hentugur tími fyrir tvo eldri hópana. Góð þáttaka varð þó í yngsta hópnum, 10-12 ára, og haldið var vikulangt, 9 klst. námskeið í spuna og „devising“.

Leikfélagið hefur haft afnot af rými í félagsheimilinu á Hólmavík fyrir búninga, leikmuni og tækjabúnað. Upp úr áramótum var okkur gert að flytja í annað rými í félagsheimilinu vegna endurskipulagningar hússins. Megnið af starfinu seinnihluta vetrar fór því í að fara í gegnum eigur félagsins, taka til og flytja.

*Guðbjörg Ása Jóns Huldudóttir
gjaldkeri Leikfélags Hólmavíkur*



Leikfélag Húsavíkur

Bót og betrun

Höfundur Michael Cooney
Þýðandi Hörður Sigurðarson
Leikstjóri María Sigurðardóttir
Þátttakendur 37
Sýningarfjöldi 18
Áhorfendur 1484

Skýrsla stjórnar Leikfélags Húsavíkur 2016-2017:

Starfsár LH hefst í september, en hér verður þó tæpt á því helsta í starfsemi félagsins frá síðasta ársriti.

Húsnæðismál LH voru fyrirferðarmikil á árinu. Leikfélagið hefur haft búninga- og leikmuna-aðstöðu í húsnæði í sameiginlegri eigu leikfélagsins og sveitarfélagsins. Á vordögum var samþykkt að ganga að kauptilboði sem barst í húsnæðið en þess í stað fær félagið aðstöðu í nýju húsnæði í eigu sveitarfélagsins. Þrátt fyrir að það hús væri enn aðeins á teikniborðinu hófst undirbúningur fyrir flutninga sl. sumar. Farið var í gegn um dót, lagað til, flokkað, hent, pakkað og haldin fatasala sem gekk vonum frammar, þannig að heldur minna verður að flytja.

Samkomuhúsið hefur verið í mikilli notkun á milli sýninga LH. Ýmsir listviðburðir fengu inni en færri komust að en vildu þar sem húsið var leigt út til handverkshópsins Kaðlínar yfir sumar-mánuðina. Meðal viðburða má nefna hina árlega Skjálfandi listahátíð í sumarbyrjun, tónleika með Greifunum í sumar og kvikmyndasýningu á vegum Könnunarsafnsins. Einnig tóku félagar í

LH þátt í uppkomum með dönsku listakonunni Julie Lænkholm sem á ættir að rekja til Húsavíkur.

Í haust tróðu upp með leiksýningar Píramus og Þispa, Miðjan, Borgarhólsskóli, Hjalti Rúnar Jónsson og Þjóðleikhúsið.

Aðalfundur Leikfélags Húsavíkur var haldinn 26. október og urðu þar nokkrar breytingar á stjórn. Kolbrún Ada Gunnarsdóttir var kjörin nýr formaður félagsins og með henni í stjórn eru Ása Gísladóttir, Berglind Ósk Ingólfssdóttir, Heiðar Smári Þorvaldsson og Ari Páll Pálsson. Varamenn eru Unnur Erlingsdóttir, Guðrún Jónsdóttir og Helga Sveinbjörnsdóttir.

Stjórn LH réð Maríu Sigurðardóttur sem leikstjóra á starfsárinu 2016-2017 og mun það vera í sjötta skipti sem María leikstýrir hjá Leikfélagi Húsavíkur. Ákveðið var í samráði við hana (og eftir miklar bollaleggingar) að setja upp verkið Bót og betrun, breskan farsa eftir Michael Cooney í þýðingu Harðar Sigurðarsonar. Leikritið heitir á frummálinu Cash and delivery og er breskur farsa sem farið hefur víða og fengið góða dóma. Fyrsti samlestur á verkinu var 19. janúar og skömmu síðar var búið að manna í hlutverk, en það átti þó eftir að taka töluverðum breytingum af ýmsum ástæðum áður en yfir lauk. Verkið var frumsýnt 25. mars, hlaut afbragðs góðar viðtökur og alls urðu sýningargestir 1486 á 18 sýningum.

Stjórn Leikfélags Húsavíkur



Leikfélag Hveragerðis - Naktir í náttúrunni

Leikfélag Hveragerðis

Naktir í náttúrunni

Höfundur leikgerðar Jón Gunnar Þórðarson
Leikstjóri Jón Gunnar Þórðarson
Þátttakendur 28
Sýningafjöldi 22
Áhorfendur 1470

Starfsskýrsla Leikfélags Hveragerðis 2016-2017:

Haustið 2015 var gengið til samninga við Maríu Pálsdóttur leikara um að leikstýra leikritinu Dýrin í Hálsaskógi. Áheyrnaprúfur voru í desember og fengu flestir sem komu á þær hlutverk í leikritinu. Æfingar hófust svo snemma í janúar 2016 og frumsýnt var 20. febrúar. Alls urðu sýningarnar 23 og áhorfendur tæplega 2000. Góður rómur var gerður að þessari sýningu bæði í blöðum og á samfélagsmiðlum. Samstarfið við Maríu gekk ljómandi vel og gefum við henni okkar bestu meðmæli. Töluvert var af börnum og unglingum sem tóku þátt í þessari uppfærslu sem var virkilega ánægjulegt og lærdómsríkt fyrir alla aðila. Leikfélagið telur sig eiga, í þessu unga fólki, ljómandi efnivið fyrir komandi tíma. Leikmynd og búningar voru sérlega vel heppnaðir enda hefur Leikfélagið á að skipa miklu listafólki sem galdrar fram ótrúlegustu hluti á skömmum tíma og leysir flókin mál með miklum sóma.

Framhaldsaðalfundur var haldinn 27. janúar 2016 og þar var kosin ný stjórn:
Formaður: Hjörtur Már Benediktsson
Varaformaður og ritari: Jóhann Tr. Sigurðsson
Gjaldkeri: Hugrún Óskarsdóttir
Meðstjórnandi: Kristín Ólafsdóttir
Meðstjórnandi: Elías Óskarsson
Varastjórn.
Elín Hrönn Jónsdóttir, Hrafnhildur Faulk og Hrefna Ósk Jónsdóttir.

Á vormánuðum fóru langflestir leikarar og starfsfólk úr Dýrunum í rútufurð í gufubaðið á Laugarvatni og síðan upp í Haukadalsskóg þar sem grillaðar voru pylsur og farið í leiki. Á heimleiðinni var komið við í ferðamannafjósini í Efsta Dal og snæddur ís.

Strax í apríl var farið að huga að næsta verkefni

og kom upp hugmynd að taka upp leikritið Með fullri reisu sem Leikfélag Hörgdæla setti upp á sínum tíma. Rætt var við leikstjóra þeirra Jón Gunnar Þórðarson og var hann til í samstarf við okkur fyrir 1.200.000 kr. Leikritið fékk nafnið Naktir í náttúrunni og tók leikstjórinn að sér að staðfæra það að Hveragerði og nágrenni eftir að hafa fengið senda nokkra punkta frá leikhópnum. Æfingar hófust svo í desember og var þá þegar búið að manna öll hlutverk sem gekk óvenju vel. Guðmundur Erlingsson og Jóhann Tr. tóku síðan nektarmyndir af þeim sem léku stripparahlutverk í sýningunni og gefið var út dagatal í desember sem selt var í búðum og víðar. Leikritið var frumsýnt 24. janúar 2017 og þegar þetta er ritað 13 mars, hafa verið sýndar 18 sýningar fyrir oftast fullu húsi. Síðasta sýning áætluð 25. mars 2017.

Í sumar fóru nokkrir leikarar úr Dýrunum á stúfana og sýndu meðal annars á Fjör í Flóa í Þingborg og eins á Blóm í bæ í Hveragerði.

Nokkrir sjálfboðaliðar komu saman í sumar og máluðu vindskeiðar og glugga utanhúss.

Í janúar 2017 var keyptur einangraður gámur fyrir 820.000 með flutningi sem settur var við austari enda leikhússins sem geymsla fyrir ýmsa muni; leiktjöld og annað. Lagnaþjónustan lagði 2 ofna í gáminn þannig að hann er rakalaus og geymsla til fyrirmyndar.

Hljóðkerfi var keypt í Pfaff; tveir hátalarar, bassabox og monitor fyrir alls 219.000 krónur. Lionsklúbbur Hveragerðis gaf svo félaginu 70.000 krónur á frumsýningunni til hljóðnemakaupa. Guðmundur frá Árvirkjanum kom og tengdi kerfið sem virkar ákaflega vel. Tveir Led kastarar voru keyptir hjá Jóhanni Ólafssyni fyrir 124.000. Benedikt Axelsson tengdi og stillti öll ljós fyrir félagið af sinni alkunnu snilld með aðstoð Óskars Inga Halldórssonar sem er upprennandi ljósa- og hljóðmaður.

Jóhann Tr. setti nýja silindra í allar útihurðir, ljósabúr og smink þannig að sami lykill gengur að öllum hurðum.

Heilsbrigðiseftirlitið kom í heimsókn og tók út húsnæðið vegna umsóknar um vinnveitingaleyfi

sem fékkst í febrúar 2017. Nokkrar athugasemdir voru gerðar og hefur nú þegar verið bætt úr nokkrum þeirra. Hurð vantar fyrir málninga-kompu, einnig á eftir að mála salerni og forstofu og höfum við frest til 1. apríl til að klára þau mál.

Brunaæftirlitið kom einnig af sama tilefni. Koma þarf hraðlæsingum á útihurðir og setja upp brunakerfi. Því þarf að vera lokið 1. ágúst. 2017. Meiningin er að fá tilboð í það frá viðurkenndum aðilum.

Í jólamánuðinum 2016 var mikið að gera hjá jólasveinunum sem þjónusta Leikfélagið. Þeir voru viðstaddir þegar kveikt var á jólatré Hveragerðisbæjar, báru út pakka til barna í Hveragerði á aðfangadag jóla, þjónusta sem vex ár frá ári. Þátttaka aldrei verið eins mikil og um þessi jól. Jólasveinarnir komu fram á Jólballi Lions á Hótel Örk á annan í jolum. Lionsklúbbur Hveragerðis á miklar þakkir skyldar fyrir þetta framtak. Einnig mættu jólasveinar á jolaball hjá Dvalarheimilinu Ási.

Nokkrir fundir voru haldnir á starfsárinu. Stjórnin notaði tölvupóstana óspart í samskiptum sem og lokaða Facebookarsíðu og er það afar þægilegur máti og fljótlegur. Leikarar í sýningunum og starfsfólk í kringum þær voru einnig með lokaða síðu á Facebook og var hún mjög mikið notuð í samskiptum manna á millum. Við þetta sparaðist mikill símakostnaður og reyndist þægilegur samskiptamáti.

Anna Jórunn hélt námskeið í framsögn og upplestri í janúar en það fékk ekki þá aðsókn sem búist var við.

Ákveðið var að Arionbanki sendi út gíroseðla með félagsgjöldum til allra sem starfað hafa með félaginu síðustu tíu árin.

Leikfélag Hveragerðis færir öllum þeim mikla fjölda fólks sem lagði því lið á liðnu starfsári sínar innilegustu þakkir.

Hjörtur Benediktsson

Leikfélag Hörgdæla

Útskriftarferðin

Höfundur Björk Jakobsdóttir
Leikstjóri Sara Rós Guðmundsdóttir
Þátttakendur 14
Sýningafjöldi 4
Áhorfendur 175

Skýrsla stjórnar:

Á aðalfundi Leikfélags Hörgdæla 2016 kom upp sú hugmynd að stofna ungmennadeild innan félagsins. Var hugmyndinni vel tekið og á haustdögum var hafist handa við að veða og meta valkosti og mögulegar útfærslur. Í kjölfar þeirra vangaveltna var ákveðið að setja upp leikrit í samráði við ungmennin og gefa þeim kost á að koma sem mest að hlutunum sjálf, þ.e. útbúa svið og sjá um ljós, búninga, föðun o.s.frv. Tveir leikstjórar voru fengnir til þessa krefjandi verkefnis en það voru þau Sara Rós Guðmundsdóttir, sem var aðalleikstjóri, og Þráinn Sigvaldason aðstoðarleikstjóri, sem tóku málin í sínar hendur. Þá komu einnig margreyndir ljósamenn til aðstoðar en keyrsla ljósa á sýningum sjálfum var í höndum hópsins.

13 ungmenni á aldrinum 14-19 ára tóku þátt á fyrsta ári ungmennahóps Leikfélags Hörgdæla. Eftir samlestur á nokkrum leikverkum var ákveðið að setja upp leikritið Útskriftarferðin eftir Björk Jakobsdóttur. Til að draga saman má segja að fyrsta verkefni ungmennadeildar hafi tekist með miklum ágætum og voru sýndar fjórar sýningar af þessu fjöruga stykki og skemmtu leikhúsgestir sér konunglega. Þá var boðið upp á vöflur og tilheyrandi á sýningum og sáu stjórnarmeðlimir um þá framkvæmd. Gestir voru 150.

Verkefnið mældist vel fyrir hjá þeim sem að komu og mun Leikfélag Hörgdæla leitast við að halda því áfram á lofti, þá í samspili og/eða samvinnu við aðra starfsemi félagsins.



Leikfélag Keflavíkur - Litla hryllingsbúðin

Leikfélag Keflavíkur

Á stoppistöð

Höfundar Arnar Ingi Tryggvason, Guðný Kristjánsdóttir og Halla Karen Guðjónsdóttir
Leikstjórar Guðný Kristjánsdóttir og Halla Karen Guðjónsdóttir
Þátttakendur 42
Sýningafjöldi 10
Áhorfendur 1026

Litla hryllingsbúðin

Höfundur Howard Ashman
Þýðandi Gísli Rúnar Jóhannsson
Leikstjóri Þorsteinn Bachmann
Þátttakendur 12
Sýningafjöldi 10
Áhorfendur 785

Síðasta kvöldmáltíðin

Höfundar Steinunn Knútsdóttir, Hallur Ingólfsson og Rebekka Ingimundardóttir
Leikstjórar Steinunn Knútsdóttir, Hallur Ingólfsson og Rebekka Ingimundardóttir
Þátttakendur 23
Sýningarfjöldi 1
Áhorfendur 21

Skýrsla stjórnar Leikfélags Keflavíkur 2016-2017:

Ýmislegt hefur gerst á þessu leikári, margt ágætt og annað miður eins og gengur. Starfsemin hefur verið heilmikil og fjölbreytt.

Leikárið hófst með aðalfundi þar sem stjórn komandi leikárs var skipuð.

Framundan var 20 ára afmæli Frumleikhússins en húsið var opnað 1997 og fór ný stjórn í viðræður við nokkra aðila um skrif á nýjum söngleik sem átti að sýna 2017. Ekkert varð úr þeim þælingum og fór því félagið aðrar leiðir í uppsetningu á afmælisverki.

Frumleikhúsið var lánað undir brúðusmiðju í tengslum við Barnahátíð í byrjun maí, þar sem Jón Bjarni Ísaksson leikfélagi stóð fyrir kennslu í brúðugerð.

Aðalfundur félagsins var haldinn 19. maí 2016 og mættu um 30 manns á fundinn þar sem lögum félagsins var meðal annars breytt.

Allsherjar tiltektardagur sem lauk með grillveislu var haldinn í byrjun júní þar sem húsið var tekið í gegn. Unglingadeild félagsins hélt nokkur spuna-kvöld, og var ágætlega mætt og var það aðeins byrjunin að miklu stærra verkefni seinna á árinu.

Í ágúst, þegar sumarnámskeið félagsins voru í fullum gangi, fór að leka í kjallara Frumleikhússins og skemmdist þó nokkuð af leikmunum, en leikmunageymslan er í kjallara hússins.

Félagar frá félaginu heimsóttu nokkra leikskóla í bæjarfélaginu og skemmtu á sumarhátíðum þeirra. Tókst það mjög vel og hafa fyrirsurnir um slíkar heimsóknir hrannast inn fyrir þetta sumar. Ávextir frá Leikfélagi Keflavíkur fóru í tvígang í Nettó og skemmtu en einnig á leikskóla í Grindavík.

Félagar tóku þátt í hinum ýmsu þáttum og auglýsingum ásamt því að sjá um kynningu og vera með atriði á 17. júní hátíðarhöldunum. Félagið var einnig með götuleikhús á Ljósanótt.

Félagið fjárfesti í sex nýjum LED ljóskösturum sem hafa nú þegar breytt miklu í tengslum við lýsinguna á sviðinu. Til stendur að bæta í hljóð og ljós á komandi leikári.

Gylturnar héldu námskeið og settu í framhaldi upp unglingasöngleikinn Á stoppistöð í samstarfi við Leikfélagið. Þátttakendur voru 42 unglingar af Suðurnesjum. Æfingar hófust í september og lauk sýningum í lok nóvember.



Leikfélag Keflavíkur - Á stoppistöð

Leikfélag Keflavíkur tók að sér verkefni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar rétt fyrir jólin sem sló í gegn, þar voru gömlu jólasveinarnir í góðum gir.

Í nóvember réði félagið Þorstein Bachmann til þess að leikstýra 20 ára afmælisverki Frumleikhússins, Litlu hryllingsbúðinni. Æfingar hófust í desember og var verkið frumsýnt í lok febrúar.

Metfjöldi þátttakenda var á þrettándagleði Reykjanesbæjar 2017 en álfar, risatröll og aðrar kynjaverur ásamt Fjólu tröllastelpu vöktu mikla lukku.

Leikfélag Keflavíkur í samstarfi við Bókasafn Reykjanesbæjar var með opinn samlestur/söng á Litlu hryllingsbúðinni 11. febrúar á bókasafninu.

Félagið setti upp verkið Síðasta kvöldmáltíðin á skírdag í samvinnu við Hall Ingólfsson, Rebekku Ingimundardóttur og Steinunni Knútsdóttur. Verkið var sviðslistaverk í formi gönguferðar, sem leiddi áhorfandann til móts við eigin lífsgildi og fékk hann til þess að spyrja sig spurninga varðandi lífið og tilveruna. Hver ganga var kortlögð í kringum sögu og andrúmsloft hvers staðar fyrir sig og unnin upp úr viðtölum við íbúa á hverjum stað, en verkið var einnig flutt á Raufarhöfn, Bolungarvík og á Höfn í Hornafirði. Verkið var flutt frá sólarupprás til sólarlags og opið var fyrir alla gesti endurgjaldslaust. Alls voru 24 sem sóttu þessa sýningu. 20 leikfélagar sáu um uppsetningu á verkinu. Verkefnastjóri sýningarinnar hjá Leikfélagi Keflavíkur var Halla Karen Guðjónsdóttir.

Leikfélag NFS fékk húsið á leigu í byrjun apríl fyrir uppsetningu sína á söngleiknum Hairspray. Um 600 manns mættu á sýninguna sem var mjög áhugaverð, en leikstjóri verksins var Elva Ósk Ólafsdóttir.

Mikil tímamót urðu hjá nokkrum meðlimum Leikfélags Keflavíkur, en þau Guðný Kristjánsdóttir og Gustav Helgi hafa ákveðið að segja skilið við stjórnarsetu hjá leikfélaginu en þau eiga yfir 40 ár af stjórnarsetu samanlagt. Auk þess hefur Sólrun Steinarsdóttir ákveðið að gefa ekki aftur kost á sér í stjórn Leikfélagsins. Stjórn Leikfélagsins þakkar þeim fyrir óeigingjarnt starf fyrir Leikfélag Keflavíkur og óskar þeim velfarnaðar um ókomna tíð.

Stjórn Leikfélags Keflavíkur 2016-2017.



Leikfélag Kópavogs - Blint stefnumót

Leikfélag Kópavogs

Listin að lifa

Höfundur Sigríður Lára Sigurjónsdóttir
Leikstjóri Arnfinnur Daníelsson
Þátttakendur 3
Sýningafjöldi 3
Áhorfendur 170

Blint stefnumót

Höfundur Samara Siskind
Þýðandi Hörður Sigurðarson
Leikstjóri Hörður Sigurðarson
Þátttakendur 2
Sýningafjöldi 3
Áhorfendur 170

Leitin að sumrinu

Höfundar Ástþór Ágústsson og Guðmundur L. Þorvaldsson
Leikstjórn Leikhópurinn
Þátttakendur 3
Sýningafjöldi 11
Áhorfendur 452

Snertu mig – ekki!

Höfundur Örn Alexandersson
Leikstjóri Sigrún Tryggvadóttir
Þátttakendur 3
Sýningafjöldi 8
Áhorfendur 396

Svarti Kassinn

Höfundur Hrefna Friðriksdóttir
Leikstjóri Ágústa Skúladóttir
Þátttakendur 10
Sýningafjöldi 11
Áhorfendur 440

Sjóðandi fólk

Höfundur Jonathan Yukich
Þýðandi Hörður Sigurðarson
Leikstjóri Hörður Sigurðarson
Þátttakendur 4
Sýningafjöldi 3
Áhorfendur 170

Þrautirnar þrjár

Höfundar Leikstjórar og leikhópur
Leikstjórar Gríma Kristjánsdóttir og Guðmundur L. Þorvaldsson
Þátttakendur 16
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 64

Skýrsla stjórnar leikárið 2016-2017:

Almennt

Leikfélagið fagnaði 60 ára afmæli á þessu leikári og því var starfsemin óvenju viðamikil að þessu sinni. Frumsýndar voru meðal annars þrjár frum-samdar leiksýningar. Flestir virðast vera sammála um að vel hafi tekist til.

Framkvæmdastjóri

Stjórn leikfélagsins samþykkti í upphafi leikárs þá nýjung að ráða Hörð Sigurðarson framkvæmda-

stjóra hússins. Hann hefur meðal annars séð um það sem viðkemur húsinu sjálfu og er tengill við hópa sem fá inni. Þetta hefur reynst einkar vel og hefur stjórn hug á að hafa sama fyrirkomulag á næsta leikári.

Leiklistarskóli Bandalagsins

Að þessu sinni sóttu þrír nemendur skólann frá Leikfélaginu í júní 2016. Eins og áður styrkti félagið nemendur með smá upphæð. Það er stefna félagsins að auðvelda félagsmönnum að sækja námskeiðin með því að styrkja þá að hluta og mun svo verða áfram.

Götuleikhúsið

Eins og áður var hópur frá Götuleikhúsinu í samvinnu við vinnuskóla Kópavogs í húsinu í júní og júlí. Engir hnökrar voru á veru þeirra í húsinu og umgengni til fyrirmyndar.

Snertu mig – ekki!

Fyrsta frumsýning leikársins var um miðjan september á verkinu Snertu mig – ekki! eftir Örn Alexandersson í leikstjórn Sigrúnar Tryggvadóttur. Alls voru átta sýningar á verkinu og aðsókn var góð.



Leikfélag Kópavogs - Svarti kassinn

Leitin að sumrinu

Önnur frumsýning leikársins fylgdi fast í kjölfarið, en barnaleikritið Leitin að sumrinu var frumsýnd í október. Þrír gamalreyndir félagar úr leikfélaginu þeir Guðmundur L. Þorvaldsson, Ástþór Ágústsson og Magnús Guðmundsson sömdu verkið og léku í því. Markhópurinn var 4-10 ára börn. Alls var sýnt 11 sinnum, 9 sýningar í Leikhúsinu og 2 sýningar voru keyptar af fyrirtæki og sýndar þar. Ekki sér alveg fyrir endann á þessu ævintýri og er hugur í leikhópnum að fara á flakk með sýninguna á næsta leikári.

Leiklistarnámskeið fyrir börn og unglunga

Að venju bauð leikfélagið upp á námskeið fyrir börn og unglunga í tveimur aldursflokkum. Námskeiðin voru frá september til loka nóvember eins og venja hefur skapast. Kennarar voru þau Guðmundur L. Þorvaldsson og Gríma Kristjánsdóttir. Í yngri hópnum voru 11-12 ára börn. Kennt var einu sinni í viku í 10 vikur, klukkutíma í senn. Í eldri hópnum voru 13-16 ára unglingar. Þau voru einnig einu sinni í viku í 10 vikur, en tvo tíma í senn. Þátttakan var þokkaleg en alls sóttu 15 krakkar námskeiðin sem enduðu með sameiginlegri uppfærslu á verkinu Þrautirnar þrjár, eftir kennara námskeiðsins. Sýnt var einu sinni fyrir

vel fullu húsi og gengu sýningargestir ánægðir út, stoltir af sínum krökkum.

Leiklistarnámskeið fyrir byrjendur

Í október og nóvember bauð félagið upp á byrjendanámskeið í leiklist fyrir fullorðna. Kennari var Hörður Sigurðarson. Tíu skráðu sig til leiks. Fimm af þeim tóku þátt í leikþáttadagsskrá seinna á leikárinu og einn af þeim tók þátt í afmælisýningu leikfélagsins eftir áramót. Námskeiðið var alls 18 klukkustundir.



Leikfélag Kópavogs - Leitín að sumrinu

Stjörnuljósakvöld – 60 ára afmælishátíð Leikfélagsins

Hið árlega stjörnuljósakvöld var með örlítið breyttu sniði en venjulega vegna stórafmælis Leikfélagsins, en það varð 60 ára þann 5. janúar síðastliðinn. Stjórn lagði áherslu á upplýtingu anddyris, en það var parketlagt, málað og saga félagsins í formi plakata o.fl. sett meðal annars upp á vegg.

Afmælishátíðin sjálf fór fram þann 9. jan. Boðið var upp á veglegar veitingar og skemmtileg yfirferð um sögu félagsins í máli og myndum var í höndum Harðar Sigurðarsonar og Bjarna Guðmarssonar. Kunnnum við þeim bestu þakkir fyrir. Kvöldið heppnaðist með miklum ágætum og skemmti fólk sér fram á nótt að venju.

Nýr og endurbættur vefur Leikfélagsins

Nýr vefur félagsins var tekin í notkun í kringum 60 ára afmælið. Töluverðar útlitsbreytingar voru gerðar á vefnum og markmiðið var að hleypa nýrri og betri tækni að og gera vefinn enn aðgengilegri fyrir notendur. Það er nýjung að

hægt er að panta miða á leiksýningar í gegnum vef félagsins. Þetta hefur reynst einkar vel og önnur áhugaleikfélög hafa hug á að gera slíkt hið sama. Hörður Sigurðarson á þakkir skyldar fyrir frábæran vef.

Leikþáttadagsskrá

Leikþáttadagsskrá var frumsýnd í lok janúar. Eins og áður segir tóku fimm nýir félagar þátt í dagskránni ásamt eldri félögum og einum leikara úr unglingsdeildinni. Sýndir voru þrjár þættir; Listin að lifa eftir Siggú Láru Sigurjónsdóttur í leikstjórn Arnfinns Danielssonar og tveir erlendir þættir. Annars vegar Blint stefnumót og hins vegar Sjóðandi fólk í leikstjórn Harðar Sigurðarsonar. Alls voru þrjár sýningar og var aðsókn nokkuð góð.

Leikfélag MK

Leikfélag Menntaskólans í Kópavogi kom inn í húsið að venju í kringum páska og var í húsinu í 3 vikur. Eins og síðasta ár gekk það vel fyrir sig, ólíkt árunum á undan. Við viljum þakka það breyttu fyrirkomulagi. Nú sem í fyrra var Sigrún Óskarsdóttir tengiliður skólans við leikfélagið og gekk allt snurðulaust fyrir sig. Umgengni var til fyrirmyndar og góð samskipti voru á milli félagsins og MK meðan á dvöl þeirra stóð. Þau settu upp sýninguna Hrói Höttur við góða aðsókn.

Kvikmyndaskólinn

Kvikmyndaskólinn kom inn í húsið í desember og aftur í maí. Lengi var tvísýnt með að hann fengi inni í vor vegna vangoldinna skulda fyrir leigu í desember, en sú skuld var greidd rétt áður en skólinn fékk inni. Skólinn setti upp frumsamið verk undir stjórn Ágústu Skúladóttur.

Svarti kassinn

Æfingar á Svarta kassanum, afmælisýningu félagsins, hófust í nóvember, en hugmyndin að sýningunni var þá þegar farin að mótast. Við fengum Ágústu Skúladóttur til að leikstýra, en hún hefur reynst okkur mjög vel og hefur komið að fjölmörgum uppfærslum hjá leikfélaginu. Hrefna Friðriksdóttir samdi handrit. Þetta var samsköpunarverkefni handritshöfundar, leikstjóra, leikhópsins og annarra sem að sýningunni komu. Tekið var hlé á æfingum sem hófust síðan aftur eftir að MK var farið úr húsi í lok mars.

Frumssýnt var þann 28. apríl og alls var sýnt ellefu sinnum við góða aðsókn. Sýningin fékk frábæra dóma og sýningargestir virtust flestir mjög ánægðir. Leikfélagið hefur ákveðið að sækja um fyrir Svarta kassann á leiklistarhátíð NEATA 2018. Búið er að undirstinga leikhópin með það. Allir er tilbúnir að gefa kost á sér í þetta verkefni. Við höfum því hug á að setja sýninguna aftur upp næsta vor ef þetta gengur eftir. Þannig að við höfum vonandi ekki sagt skilið við Svarta kassann.

Leikhópurinn Ást og karokí

Leikhópurinn Ást og karokí komu inn í húsið þann 29. maí og sýndu Sýning um glímu og Slazenger. Alls voru 2 sýningar og aðsókn góð.

Tiltektardagur og grillhátíð í lok leikárs

Við ætlum að halda í hefðina og hittast í leikhúsinu í lok júní. Ganga vel frá eftir annasamt leikar og gera tilbúið fyrir það næsta. Hugmyndin er að reyna að losa okkur við búninga og leikmuni sem ekki er lengur þörf fyrir og hafa „bílskúrssölu“ á bílastæðinu fyrir framan Leikhúsið. Það er ekki komin nákvæm dagsetning. Fyrirhuguð verður grillveisla um kvöldið til að loka þessu eftirminnilega leikári með stæl.

Fyrir hönd stjórnar,

Anna Margrét Pálsdóttir formaður



Leikfélag Mosfellssveitar - Skilaboðaskjóðan

Leikfélag Mosfellssveitar

Litla hafmeyjan

Höfundur Agnes Wild
Þátttakendur 18
Sýningafjöldi 5
Áhorfendur 250

Týndu jólin

Höfundar Agnes Wild og Sigrún Harðardóttir
Leikstjóri Agnes Wild
Þátttakendur 3
Sýningafjöldi 2
Áhorfendur 80

Skilaboðaskjóðan

Höfundur Þorvaldur Þorsteinsson
Tónlist: Jóhann G. Jóhannsson
Leikstjóri Agnes Wild
Þátttakendur 35
Sýningafjöldi 14
Áhorfendur 1120

Skýrsla stjórnar:

Að venju var árið fjölbreytt og skemmtilegt hjá LM. Það má eiginlega segja að þetta árið hafi verið einblýnt á börnin og voru sýndar tvær barnasýningar þetta leikár. En árið byrjaði að venju með reglubundnum hætti með öflugum sumarstarfi og

voru haldin fjöldi námskeiða fyrir börn og unglinga. Námskeiðin enduðu öll með misstórum sýningum.



Leikfélag Mosfellssveitar - Litla hafmeyjan

Haustið byrjaði á því að æfa afmælis dagskrá fyrir afmæli félagsins sem að haldið var þann 19. nóvember en LM átti 40 ára afmæli fyrr á árinu. Birgir Sigurðsson tók saman dagskrá þar sem voru brot úr verkum fyrri ára og stjórn, ásamt Herdís Rögnu Þorgeirsdóttur, seinni árin. Herdís sá einnig um leikstjórn á þessum viðburði ásamt konum úr stjórn. Vil ég þakka Herdís fyrir hennar aðkomu að afmælinu og öðrum nefndarkonum sem og leikurum. Á afmælishátíðinni var María Guðmundsdóttir gerð að heiðursfélaga leikfélagsins og vil ég þakka henni fyrir endalaus drifkraft, aðstoð og allt sem að hún hefur lagt til félagsins sem er ómetanlegt - takk María. Þá á félagið fjóra heiðursfélaga sem allt eru konur: Arndís Jakobsdóttir (látin), Sigríður Þorvaldsdóttir, Herdís Ragna Þorgeirsdóttir og María Guðmundsdóttir. Það var sérstaklega gaman að hafa þær Sigríði og Herdís með okkur þetta kvöld, ásamt öllum þeim sem að komu.

Undanfarin ár höfum við sett upp jólasýningar fyrir börnin sem hafa verið mjög vinsælar og þetta árið var sett upp sýning í samstarfi við Miðnætti sem að bar nafnið Týndu jólin, jólaævintýri Þorra

og Þuru, sem er frumsamið verk og voru sýndar tvær sýningar.

Eftir áramót var frumsýnt barnaleikritið Skilaboðaskjóðan sem að tókst mjög vel, var falleg sýning með skemmtilega útsettri tónlist, flottri leikmynd og búningum. Enn og aftur sýndi þríeykið í Miðnætti hversu magnaðar þær eru þegar kemur að svona verkefnum og samstarfi með okkur. Takk Agnes, Eva og Sigrún.

Árlegir viðburðir og annað:

17. júní – Að venju tókum við þátt í viðburði bæjarfélagsins á 17. júní og voru leikarar úr Skilaboðaskjóðunni með leikatriði og söng. Einnig kom Fjallkonan að venju úr röðum félagsins og þetta árið var það Dóra Guðrún Wild.

Kveikt á jólatrénu – Fjöldi Jólasveina og hyski á þeirra vegum sáu um að skemmta börnum og fullorðnum við þennan viðburð og dansa í kringum jólatréð á torginu. Að venju mælist þessi viðburður vel fyrir bæði hjá ungviðinu og ekki síður hjá jólasveinum og þeirra hyski sem koma árlega og vinna fyrir okkur.

Þrettándinn – Fjölmennasta verkefni okkar árlega og alltaf fjölgar í leikhópnum sem tekur þátt í þessu. Tröllabörn, álfar, jólasveinar, Grýla og Leppalúði létu sig ekki vanta þetta árið. Álfa-drottningin þetta árið var Nanna Vilhelmsdóttir og álfakonungurinn var Loftur Sigurður Loftsson og er þetta þeirra annað ár og þau eru bara ekkert að fara að missa þessi hlutverk.

Leikfélag Mosfellssveitar leggur ríka áherslu á að vinna verkefni sem henta öllum og að allir geti fengið tækifæri til að vera með, þótt að það séu ekki allir að leika á sviði enda er af nógu að taka. Við viljum vináttu, jákvæðni og leikgleði, alltaf.

Við í LM hlökkum til næsta leikárs þar sem m.a. verður unnið verkefni með Listaskóla bæjarins sem við köllum „Önnur Ella“ og er dagskrá og leikþáttur í tilefni af aldarafmæli Ellu Fitzgerald - sjáumst í leikhúsinu.

Ólöf Þórðardóttir formaður.

Leikfélag Norðfjarðar

Fullkomið Brúðkaup

Höfundur Robin Hawdon
Þýðandi Örn Árnason
Leikstjóri Helga Ósk Snædal
Þátttakendur 6
Sýningafjöldi 5
Áhorfendur 169

Kaffi og með því

Höfundur Guðmundur Lúdvík Þorvaldsson
Leikstjóri Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir
Þátttakendur 2
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 30

Á fæðingardeildinni

Höfundur Theodór Einarsson
Leikstjóri Bjarki Ingason
Þátttakendur 2
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 30

Kökuvandræði Jólasveinsins

Höfundur Lori Soard
Þýðing og leikstjórn Brynjar Örn Rúnarsson
Þátttakendur 5
Sýningafjöldi 3
Áhorfendur 100

Einkamál.is

Höfundur Pétur R. Pétursson
Leikstjóri Jóhanna Fanney Hjálmarsdóttir
Weldingh
Þátttakendur 3
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 30

Jólaballið

Höfundur Kristín Steinsdóttir
Leikstjóri Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir
Þátttakendur 10
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 70

Persónur Benedikts búálfs

Þátttakendur 7
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 700



Leikfélag Norðfjarðar - Fullkomið brúðkaup

Leikárið 2016 – 2017 hefur verið viðburðaríkt eins og önnur leikár. Í upphafi sumars fóru 3 meðlimir leikfélagsins á Húnavelli til að nema við Leiklistaskóla Bandalagsins, 2 í Leikstjórn II og 1 í Leiklist I. Að venju var þetta æðisleg upplifun og reynsla sem er hvatning fyrir leikfélagið okkar.

Um sumarið vorum við beðin um að vera með barnaskemmtiatriði á 17. júní og fjölskyldu-hátíðinni Neistaflugi. Að sjálfsögðu urðum við við þeirri beiðni og skelltum upp persónum úr Benedikt búálfi, heppnaðist það mjög vel.

Á haustdögum byrjuðum við leikárið með því að sýna farsann Fullkomið brúðkaup eftir Robin Hawdon í þýðingu Arnar Árnasonar. Æfingaferlið var skrautlegt, frekar stutt og útkoman stórkostleg eftir því. Helga Ósk Snædal kom inn sem leikstjóri í lok æfingaferilsins og púslaði þessu öllu saman. Leikritið er enn í fersku minni leikhúsgesta því allir fóru með tár í augum út úr leikhúsinu af hlátri og þá er takmarkinu náð.

Í byrjun nóvember eru dagar í Fjarðabyggð sem heita Dagar myrkurs. Í tilefni af þeim dögum hafa unglingarnir okkar í Espolín verið með draugagang og það var ekki nein breyting í ár. Settu þau upp draugagang í gamla leikskólanum og vakti það mikla lukku og hræðslu. Að sjálfsögðu metum við þessa velgengni á gestum sem klára ekki draugaganginn og þá er takmarkinu náð, draugahúsið var nógu hræðilegt „djók“. Draugahúsið er orðin einn af föstum dagskrárlíðum Daga myrkurs og er beðið eftir því með eftirvæntingu. Við höfum ekki verið á sama stað ár hvert heldur

reynum að finna nýja staði hverju sinni, hefur það vakið mikla lukku.

Þegar líða tók að jólum tók jóladagskráin við. Unglingarnir okkar sýndu fyrir yngsta stig grunnskólans og elsta stig leikskólans jóla-leikritið Jólballið og að sjálfsgöðu voru allir glaðir með þá sýningu nema hún hefð mátt vera lengri en það fer í reynslubankann hjá okkur og bætum við það upp á næsta leikári.

Hestamannafélagið bað okkur að sýna stuttverk á jólamarkaðinum þeirra, sem við gerðum. Brynjar Örn Rúnarsson tók að sér þetta verkefni, hann tók sig til og þýddi eitt stykki jólastuttverk sem fékk heitið Kökuvandræði jólasveinsins.

Eftir áramót spiluðu unglingarnir stórt hlutverk hjá leikfélaginu því þau fóru á námskeið í útvarps-þáttagerð. Þau bjuggu til viðtalsþátt og útvarps-leikrit sem var flutt á krakkaRUV á skírdag síðastliðnum. Einnig tóku þau þátt í Þjóðleik og fóru tveir hópar frá okkur á þá uppskeruhátíð.

Í vor vorum við í annað sinn með stuttverka-sýningu sem ber heitið Gley-mér-ei og eins og í fyrra vakti þessi sýning mikla lukku, eða eins og einn áhorfandi sagði „þið eruð betri en hver annar uppistandari“. Sýningin samanstendur af stuttverkum eða einþáttungum og spunaleikjum. Eins og í fyrra var frítt inn en það var í boði að gefa frjáls framlög til leikfélagsins sem gaf leikfélaginu nokkra aura á bókina. Á heildina litið gekk leikárið vel og snurðulaust fyrir sig.



Leikfélag Sauðárkróks - Dýrin í Hálsaskógi

Leikfélag Sauðárkróks

Beint í æð

Höfundur Ray Cooney
Þýðandi Gisli Rúnar Jónsson
Leikstjóri Jól Ingi Sæmundsson
Þátttakendur 31
Sýningafjöldi 11
Áhorfendur 845

Dýrin í Hálsaskógi

Höfundur Thorbjörn Egner
Þýðendur Hulda Valtýsdóttir og Kristján frá Djúpalæk
Leikstjóri Bergdís Júlía Jóhannsdóttir
Þátttakendur 38
Sýningafjöldi 13
Áhorfendur 954

Ársskýrsla Leikfélags Sauðárkróks 2016-2017:

Miðvikudagskvöldið 8. júní 2016 var aðalfundur Leikfélags Sauðárkróks haldinn í Jarlstofu á neðstu hæð Hótel Tindastóls.

Ný stjórn fyrir leikárið 2016-2017 var kosin:

Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir gaf kost á sér áfram sem formaður og var kosin áfram til tveggja ára.

Hanna Bryndís Þórisdóttir, Jóhanna Sigurlaug Eiríksdóttir og Páll Friðriksson sitja áfram seinna árið sitt.

Saga Sjöfn Ragnarsdóttir gaf kost á sér aftur og var kosin áfram.

Ný varastjórn var kosin: Guðbrandur J. Guðbrandsson, Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson og Oddný Ragna Pálmadóttir.

Haustverkefnið var leikritið Dýrin í Hálsaskógi eftir Thorbjörn Egner í þýðingu Huldu Valtýsdóttur og Kristjáns frá Djúpalæk. Fyrsti fundur var haldinn 28. ágúst 2016. Búið var að ráða Bergdís Júlíu Jóhannsdóttir sem leikstjóra. Æfingar hófust 5. september 2016. Æfingatímabilið gekk vel og frumsýnt var 27. október 2016. Alls voru 13 sýningar og áhorfendur voru í heildina 954. Leikarar voru 19 en í heild komu 41 leikfélagi að sýningunni. Sýningar gengu mjög vel og fékk sýningin mjög gott umtal og góða gagnrýni.

Í október flutti LS aðstöðu sína frá gamla Barnaskólanum yfir í Engilshúsið en mikil óvissa hefur ríkt í húsnæðismálum félagsins og eru þau í skoðun.

Fyrsti fundur fyrir sæluvikuverkefni var haldinn 12. mars 2017. Búið var að ráða Jól Sæmundsson sem leikstjóra. Æfingar hófust á Beint í æð eftir Ray Cooney í íslenskri heimfærslu Gísla Rúnars Jónssonar. Æfingatímabilið gekk vel og frumsýnt var 30. apríl 2017. Alls voru 11 sýningar og voru áhorfendur 847. Sýningar gengu mjög vel. Leikarar í sýningunni voru 11 en alls komu um 30 manns að sýningunni.



Leikfélag Sauðárkróks - Beint í æð

Komandi leikár er svo fullt af skemmtilegum verkefnum og vonumst við í stjórn LS til að þátttaka fólks verði góð því án ykkar er þetta ekki hægt.

Að lokum viljum við þakka leikstjórunum og leikhópunum fyrir gott og skemmtilegt samstarf sem og öllum sem hafa starfað með okkur á leikárinu, sem og styrktaraðilum og áhorfendum fyrir stuðninginn. Takk fyrir.

Fyrir hönd stjórnar LS
Sigurlaug Dóra formaður

Leikfélag Selfoss

Hettunarbjar

Höfundur og leikstjóri Jónheiður Ísleifsdóttir
Þátttakendur 7
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 60

Milli góðs og ills

Höfundur Gunnhildur Þórðardóttir
Leikstjóri Guðný Lára Gunnarsdóttir
Þátttakendur 4
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 60

Aðrir veruleikar

Höfundar Arnþór Benediktsson, Sigurður Axelsson
Leikstjóri Arnþór Benediktsson
Þátttakendur 2
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 60

Þjakað tunglsljós

Höfundur og leikstjóri Don Ellione
Þátttakendur 3
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 60

Stökktu


Höfundur Oddfreyja H. Oddfreysdóttir
Leikstjórar Aðalsteinn Jóhannsson og Oddfreyja H. Oddfreysdóttir
Þátttakendur 2
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 45

Hr. Maður

Höfundar Hafsteinn Óskar Kjartansson, Hlynur Leikstjóri Þór Róbertsson
Þátttakendur 3
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 60

Skógarferð

Þátttakendur 2
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 45



Leikfélag Selfoss - Uppspuni frá rótum

Illur fjandi

Höfundur Hákon Svavarsson
Leikstjóri Magnús Páll Haraldsson
Þátttakendur 2
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 45

Kvöldstund í stofinni

Höfundur Magnús Páll Haraldsson
Leikstjóri Hákon Sverrisson
Þátttakendur 3
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 45

Kattadúett

Höfundur Jónheiður Ísleifsdóttir
Leikstjóri Don Ellione
Þátttakendur 3
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 45

Kurteisi

Höfundur Don Ellione
Leikstjóri Jónheiður Ísleifsdóttir
Þátttakendur 3
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 45

Uppspuni frá rótum

Höfundar Ármann Guðmundsson, Sævar
Sigurgeirsson, Þorgeir Tryggvason
Leikstjóri Þórey Sigþórsdóttir
Þátttakendur 16
Sýningafjöldi 16
Áhorfendur 758

Morð!

Höfundur Ævar Örn Benediktsson
Leikstjóri Guðfinna Gunnarsdóttir
Þátttakendur 7
Sýningafjöldi 2
Áhorfendur 220

Loddararnir

Höfundur Snæbjörn Brynjarsson
Leikstjóri Guðfinna Gunnarsdóttir
Þátttakendur 10
Sýningafjöldi 2
Áhorfendur 220

Skýrsla stjórnar 2016-2017:

Stjórn leikfélagsins hefur haft í mörgu að snúast frá síðasta aðalfundi. Sömuleiðis hefur Litla leikhúsið verið vel nýtt þetta síðasta leikár og dagskráin þétt fyrir fólk á öllum aldri. Alls voru haldnir 26 stjórnarfundir á leikárinu og sumir merkilegri en aðrir.

Ný stjórn hittist á sínum fyrsta fundi 17. maí 2016 og skipti með sér verkum. Formaður var F. Elli Hafliðason, varaformaður Sigríður Hafsteinsdóttir, ritari Stefán Örn Viðarsson, gjaldkeri Jónheiður Ísleifsdóttir og meðstjórnandi Guðný Lára Gunnarsdóttir. Í varastjórn sátu Viktor Ingi Jónsson, Svanhildur Karlsdóttir og Davíð Alexander Österby Christiansen.

Eitt fyrsta verkefni nýrrar stjórnar var að finna leikstjóra fyrir uppsetningu vetrarins og sömuleiðis velja verk. Stjórnin var sammála um að kominn væri tími á að nýta það öfluga söngfólk sem leikfélagið býr yfir og leita að verki með söngvum.

Stjórnin leitaði til Þóreyjar Sigþórsdóttur leikstjóra og leikkonu og hófust samningaviðræður í lok maí. Þann 2. júní var tekið nýtt skref í sögu



Leikfélag Selfoss - Morð!

leikfélagsins þegar stjórnarfundur fór í fyrsta sinn fram í gegnum fjarfundarbúnað á Skype í höfuðstöðvum TRS á Selfossi. Þar var rætt við Þóreyju Sigþórs, sem stödd var á Grænlandi. Hún var ráðin til starfa og hófst leit að leikverki í kjölfarið.

Leiklistarskóli Bandalags íslenskra leikfélaga var haldinn að Húnavöllum 4. - 12. júní og þar settu félagar úr leikfélaginu sannarlega svip sinn á skólalald. Alls fóru 11 félagar úr leikfélaginu í skólann 2016. Einn fór á leikstjórnarnámskeið, þrír á sérnámskeið fyrir leikara hjá Steven Harper, sex á Leiklist I, grunnnámskeið í leiklist, og einn fór sem höfundur í heimsókn. Þess má til gamans geta að álíka margir stefna á að fara í skólann í sumar og leikfélagið verður því áfram áberandi í skólastarfinu, enda bæði efnilegt og metnaðarfullt fólk þar á ferð.

Þrjú sumarnámskeið fyrir börn voru haldin í leikhúsinu 13. júní - 1. júlí fyrir börn á aldrinum 7-13 ára. Alls sótti 61 barn námskeiðin en umsjónarmenn voru Sigríður Hafsteinsdóttir, Guðný Lára Gunnarsdóttir, Davíð Alexander Österby Christensen, Sigrún Sighvatsdóttir, Íris Árný Magnúsdóttir og Hafþór Agnar Unnarsson. Enn og aftur sanna námskeiðin hversu mikilvægt það

er að rækta grasrótina og finnur stjórnin það bæði á þakklæti gesta sem sent hafa börn á námskeið hjá okkur, og sömuleiðis í þakklæti þeirra leikara sem stigu sín fyrstu skref á þessum námskeiðum.

Strax í kjölfar barnanámskeiðanna fylltist leikhúsið af bókum. Það var stjórn sönn ánægja að verða við þeirri ósk Bókabæjanna austanfjalls að fá að halda bókamarkað í húsinu á því tímabili sem leikfélagið var í sumarfríi. Tókst markaðurinn vel sem og samstarfið og ekki ólíklegt að framhald verði á í framtíðinni ef aðstæður leyfa.

Leikfélagið hefur unnið markvisst í að bæta tækjakost sinn enda margt af búnaðinum komið á efri ár. Síðustu tvö ár hefur verið unnið í því að finna viðeigandi hljóðkerfi sem hentar vel fyrir erfiðar aðstæður í húsinu. Þeirri leit lauk í september þegar keypt var nýtt hljóðkerfi sem hefur fyllilega staðið undir væntingum og er stjórnin mjög ánægð með hvernig til tókst.

Haustdagskrá leikfélagsins var kynnt á opnum fundi í leikhúsinu 7. september en þar var ansi margt spennandi í boði fyrir fólk á öllum aldri. Nokkuð var um ný andlit á fundinum og veturinn lofaði því góðu.



Leikfélag Selfoss - Loddararnir

Hugarflug var fyrst á dagskrá en æfingar hófust strax daginn eftir haustfund. Sýnd var ein sýning 2. október sem samanstóð af stuttverkum, þar af nokkrum nýjum, sketsum og tónlistaratriðum. Um 60 manns mættu á sýninguna og tókst hún í alla staði mjög vel.

Leikfélag Ölfuss og Leikfélag Selfoss héldu sameiginlegt ritunarnámskeið vorið 2016. Það fékk framhaldslíf þegar haldin var stuttverkadagskráin Stíflan brestur 22. október í Litla leikhúsinu við Sigtún. Alls voru sýnd sex verk, þrjú frá hvoru félagið en öll höfðu verkin verið skrifuð á umræddu námskeiði. 45 manns sáu sýninguna.

Þar sem leikverk vetrarins var ríkt af söngvum, var ákveðið að halda söngnámskeið um haustið. Það fór fram dagana 12. og 19. nóvember í leikhúsinu. Kennari var Sara Blandon söngkona en nemendur voru 15. Námskeiðið tókst einstaklega vel og var mikil ánægja meðal þátttakenda.

Vinna við leikrit vetrarins hófust með vinnu-smiðju helgina 26. - 27. nóvember með leikstjórnum Þóreyju Sigþórsdóttur. Verkið Uppspuni frá rótum eftir þá Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason varð fyrir valinu en það er fjölskyldusaga með söngvum sem gerist á nokkrum tímabilum 20. aldar, í öfugri tímaröð. Byrjað var að æfa verkið nokkra daga í desember og skipað í hlutverk áður en leikhóp-

urinn hélt í jólafrí.

Hið árlega Jólakvöld var haldið 14. desember í leikhúsinu. Félagar nutu ánægjulegrar stundar saman utan amsturs jólaundirbúnings en lesnar voru sögur og spiluð tónlist á meðan gestir gæddu sér á kaffi og smákökum.

Æfingar á Uppspuna frá rótum hófust svo af krafti í byrjun janúar. Lögð var áhersla á tónlistaræfingar í fyrstu, enda stór partur af sýningunni. Það voru tónlistarstjórnir Guðný Lára Gunnarsdóttir og Stefán Örn Viðarsson sem höfðu yfirumsjón með þeim með góðum árangri. Alls léku 15 leikarar í sýningunni og einn gestaleikari leysti af í forföllum. Frumsýning á verkinu var 24. febrúar en alls voru sýndar 16 sýningar og 758 áhorfendur sáu sýninguna. Sýningum lauk 8. apríl og fékk hún mjög góða dóma og mikið lof áhorfenda sem sumir hverjir komu oft en einu sinni að sjá sýninguna.

Þann 14. janúar tók leikfélagið einn eitt tækniskrefið, að þessu sinni á samfélagsmiðlunum þegar félagið opnaði snapchatreikning. Þar er hægt að fylgjast með starfi og lífi fólksins í leikfélaginu, svipmyndum af æfingum og laumast baksviðs á æfingum og sýningum. Hefur þessi nýjung gefist vel og vakið mikla lukku.

Leikfélagið tók þátt í Vor í Árborg líkt og undanfarin ár með því að opna leikhúsið fyrir gestum og gangandi laugardaginn 22. apríl. Boðið var upp á kaffi, vöflur, andlitsmálningu og sýndar myndir úr starfinu. Mikill fjöldi heimsótti leikfélagið líkt og áður, og þykir stjórninni alltaf jafn vænt um að fólk sýni félaginu áhuga.

Leikfélagið ásamt stórum hópi ungra leikara úr leiklistarvali FSU tók þátt í Þjóðleik undir stjórn Guðfinnu Gunnarsdóttur í apríl með leikverkin Mordingjar og Loddararnir. Hópurinn æfði lokaæfingar í leikhúsinu í apríl og sýndi svo á Þjóðleikshátíðinni í Hveragerði 21. - 23. apríl. Hópurinn sýndi svo eina sýningu í Litla leikhúsinu 1. maí síðastliðinn við góða aðsókn en um 70 manns sáu sýninguna.

Leikfélag Selfoss í samstarfi við Leikfélag Ölfuss voru gestgjafar á aðalfundi Bandalags íslenskra

leikfélaga helgina 5.-7. maí 2017. Fundurinn var haldinn að Hlíð í Ölfusi og sóttu 7 fulltrúar þingið frá leikfélaginu en auk þess fluttu tveir stjórnarmeðlimir erindi á námskeiði í stjórnun leikfélaga sem haldið var samhliða þinginu. Tókst þingið vel og var leikfélögunum LS og LÖ þakkað fyrir vel unnin störf.

Leikfélaginu berst mikið af erindum frá aðilum úr öllum áttum á ári hverju. Félagið hefur lagt sig fram um að verða við flestum þeim beiðnum sem berast en margar þeirra snúa að því að fá húsið lánað. Leikfélagið tók á móti fjölda fólks og veitti ýmsum húsaskjól með einum eða öðrum hætti. Hljómsveitin Wayward kom í heimsókn 11. september og tóku upp tónlistarmyndband í leikhúsinu.

15. október rak pólskt par óvænt inn nefið og skoðaði húsið undir píanóstillitónum og Dire Straights í nýju finu hátölurunum sem verið var að setja upp. Þau höfðu tekið eftir leikhúsmerkinn á skilti hússins og langað að kanna málið frekar, enda leikhúsfólk í heimalandinu. Það er sérstaklega skemmtilegt að fá svo óvæntar heimsóknir. Þjóðleikhúsið er orðinn árviss gestur með barnasýningu á haustin. 10. og 11. október sýndi Þjóðleikhúsið barnaleikritið Lofthræddi örninn Örvar fyrir fjölmarga leikskóla- og grunnskólahópa af svæðinu.

Guðfinna Gunnarsdóttir kom með skólahóp í heimsókn 1. nóvember að skoða húsið og raunar kom sami hópur nokkur skipti til að iðka æfingar í nóvembermánuði.

26. nóvember hélt hljómsveitin Rökkva útgáfutónleika fyrir nýjan disk sem hún var að gefa út og sýndi við sama tækifæri kvikmynd sem tekin var upp samhliða disknum, en fjöldi félaga úr leikfélaginu fór með hlutverk í kvikmyndinni.

1. apríl 2017 kom starfsmannafélag Háskólabrúar Keilis í heimsókn á ferð sinni um bæinn. Fengu þau kynningu á félaginu og húsinu en auk þess var flutt stutt atriði úr sýningunni Uppspuni frá rótum.


30. apríl kom dansskólinn Artemis og sýndi dansleikýninguna Rauðhetta og úlfurinn þrisvar sinnum í leikhúsinu fyrir fullu húsi. Var sérstak-

lega skemmtilegt að fá þau í heimsókn og vel líklegt að framhald verði á.

Að lokum viljum við minnst á að framundan er spennandi leikár en það er afmælisár hjá Leikfélaginu. Leikfélag Selfoss verður 60 ára þann 9. janúar 2018. Þann 3. apríl skipaði stjórn fjögurra manna afmælisnefnd til að undirbúa afmælisárið. Nefndina skipa Ester Halldórsdóttir, Eyjólfur Pálmarrsson, Guðfinna Gunnarsdóttir og Hlynur Þór Róbertsson.

Ýmislegt hefur því gengið á í Litla leikhúsinu við Sigtún þetta leikárið og mikið um að vera. Stjórnin vill þakka öllum þeim sem hafa unnið með okkur eða heimsótt okkur á árinu, ánægjan hefur öll verið okkar.

Stjórn Leikfélags Selfoss



Leikfélag Sólheima - Ævintýrakistan

Leikfélag Sólheima

Ævintýrakistan

Höfundur og leikstjóri Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson
Þátttakendur 36
Sýningafjöldi 6
Áhorfendur 550

Skýrsla stjórnar Leikfélags Sólheima fyrir 2016:

Eins og venjan er þá frumsýndum við í Leikfélagi Sólheima á Sumardaginn fyrsta, leikritið Ævintýrakistan eftir Guðmund Lúðvík Þorvaldsson. Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson tók að sér leikstjórn ásamt skrifum á þessu nýja barnaleikriti sem hlaut nafnið Ævintýrakistan og var samið upp úr Grimms ævintýrum. Hann leikstýrði með stakri þryði og skilaði af sér frumlegu og góðu verki sem hentaði okkar íbúum afar vel.

Námskeið í leikrænni tjáningu var haldið og var það einnig í höndunum á Guðmundi Lúðvík en nú mun sú hefð skapast að halda stutt leiklistarnámskeið og fara síðan beint í æfingar á nýju verki. Æfingar hófust í lok janúar og var unnið á þeim hraða sem hentaði okkar fólki. Búningarnir voru unnir í samstarfi við íbúa, sjálfboðaliða og starfsmenn, litríkir og fagrir eins og samfélagið okkar.

Ný stjórn var skipuð á árinu sem kemur inn með ferskan blæ í Leikfélagið.

Stjórn leikfélagsins vill þakka öllum sem komu að gerð leikritsins á einhvern hátt, öllum þeim sem biðu heima á meðan og síðast en ekki síst þeim gestum sem komu og nutu með okkur. Lengi lifi andinn!

Eins og venjan er komst enginn á aðalfund BÍL þetta árið þar sem sýningartíminn virðist alltaf sá sami. Vonandi verður breyting á því að ári.

Annað markvert var ekki að gerast hjá Leikfélagi Sólheima á árinu 2016.

*Með sólarkeðju f. h. stjórnar,
Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir formaður*

Leikfélag Vestmannaeyja

Benedikt Búálfur

Höfundur Ólafur Gunnar Guðlaugsson
Leikstjóri Árni Grétar Jóhannsson
Þátttakendur 25
Sýningafjöldi 9
Áhorfendur 775

Sex í sveit

Höfundur Marc Camoletti
Þýðandi Gísli Rúnar Jónsson
Leikstjóri Guðjón Þorsteinn Pálmarsson
Þátttakendur 10
Sýningarjöldi 8
Áhorfendur 684



Leikfélag Vestmannaeyja - Sex í sveit

Skýrsla stjórnar 2016-2017:

Stjórnarkjör

Aðalfundur var haldinn 28. september og var þar kjörin eftirfarandi stjórn:
Unnur Guðgeirsdóttir, formaður
Alexander Páll Salberg, varaformaður
Viktor Rittmüller, gjaldkeri
Guðrún Ása Frímannsdóttir, meðstjórnandi
Jóhann Helgi Gíslason, meðstjórnandi
Sigfríður Björg Ingadóttir, meðstjórnandi
Skæringur Óli Þórarinnsson, meðstjórnandi

Verkefni leikársins

Haustrykkið hjá félaginu var Benedikt Búálfur eftir Ólaf Guðlaugsson. Leikstjóri að þessu sinni var Árni Grétar Jóhannsson sem sótti um hjá okkur í gegnum auglýsingu sem var sett inná Leiklistarvefinn. Æft var í október og nóvember. Frumsýnt var þann 3. desember. Sviðsmyndin var einföld og afar praktísk. Hóll sem gat orðið að sortuhelli og stuðlaberg sem gat orðið að barna-

herbergi svo eitthvað sé nefnt. Söngurinn varð einnig afar fallegur eftir þjálfun í umsjón Jórunnar Lilju. Sýningin heppnaðist afar vel og fékk góð tilmæli. Okkur finnst frábært að hafa kynnst Árna leikstjóra og getum við vel hugsað okkur að fá hann aftur til okkar.

Eftir áramót var svo ákveðið að ráðast í annan farsa og varð Sex í sveit eftir Marc Camoletti fyrir valinu. Leikstjóri var Guðjón Þorsteinn Pálmarsson. Verkið gerðist í súrheysturni og varð sviðsmyndin sem glæsilegust. Steyptir veggir, slökkvarar og innstungur á veggjum, háaloft og rautt teppi lagt. Frumsýnt var 7. apríl og aðeins sex leikarar báru þungan af þessu verki. Mikil textavinna unnin á mjög stuttum tíma. Gaman er að segja frá því að þetta er lengsta verkið sem sett hefur verið á svið hjá LV en leikið efni var um 150 mínútur. Sýningin heppnaðist mjög vel og fékk mjög góða dóma meðal bæjarbúa.

Að lokum viljum við þakka góða fólkinu okkar fyrir að hafa lagt krafta sína í leikfélagið á þessu leikári.

Viktor Rittmüller gjaldkeri

Leikfélag Ölfuss

Listin að lifa

Höfundur Sigríður Lára Sigurjónsdóttir
Leikstjóri Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson
Þátttakendur 12
Sýningafjöldi 8
Áhorfendur 218

Skýrsla stjórnar leikárið 2016-2017:

Í stjórn Leikfélags Ölfuss þetta leikár sátu Magnþóra Kristjánsdóttir formaður, Árný Leifsdóttir varaformaður, Oddfreyja Halldóra Oddfreysdóttir gjaldkeri, Hulda Gunnarsdóttir ritari og Hákon Svavarsson meðstjórnandi. Í varastjórn voru þau Þrúður Sigurðar og Halldór Ingólfsson. Formaður gefur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.



Leikfélag Ölfuss - Listin að lifa

Bandalagsskólinn

Ákvörðun stjórnar frá því 2011 um að greitt verði fyrir allt að 3 nemendur í Bandalagsskólann var og er áfram í gildi. Sumarið 2016 var skólinn haldinn dagana 4.-12. júní að Húnavöllum og fóru fjórir meðlimir leikfélagsins í skólann, þau Aðalsteinn Jóhannsson, Árný Leifsdóttir og Magnþóra Kristjánsdóttir á Leikstjórn II hjá Rúnari Guðbrandssyni og Oddfreyja H. Oddfreysdóttir á sérnámskeið hjá Stephen Harper. Nú í sumar verður skólinn haldinn að Reykjum í Hrótafirði 12.-20. júní og eru fimm meðlimir LÖ skráðir til leiks, Aðalsteinn, Árný og Magnþóra á Masterclass í leikstjórn hjá Rúnari Guðbrandssyni og Oddfreyja og Erla Dan á sérnámskeið hjá Þorsteini Bachman. Samkvæmt áðurnefndri samþykkt greiðir LÖ sem nemur þremur skólagjöldum og deilist upphæðin milli þessara fimm nemenda í ár.

Verkefni félagsins á leikárinu

Verkefni félagsins voru mörg og margvísleg að vanda. Á vorhátíð Leikskólans Bergheima var sýnt leikritið Amma og þjófurinn í safninu, leikgerð eftir Árnýju Leifsdóttur byggt á samnefndri sögu eftir Björk Bjarkadóttur. Árný leikstýrði einnig verkinu sem sýnt var í lautinni við leikskólann. Leikfélagið sýndi einnig frumsamið barnaleikrit á Hafnardögum laugardaginn 13. ágúst undir berum himni í blíðskaparveðri í Skrúðgarðinum.



Leikfélag Ölfuss - Amma og þjófurinn í safninu

Verkið nefnist Vorboðinn ljúfi og er eftir þau eðal-hjón Freyju og Steina. Inn í verkið fléttaðist svo stuttverkið Sítrónan eftir Karl Ágúst Úlfsson.

Í kjölfar leikritunarnámskeiðs sem haldið var á vormánuðum 2016 í samstarfi við Leikfélag Selfoss kviknaði sú hugmynd að setja upp eitthvað af verkunum. Blásið var til stuttverkahátíðar sem bar yfirskriftina Stíflan brestur þann 22. október í Litla leikhúsinu við Sigtún og voru sýnd alls sex verk. Aðgangur var ókeypis og var viðburðurinn ágætlega sóttur.

Leikfélag Ölfuss sá um að útvega jólasveina að venju við tendrun jólatrés á Ráðhústorginu 1. desember. Þeir voru hressir en söknuðu tónlistar til að dansa við. Þarf að passa upp á það næst að hún verði til staðar.

Erla Dan Jónsdóttir var fulltrúi LÖ í þorra-blótsnefnd og stóð sig með stakri þryði.

Í ársbyrjun 2017 var farið af stað með stóra verkefni vetrarins. Upphaflega stóðu vonir til þess að leikstjórn yrði í höndum LÖ félaga en vegna óviðráðanlegra orsaka varð ekki af því. Fengum við því Guðmund Lúðvík Þorvaldsson til liðs við okkur með mjög skömmum fyrirvara og eftir að hafa skoðað nokkur verk og séð hvaða leikarar voru til í tuskid var ákveðið að ráðast í að setja upp verkið Listin að lifa eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur. Æfingatímabilið gekk í heildina lítið vel þrátt fyrir ýmis skakkaföll eins og leikaraskipti fjórum dögum fyrir frumsýningu. Olli það því að

fresta þurfti frumsýningu um tvær vikur. Verkið var frumsýnt 10. mars og voru sýndar 7 sýningar fyrir 218 gesti. Ég vil þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn við uppsetninguna.

Verkefni næsta leikárs

Nú þegar er búið að ráða LÖ til að sýna barnaleikrit á Hafnardögum og þarf að hefjast handa við undirbúning þess hið fyrsta. Hugmyndir hafa verið uppi um að halda leiklistarmiðju fyrir yngri börn í sumar. Það ásamt vetrarverkefnum er í höndum nýrrar stjórnar.

Bíl þing

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga var haldinn í Hótel Hlíð í Ölfusi um síðustu helgi, 5.-7. maí í dásemdardæðri. Leikfélag Ölfuss og Leikfélag Selfoss voru gestgjafar að þessu sinni. Fundurinn fór vel fram og var röskegla stjórnað af Huldu Gunnarsdóttur og Magnúsi J. Magnússyni. Um veislustjórn á laugardagskvöldinu sáu Oddfreyja H. Oddfreysdóttir og Bergsveinn Theodórs-son. Helena Helgadóttir og Aðalsteinn Jóhannsson léku búta úr Listinni að lifa. Fundargerð aðalfundarins verður aðgengileg inni á leiklist.is fljótlega.

Annað

Styrkjanefndin hefur sótt um þá styrki sem í boði eru og gerir grein fyrir því hér á eftir. Keypt var nýtt ljósaborð þar sem stóra borðið bilaði. Var það notað í Listinni að lifa og virkaði ákaflega vel.

Leikfélag Ölfuss sendi inn umsókn til Þjóðleik-hússins um athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins. Fyrir valinu að þessu sinni varð sýningin Naktir í náttúrunni í flutningi Leikfélags Hveragerðis og mun sú sýning verða sett upp í Þjóðleikhúsinu í júní.

Ég vil nota tækifærið og þakka stjórn fyrir samstarfið og ég hlakka til að starfa með félaginu mínu að næstu verkefnum. Þessi þrjú ár sem ég hef verið formaður hafa verið mér ánægjuleg og lærdómsrík en nú tel ég að komið sé að því að rétta keflið áfram. Það á enginn að festast um of í sessi. Takk fyrir mig.

Magnþóra Kristjánsdóttir formaður.

Leikfélagið Borg

Svefnlausí brúðguminn

Höfundur Arnold og Bach
Þýðandi Sverrir Haraldsson
Leikstjóri Magnús J. Magnússon
Þátttakendur 11
Sýningafjöldi 11
Áhorfendur 632

Skýrsla stjórnar:

Fljótlega eftir seinasta aðalfund áttuðum við okkur á því í stjórninni að við yrðum að breyta og hafa uppgjör frá 1. maí til 30. apríl og ákveðið var að fara að vinna strax eftir því og fá það samþykkt á næsta aðalfundi. Skýrsla stjórnar tekur líka mið af þessum dagsetningum. Munum við því bera upp tvo reikninga á þessum aðlfundi því við ákváðum að endurgera seinasta reikning þannig að það sé bara eitt leikrit á hverri ársskýrslu.

Strax eftir lok seinasta leikrits var ákveðið að að hittast einu sinni í viku út maí og urðu þriðju-dagskvöld fyrir valinu. Strax var farið að lesa yfir önnur leikrit og huga að næstu leiksýningu, einnig var byrjað að undirbúa Grímsævintýri.

Í júní 2016 fóru Kristbjörg Sigtryggisdóttir og Ragnhildur Ýr Gunnarsdóttir á leiklistarnámskeið hjá Bandalagi íslenskra leikfélaga. Það námskeið stóð yfir í 12 daga og styrkti leikfélagið þær um 40 þús. hvora. Stjórn leikfélagsins vill áfram hvetja meðlimi til að fara á þessi námskeið ef þeir geta því það gagnast öllum í leikfélaginu.

Síðan í lok júlí hittist hópur sem vann að því að setja saman litla sýningu fyrir Grímsævintýri sem var 6. ágúst, að þeirri leiksýningu komu 9 full-orðnir og 9 börn. Tókst þessi sýning ákaflega vel og viljum við gera eitthvað þessu líkt árlega.

Í byrjun september var gerður samningur við nýjan leikstjóra, Magnús J. Magnússon, sem mætti og hitti hóp af áhugasömum leikurum 6. september. Hann kynnti sig og lét okkur gera allskonar æfingar til að kynna okkur. 12. og 18. september voru síðan æfingar þar sem lesin voru leikrit og 18. september var tekin sú ákvörðun að velja leikritið Svefnlausí brúðguminn. Tók það þó tvær æfingar í viðbót að fylla í öll hlutverk nema eitt



Leikfélagið Borg - Svefnlausí brúðguminn

lítið. Sex æfingar voru svo til viðbótar á árinu 2016 og var fyrsta rennsli 21. nóvember sem tóks vel þó það vantaði einhverja leikara. Í byrjun janúar varð hópurinn fullskipaður með 11 leikurum og gengu æfingar mjög vel með góðu skipulagi þó æft væri 5-6 daga vikunnar þá var hver leikari aldrei svo oft. Generalprufa var síðan 16. febrúar og frumsýning 17. febrúar og tókst hún að okkar mati mjög vel. Næstu sýningar voru síðan 11. mars og loka sýning 17. mars fyrir fullu húsi sem var frábær tilfinning. Rúmlega 600 manns sáu sýninguna sem er líka frábært.

Stjórn leikfélagsins er þakklát fyrir það fólk sem er tilbúið að vinna með okkur og erum við einstaklega heppin með sterkan og skemmtilegan hóp.



Leikfélagið Borg - Svefnlausí brúðguminn

Leikfélagið Óríon

Hetjan

Höfundur og leikstjóri Anna Íris Pétursdóttir
Þátttakendur 16
Sýningafjöldi 4
Áhorfendur 75



Leikfélagið Óríon - Hetjan

Leikfélagið Skagaleikflokkurinn

Það er lítið að fréttu af starfsemi Leikfélagsins Skagaleikflokkurinn síðasta leikár en ný stjórn var kosin í vor og er að koma saman á næstu dögum til að huga að vetrarstarfseminni, vonandi gerum við eitthvað skemmtilegt.

Hér koma upplýsingar um stjórn Leikfélagsins Skagaleikflokkurinn.

Guðbjörg Árnadóttir, formaður
Erla Gunnarsdóttir, ritari
Geir Guðjónsson, gjaldkeri
Þórdís Ingibjartsdóttir, meðstjórnandi
Steinunn Á Björnsdóttir, meðstjórnandi

Leikfélagið Sýnir

Hugleiðsla

Höfundur Gísli Björn Heimisson
Leikstjóri Jónheiður Ísleifsdóttir
Þátttakendur 3
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 22

Sauðburður burður

Höfundur Stefán H. Jóhannesson
Leikstjóri Árný Leifsdóttir
Þátttakendur 4
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 22

Tinder

Höfundur Ninna Karla Katrínardóttir
Leikstjóri Ásta Gísladóttir
Þátttakendur 3
Sýningafjöldi 2
Áhorfendur 52

Skin og skúrir

Höfundur Ásta Gísladóttir
Leikstjóri Ármann Guðmundsson
Þátttakendur 4
Sýningafjöldi 2
Áhorfendur 52

Hamingja

Höfundur Ásta Elínardóttir
Leikstjóri Dýrleif Jónsdóttir
Þátttakendur 3
Sýningafjöldi 2
Áhorfendur 52

Nýjasta tíska og vísindi

Höfundur Ármann Guðmundsson
Leikstjóri Gísli Björn Heimisson
Þátttakendur 3
Sýningafjöldi 2
Áhorfendur 52

Nei, tuff!

Höfundur Sigríður Bára Steinþórsdóttir
Leikstjóri Aðalsteinn Jóhannsson
Þátttakendur 3
Sýningafjöldi 2
Áhorfendur 52

Steinar undir teppi

Höfundur Helga Hlín Bjarnadóttir
Leikstjóri Ásta Elínardóttir
Þátttakendur 3
Sýningafjöldi 2
Áhorfendur 52

In memoriam

Höfundur Steinunn Þorsteinsdóttir
Leikstjóri F. Elli Hafliðason
Þátttakendur 4
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 22



Leikfélagið Sýnir - Tinder

Góður díll

Höfundur Magnþóra Kristjánsdóttir
Leikstjóri Ólafur Þórðarson
Þátttakendur 4
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 22

Fyrsta deitið

Höfundur Oddfreyja H. Oddfreysdóttir
Leikstjóri Íris Blandon
Þátttakendur 3
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 22

Pókemon

Höfundur Aðalsteinn Jóhannsson
Leikstjóri Úlfhildur Örnólfsdóttir
Þátttakendur 3
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 22

Harðlífi

Höfundur Ólafur Þórðarson
Leikstjóri Stefán H. Jóhannesson
Þátttakendur 3
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 22

Trufluð starfslok

Höfundur Don Ellione (F. Elli Hafliðason)
Leikstjóri Ingveldur Lára Þórðardóttir
Þátttakendur 4
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 22



Leikfélagið Sýnir - Nýjasta tíska og vísindi

Í hverju varstu?

Höfundur Sigrún Tryggvadóttir
Leikstjóri Magnþóra Kristjánsdóttir
Þátttakendur 4
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 22

Uppskeyra

Höfundur Ingveldur Lára Þórðardóttir
Leikstjóri Sigrún Tryggvadóttir
Þátttakendur 3
Sýningafjöldi 1
Áhorfendur 22

Árskýrsla 2016-17:

Stjórn leikfélagsins skipa:
Ármann Guðmundsson, formaður
Gísli Björn Heimisson, varaformaður
Unnar Reynisson, gjaldkeri
Ninna Karla Katrínardóttir, ritari
Ásta Elínardóttir, meðstjórnandi

Varastjórn skipa Sigrún Tryggvadóttir, Stefán H. Jóhannesson og María Björt Ármannsdóttir

Leikárið byrjaði af nokkrum krafti, um sumarið voru sýndar tvær stuttverkadagskrár, sú fyrri, Hjáverkin, var frumsýnd 25. júlí 2016 og voru þar sýnd sex verk eftir sex höfunda, allt innanfélagsmenn. Sýndar voru tvær sýningar við leikskólann Steinahlíð í Reykjavík og var aðsókn vonum framar.

Leikfélagið stóð svo fyrir örleikritadagskrá á Bandalagsskólaendurfundum sem haldnir voru í Félagsheimilinu Brún í Borgarfirði þann 12. ágúst. Þar voru sýnd tíu leikverk eftir jafn marga höfunda og átti enginn þeirra verk í Hjáverkunum. Félagið sýndi því 16 verk eftir 16 höfunda um sumarið.

Starfsemi lá svo nánast alveg niðri um veturinn ef frá eru taldir nokkrir stjórnarfundir og aðalfundur.

Ármann Guðmundsson, formaður

Leikhópurinn Lopi

Morð!

Höfundur Ævar Þór Benediktsson
Leikstjóri Magnús J. Magnússon
Þátttakendur 11
Sýningafjöldi 7
Áhorfendur 133

Skýrsla stjórnar leikárið 2016 – 2017:

Starfsemi Leikhópsins Lopa var frekar hefðbundin sl. leikár. Ákveðið var á fundi í september 2016 að einbeita sér að Þjóðleik 2017 sem yrði í Hveragerði helgina 21. – 23. apríl 2017.

Eftir að hafa lesið þau leikrit sem í boði voru var ákveðið að taka til æfinga og sýninga leikritið Morð! eftir Ævar Þór Benediktsson. Um var að ræða skemmtilegt unglingsverk sem gerist á fundi raðmorðingja.

Æfingar hófust í febrúar. Sex leikarar tóku þátt í sýningunni og 5 tæknimenn. Æfingar gengu vel

og var frumsýnt 22. apríl við góðar undirtektir. Sýndar voru 2 sýningar á Þjóðleik og síðan 5 á Stokkseyri. Sýningar gengu vel og var almenn ánægja með þetta verkefni.

Í heild gekk þetta leikár vel. Þetta var 30. frumsýning Lopa og 24. leikárið. Sýnir að starfsemin er í gangi.

Magnús J. Magnússon formaður



Studentaleikhúsið - Meinvillt

Studentaleikhúsið

Meinvillt

Höfundur Edward Bond
Þýðandi Úlfur Hjörvar
Leikstjóri Vignir Rafn Valþórsson
Þátttakendur 9
Sýningafjöldi 8
Áhorfendur 134

Umf. Dagrenning, leikdeild

Hafið

Höfundur Ólafur Haukur Símonarson
Leikstjóri Margrét Halla Jóhannesdóttir
Þátttakendur 21
Sýningafjöldi 12
Áhorfendur 628

Ársskýrsla Leikfélags Ungmennafélags
Dagrenningar leikárið 2016-2017:

Leiknefnd Ungmennafélags Dagrenningar skipa



Umf. Dagrenning - Hafið

Birta Berg Sigurðardóttir, Sigurður Ragnarsson og Þór Þorsteinsson. Eftir nokkra fundi og umræður ákvað nefndin að setja á svið leikverkið Hafið eftir Ólaf Hauk Símonarson og okkur til lukku samþykkti Halla Margrét Jóhannesdóttir að leikstýra verkinu. Fljótlega í janúar hófust æfingar og frumsýnt var 10. mars 2017 í félagsheimilinu Brautartungu og urðu sýningarnar tólf talsins. Ánægjulegt er að segja frá því að þó nokkrir meðlimir í leikhópnum voru að taka sín fyrstu skref á leiksviði en vonandi ekki þau síðustu.

Með sanni má segja að starf vetrarins hefur skilað sér í samheldnum og öflugum hópi félagsmanna.

*F.h. leiknefndar
Birta Berg Sigurðardóttir*

Umf. Efling, leikdeild

Skilaboðaskjóðan

Höfundur Þorvaldur Þorsteinsson
Tónlist Jóhann G. Jóhannsson
Leikstjóri Hörður Þór Benónýsson
Þátttakendur 32
Sýningafjöldi 10
Áhorfendur 589

Starfsskýrsla:

Í febrúar 2017 var tekin ákvörðun um að setja á svið Skilaboðaskjóðuna og boðað til fundar til að kanna áhuga félagsmanna. Fyrsti samlestur var boðaður í lok febrúar og æfingar hófust í fram-



Umf. Efling - Skilaboðaskjóðan

haldi af því. Æfingar gengu vel og verkið var frumsýnt 31. mars.

Þetta er í fyrsta sinn sem Leikdeild Eflingar setur upp barnasýningu og var henni vel tekið. Þátttakendur voru blanda af gamalreyndum leikurum, minna reyndum og þó nokkrum sem voru að stíga sín fyrstu skref á sviði. Leikarar voru 18 auk fjögurra manna hljómsveitar og þeirra fjölmörgu annarra sem komu að sýningunni með einum eða öðrum hætti. Að venju var Leikdeildin í samstarfi við Kvenfélag Reykdæla, en kvenfélagskonur sáu um veitingasölu á sýningum.

Leiknefnd Eflingar skipa:
Freydís Anna Arngrímsdóttir
Járnbrá Björg Jónsdóttir
Hörður Þór Benónýsson

Umf. Gnúpverja, leiknefnd

Láttu ekki deigan síga, Guðmundur

Höfundar Edda Björgvinsdóttir
og Hlín Agnarsdóttir
Leikstjóri Vilborg Halldórsdóttir
Þátttakendur 22
Sýningafjöldi 10
Áhorfendur 520

Skýrsla leiknefndar veturinn 2017:

Í janúar hófust æfingar á leikritinu Láttu ekki deigan síga Guðmundur eftir þær Eddu Björgvinsdóttir og Hlín Agnarsdóttir. Leikstjóri var Vilborg Halldórsdóttir. Um tónlistarflutning sáðu þau Hjörtur Hjartarson, Þorbjörg Jóhannesdóttir,



Umf. Gnúfverja - Láttu ekki deigan síga Guðmundur

Karl Hallgrímsson og Gréta Gísladóttir. Tónlistina samdi Jóhann G. Jóhannsson. Leikarar voru allir úr sveitafélaginu í 15 hlutverkum auk annarra hjálparkokka. Frumsýnt var 10. mars og alls voru sýningar 10 og sýnt í félagsheimilinu Árnesi. Um 600 manns sáu sýningarnar.

Stjórn leiknefndar:

Sigrún Bjarnadóttir, Fossnesi, formaður

Póra Þórarinsdóttir, Haga, gjaldkeri

Sigprúður Jónsdóttir, Eystra-Geldingaholti, ritari

Leikdeild Umf. Skallagríms

Saumastofan

Höfundur Kjartan Ragnarsson

Leikstjóri Gunnar Björn Guðmundsson

Þátttakendur 9

Sýningafjöldi 11

Ahorfendur 450



Umf. Skallagrímur - Saumastofan

Erlent samstarf

Norður-evrópskt leiklistarsamstarf ungmenna - NEATA-YOUTH

Helsinki, 11. - 14. maí 2017

María Björt Ármannsdóttir, fulltrúi Bandalagsins í NEATA youth, sótti í maímánuði fund í Helsinki þar sem komandi verkefni voru rædd:


Ég hef verið fulltrúi Íslands í NEATA youth frá árinu 2012. Fundurinn í Helsinki snerist að miklu leyti um hvernig skipulagi yrði háttað næstkomandi starfsár og hvaða leiðir séu færar til að koma starfseminni betur á framfæri meðal ungmenna, en NEATA youth er samstarf Norðurlandanna og Eystarsaltsríkjanna um leiklist ungmenna á aldrinum 18-25 ára.

Meðal þess sem rætt var um var komandi leiklistaráhitið og workshop vinna tengd hátíðinni, en næsta NEATA hátíð verður haldin í Litháen júlí 2018.

Jafnframt var rætt um hvernig ætti að halda sambandi og þessum hópi meira gangandi en ekki alltaf byrja aftur á byrjunarreit þegar ný NEATA hátíð er í vændum.

Vangaveltur komu fram um hvaða leiðir væru færar til að láta ungmenni í heimalandi vita af starfinu. Mögulega væri hægt að halda einhverskonar námskeið fyrir þennan aldurshóp, 18-25 ára. Stofnaðar voru tvær nefndir; annarsvegar Facebook-nefnd og hinsvegar styrkumsóknarnefnd. Þessar nefndir verða starfandi fram að næsta verkefni. Skipt verði um nefndar meðlimi eftir hverja hátíð/verkefni.

Albert Haggblom frá Finnlandi var kosinn fulltrúi NEATA youth í NEATA stjórnina og mun það vonandi auka upplýsingaflæði þar á milli. Fyrirhugað er að funda aftur eftir áramót.



María Björt Ármannsdóttir

Workshop - Trent Pency

Samhliða fundinum var boðið upp á workshop í spuna hjá Trent Pency. Trent Pency er amerískur leikari, höfundur og framleiðandi sem býr í Tampere í Finnlandi. Hann hélt stutt 2 daga námskeið fyrir okkur.

Trent hefur unnið með improvised comedy í 15 ár. Hann kennir improv á ensku í Finnlandi í gegnum fyrirtækið sitt „the improvacademy“ og hefur ferðast um Evrópu bæði til að sýna, kenna og þjálfa spunaleikara.

Hann kennir mismunandi aðferðir við að nýta spuna í karaktersköpun, sem leiklistarupphitanir, við skrif og fleira.

Leikum núna - setjum leiklist fyrir ungmenni í fókus. Takk fyrir mig.

María Björt Ármannsdóttir

Athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2016-17



Þjóðleikhússtjóri, Ari Matthíasson, tilkynnti um valið á hátíðakvöldverði aðalfundar Bandalags íslenskra leikfélaga að Hlíð í Ölfusi laugardaginn 6. maí sl.:

Val Þjóðleikhússins á athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins hefur nú farið fram í tuttugasta og fjórða sinn. Að þessu sinni sóttu alls ellefu leikfélög um að koma til greina við valið með tólf sýningar.

Að valinu á áhugasýningu ársins komu að þessu sinni fjórir leikarar úr leikhópi Þjóðleikhússins, þau Atli Rafn Sigurðarson, Edda Arnljótsdóttir, Lára Jóhanna Jónsdóttir og Snorri Engilbertsson, ásamt Ara Matthíassyni þjóðleikhússtjóra.

Eftirtalin leikfélög sóttu um með þessar sýningar:

1. Freyvangsleikhúsið: Góðverkin kalla. Höfundar: Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason. Leikstjórn: Oddur Bjarni Þorkelsson og Margrét Sverrisdóttir.

2. Halaleikhópurinn: Farið. Höfundur: Ingunn Lára Kristjánsdóttir. Leikstjórn: Margrét Guttormsdóttir.

3. Leikdeild Skallagríms: Leikið í 100 ár. Samið af félögum í leikdeildinni, byggt á sögu leikfélagsins. Leikstjórn: Jónas Þorkelsson.

4. Leikdeild Skallagríms: Saumastofan. Höfundur: Kjartan Ragnarsson. Leikstjórn: Gunnar Björn Guðmundsson.

5. Leikdeild Ungmennafélags Gnúpverja: Láttu ekki deigan síga Guðmundur. Höfundar: Edda Björgvinsdóttir og Hlín Agnarsdóttir. Leikstjórn: Vilborg Halldórsdóttir.

6. Leikfélag Hveragerðis: Naktir í náttúrunni. Byggt á The Full Monty. Leikgerð og leikstjórn: Jón Gunnar Þórðarson.

7. Leikfélag Keflavíkur: Litla hryllingsbúðin. Höfundur: Howard Ashman. Leikstjórn: Þorsteinn Bachmann.

8. Leikfélag Kópavogs: Snertu mig - ekki! Höfundur: Örn Alexandersson. Leikstjórn: Sigrún Tryggvadóttir.

9. Leikfélag Kópavogs: Svarti kassinn. Höfundur: Hrefna Friðriksdóttir. Leikstjórn: Ágústa Skúladóttir.

10. Leikfélag Mosfellssveitar: Skilaboðaskjóðan. Höfundur: Þorvaldur Þorsteinsson. Leikstjórn: Agnes Wild.

11. Leikfélag Selfoss: Uppspuni frá rótum. Höfundar: Ármann Guðmundsson, Þorgeir Tryggvason og Sævar Sigurgeirsson. Leikstjórn: Þórey Sigþórsdóttir.

12. Leikfélag Ölfuss: Listin að lifa. Höfundur: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir. Leikstjórn: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson.

Sýningar leikársins báru kraftmiklu starfi áhugafélaganna fagurt vitni. Starfsemi Leikfélags Kópavogs vakti sérstaka athygli dómnefndar, en það frumflutti tvö áhugaverð ný, íslensk verk í metnaðarfullum sýningum.

Fyrir valinu að þessu sinni sem áhugasýning ársins varð sýning Leikfélags Hveragerðis á Naktir í náttúrunni.

Umsögn dómnefndar um sýninguna er svohljóðandi:

„Naktir í náttúrunni í uppsetningu Leikfélags Hveragerðis er leikgerð leikstjórans, Jóns Gunnars Þórðarsonar, sem byggð er á The Full Monty, verki um atvinnulausa menn sem taka sig saman og fara að æfa strippdans til að hafa í sig og á. Þessi leið, að vinna með þekkt verk og aðlaga það leikhópnum og aðstæðum í heimabyggð, heppnast hér ákaflega vel, og sýningin öðlast aukinn áhrifamátt við það að atvinnumissir persónanna er settur í kunnuglegt samhengi. Verkið krefst ákveðinnar djörfungar af leikhópnum, og hópurinn leggur sig allan fram í metnaðarfullri, kraftmikilli og skemmtilegri sýningu.“

Þjóðleikhúsið óskar Leikfélagi Hveragerðis til hamingju og býður leikfélaginu að koma og sýna sýninguna í Þjóðleikhúsinu í júní.



Stjórnarfundir Bandalags íslenskra leikfélaga

Stjórnarfundur 7. maí 2016

Haldinn í Félagsheimilinu Herðubreið á Seyðisfirði.

Fundur settur klukkan 15:45

Mættir: Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Bernharð Arnarson, Gísli Björn Heimisson, Sigríður Hafsteinsdóttir, Embla Guðmundsdóttir, Ágúst T. Magnússon, Þráinn Sigvaldason og Vilborg Á. Valgarðsdóttir.

1. Stjórn skiptir með sér verkum.

Ákveðið að hlutverk séu óbreytt, Ólöf verði varaformaður og Þráinn ritari.

2. Rætt um dagsetningu fyrir aðalfund 2017.

Ákveðið að halda hann 5.-7. maí á suðurlandi.

3. Ákveðið að hafa úthlutunarfund föstudaginn 24. júní klukkan 13:00.

Fundi slitið klukkan 16:00

Fundargerðina reit Þráinn Sigvaldason.

Stjórnarfundur 24. júní 2016

Haldinn að Kleppsmýrarvegi 8 í Reykjavík.

Fundur settur kl. 13.30

Mættir: Guðfinna Gunnarsdóttir, Gísli Björn Heimisson, Sigríður Hafsteinsdóttir, Salbjörg Engilbertsdóttir og Vilborg Á. Valgarðsdóttir.

Guðfinna formaður setur fundinn.

Dagskrá:

1. Úthlutun styrkja Mennta- og menningar- málaráðuneytisins fyrir leikárið 2015-16

Farið yfir innsendar umsóknir:

Hugleikur – Feigð – Umsókn um frumkvæðisstyrk samþykkt vegna nýrrar tónlistar.

Leikfélag Dalvíkur – Jólادagskrá 2015 – Umsókn hafnað vegna þess að innsend umsókn inniheldur ekki sjálfstæð leikatriði, heldur kynningar og söng ásamt samtali sem ekki teljast leikin.

Leikfélag Hafnarfjarðar – Ekkert að Óttast – umsókn um frumkvæðisstyrk samþykkt vegna vals Þjóðleikhússins á sýningunni sem Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins 2016.

Leikfélag Hörgdæla – umsókn um námskeið sem var 12 klst. hafnað. Lágmarks klst. fjöldi þarf að vera 18 klst.

Leikfélag Keflavíkur – Rauðhetta – Umsókn um frumkvæðisstyrk samþykkt vegna nýrrar tónlistar.

Leikfélag Keflavíkur – umsókn um námskeið sem var 17 klst. hafnað. Lágmarks klst. fjöldi þarf að vera 18 klst.

Leikfélag Mosfellssveitar – Mæður Íslands – Umsókn um frumkvæðisstyrk samþykkt vegna umgjörðar og nýrrar tónlistar.

Leikfélag Norðfjarðar – umsókn um námskeið sem var 15 klst. hafnað. Lágmarks klst. fjöldi þarf að vera 18 klst.

Leikfélag Selfoss – Kjánar og kynlegir kvistir – Umsókn um frumkvæðisstyrk hafnað.

Leikfélag Selfoss – Bangsímón – Umsókn um frumkvæðisstyrk samþykkt vegna nýrrar tónlistar.

Leikfélag Selfoss – Kirsuberjagarðurinn – Umsókn um frumkvæðisstyrk samþykkt vegna nýrrar tónlistar.

Leikfélag Ölfuss – Einn rjúkandi kaffibolli – Umsókn um frumkvæðisstyrk hafnað.

Leikfélag Ölfuss – Stutt og laggott – Umsókn um frumkvæðisstyrk hafnað.

Benda skyldi leikfélagi Ölfuss á að sækja um hvert stuttverk sérstaklega í stuttverkadagskrám.

Leikfélagið Borg – Stjórn ákvað að veita frumkvæðisstyrk vegna endurvakningar leikfélagsins.

Leikfélagið Óríon – Umsókn um frumkvæðisstyrk hafnað.

Stúdentaleikhúsið – 2 umsóknum um námskeið sem voru 12 og 9 klst. hafnað. Lágmarks klst. fjöldi þarf að vera 18 klst.

Litli Leikklúbburinn – Kvöldstund með LL – Umsókn um styrk hafnað þar sem verkefnið var leiklestur, kynningar og söngur án leiks.

Styrkur fyrir verk í fullri lengd er nú 273.839 krónur.

36 leikfélög sóttu um fyrir 112 leiksýningar, 25 námskeið og 29 skólanemendur. Veittir voru styrkir fyrir 110 leiksýningar, 19 námskeið og 29 skólanemendur.

2. Farið yfir starfsáætlun 2016-17 og samþykktir aðalfundar

Starfsáætlun:

Rekstur þjónustumiðstöðvar – Vilborg: Rekstur þjónustumiðstöðvar er eins og vanalega. Ekkert hefur heyrst frá ráðuneytinu vegna samnings við Bandalagið. Engin breyting er á húsaleigu. Verið er að vinna í því að færa leikritasafnið endanlega frá Filemaker Pro yfir á vef. Skólinn gekk mjög vel í ár en hann sóttu 43 nemendur og 5 höfundar í heimsókn. Tímasetning á skólanum 2017 liggur ekki fyrir ennþá en verður auglýst um leið og hún verður ákveðin.

Aðalfundargerð:

Guðfinna lagði til (úr tillögum hópa á aðalfundi) að kynna Leikhúsbúðina betur á vefnum, s.s vara vikunnar/mánaðarins.

Guðfinna lagði til að búa til kynningarpóst (Leikhúsbúðin/handritasafnið) sem hægt væri að senda á ýmis félög.

Setja nemendamyndir BÍL skólans á vefinn lagði Guðfinna til.

3. Önnur mál

Rafrænar styrkumsóknir – 30 félög hafa nú þegar aðgang að rafræna kerfinu, 28 sóttu um rafrænt og 8 sóttu um á pappír. Það að sótt var um bæði rafrænt og á pappír gerði úrvinnslu umsókna mun flóknari en ella og það verður ekki leyft framfar að skila á pappír.

Laga þarf viðmót vegna úrvinnslu gagna sem skilað er til framkvæmdarstjóra af vefnum og aðrir hnökrar sem komu í ljós við þessi fyrstu skil verða lagfærðir fyrir næsta vetur.

Töluverð vinna er enn eftir við skönnun á handritum í Leikritasafninu. Aðallega er um að ræða handrit sem þarf virkilega að hafa fyrir, s.s. eru í bandi eða á annan hátt óaðgengileg.

Rætt var um væntanleg starfslok Vilborgar framkvæmdastjóra en hún verður löggjillt gamalmenni (hennar eigið orðalag) árið 2018.

Umræður urðu um stuttverkahátíð NEATA í Færeyjum nk. október og tilhögun á gistingu o.fl. Litlar upplýsingar berast frá NEATA vegna funda sem formaður mun sækja samhliða hátíðinni og er Vilborgu falið að hafa samband við forseta NEATA til að fá nánari skýringar og tímasetningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:45

Fundargerð ritaði Gísli Björn Heimisson.

Stjórnarfundur 22. október 2016

Haldinn að Kleppsmýrarvegi 8 í Reykjavík.

Mætt eru: Guðfinna Gunnarsdóttir, Embla Guðmundsdóttir, Bernharð Arnarson, Gísli Björn Heimisson, Þráinn Sigvaldason, Sigríður Hafsteinsdóttir og Vilborg Valgarðsdóttir framkvæmdastýra. Þráinn og Bernharð eru á Skype.

Fundur settur klukkan 9:10.

Fundargerð síðasta fundar

Guðfinna fór yfir fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir hafa komið varðandi úthlutun styrkja. Engar athugasemdir gerðar varðandi fundargerðina.

Starfsáætlun:

a) Rekstur skrifstofu er með hefbundnu sniði. Ármann Guðmundsson leysti framkvæmdarstýru af í viku nú á haustdögum. Ekki er enn búið að skrifa undir samning við mennta- og menningar- málaráðuneytið en vonandi verður það gert sem fyrst.

b) Skólanefnd: Fyrir fundinum liggja tvær fundargerðir. Tvö tilboð hafa borist frá staðarhaldara á Húnavöllum næsta sumar, annars vegar í vikuna frá 3.-11. júní og hins vegar vikuna 10.-18. júní. Mikill munur er á tilboðunum og um mikla hækkun að ræða í þeim báðum frá síðasta sumri þannig að hækka verður skólagjöld verulega ef tilboði verður tekið.

Rætt var um hvort annar staður kæmi til greina og kom þá upp hugmynd um Reykjaskóla í Hrútafirði. Stjórn felur skólanefnd að skoða Reykjaskóla og jafnvel aðra staði með það að leiðarljósi að finna góðan stað á sanngjörnu verði. Ganga verði hratt í þá vinnu. Stjórnarmenn munu einnig líta í kringum sig.

Stjórn list vel á það sem skólanefnd setur upp sem hugmyndir um námskeið næsta árs. Einnig er stjórn BÍL spennt fyrir hugmyndum sem komu upp varðandi afmæli skólans. Gott væri að skólanefnd setti upp kostnaðaráætlun. Skráning á viðburðinn þyrfti að vera fyrirfram.

c) Vefmál: Verið er að vinna í því að laga galla á vefumsóknarkerfinu og gengur það vel. Leiklistarvefurinn er í stanslausri jákvæðri þróun.

d) Rætt var um stöðu BÍL gagnvart hinu opinbera. Við þurfum alltaf að vera á tánum og láta vita af okkur.

e) Sérverkefni: Afmælishátíðin er næsta verkefni og hefur hún verið ákveðin um miðjan mars 2017. Nauðsynlegt fyrir stjórn að funda samhliða henni. Einnig verður þá hægt að undirbúa aðalfund 2017.

Stjórn mælir með að Hörður Sigurðarson kynni vef Leikfélags Kópavogs fyrir öðrum leikfélögum á námskeiði í stjórnun leikfélaga samhliða aðalfundi 2017.

Stuttverkahátíð NAETA í Færeyjum 2016

Guðfinna sagði frá hátíðinni sem tókst frábærlega vel. Leikfélag Hafnarfjarðar var þar með leiksýningu og var okkur til sóma. Af óviðráðanlegum ástæðum datt Hugleikhópurinn út, það gerðist með stuttum fyrirvara þannig að ekki náðist að fylla upp í plássíð þeirra.

Guðfinna fór yfir aðalfund NEATA sem haldinn var samhliða hátíðinni. Mest var þar rætt um fyrirhugaðar breytingar á stjórnarskrá alþjóðaáahugaleikhúsráðsins IATA/AITA en kosið verður um breytingarnar á fundi í Monaco á næsta ári. Einnig talaði hún um leiklistarhátíð sem ætluð er leikfélögum eldri borgara og vef sem tileinkaður er hátíðinni. Við fáum nánari upplýsingar frá hátíðarhöldurum síðar.

Önnur mál

a) Vilborg sagði frá því að hún hafi heyrt að mögulega sé verið að vinna að því að halda IATA/AITA hátíð 2019 hér á Íslandi.

b) Bernharð spurði út í næsta aðalfund og hvort búið væri að tryggja staðsetningu. Leikfélag Ölfuss og Leikfélag Selfoss eru að vinna í málinu. Stjórn mælir með að það sé gengið í að tryggja staðsetningu sem fyrst.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:20.

Fundarritari Þráinn Sigvaldason.

Stjórnarfundur 18. mars 2017

Haldinn að Kleppsmýrarvegi 8 laugardaginn 18. mars 2017 kl. 12.00

Mættir:

Guðfinna Gunnarsdóttir, Gísli Björn Heimisson, Þrúður Sigurðardóttir, Sigríður Hafsteinsdóttir, Þórvör Embla Guðmundsdóttir, Ólöf Arnbjörg Þórðardóttir og Vilborg Árný Valgarðsdóttir.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Borin upp og samþykkt.

2. Starfsáætlun 2016-17

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, leiklistarskóla, leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi. Allt gengur sinn vanagang og staðan sæmleg. Verið er að greiða yfirdráttarheimildina niður og því þarf að halda vel utan um budduna.

Skráningar í skólann ganga vel og nýja staðsetningin er klárlega sú besta sem að við höfum haft. Þótt aðstaða fyrir fatlaða sé ekki nægilega góð er hún samt betri en á fyrri stað.

Vefurinn gengur sinn vanagang og búið er að hreingera í umsóknarkerfinu til að auðvelda notkun á því fyrir félögin í vor.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna. Við erum komin með samning fyrir skrifstofuna 2016-18 og þurfum að fá fund fyrir næsta fjárlagaár hjá ráðherra um verkefnastyrkinn. Svo á næsta ári þarf að taka aftur til við umsókn um endurnýjum samnings vegna skrifstofunnar frá 1. janúar 2019.

Sérverkefni ársins

1. Að haldið verði námskeið í stjórnun leikfélaga og markaðssetningu samhliða aðalfundi 2017. Fara þarf yfir umsóknarkerfið og útfyllingu umsókna, einnig markaðssetningu og fá aðila í

þessi mál. Fá síðan formenn a.m.k. tveggja til þriggja félaga til að fara í verkaskiptingu stjórna og markaðsmál, ásamt hópefli. Nánari dagskrá verður samin í facebook hópi stjórnar.

2. Að halda afmælishátíð í tilefni af 20 ára afmæli Leiklistarskóla Bandalagsins vorið 2017. Afmælishátíðin er í kvöld og hafa 42 skráð sig. Skólastýrur setja afmælið, Guðfinna formaður heldur ávarp og Sigríður Karlsdóttir mun rifja upp sögu skólans.

3. Aðalfundur 2017 undirbúinn;

Aðstaða í Hlíð – Tilboð barst frá Hlíð í Ölfusi sem hljóðar upp á krónur 22.500 – 26.500, eftir því hvað verður valið í hátíðarkvöldverð. *Ársreikningur* – Rennt var yfir ársreikninginn og fundarmenn sátir við útkomuna. Hann samþykktur og undirritaður. *Starfsáætlun 2017-18* – Ákveðið að hafa engin sérverkefni fyrirfram á áætlun heldur hafa það sem opinn lið fyrir hópana á aðalfundi. *Stjórnarkjör* – Gísli Björn og Guðfinna eiga að ganga úr aðalstjórn og úr varastjórn eiga að ganga Embla, Þrúður og Salbjörg. Umræður um stjórnarkjör.

Stjórn mun hittast klukkan 18:00 föstudaginn 5. maí í Hlíð til að undirbúa aðalfundinn.

4. Aðalfundur AITA/IATA í Monaco 2017

Það eru miklar breytingar framundan og mjög mikilvægt að það fari fulltrúi á næsta fund og að við nýtum atkvæðisrétt okkar. Tillaga liggur fyrir að nýrri stjórnarskrá og kosið verður um hvern lið fyrir sig. Nefnd sett saman sem að samanstendur af Guðfinnu, Gísla og Vilborgu, þau munu hittast í páskavíkunni eftir að hafa lesið þetta og yfirfarið.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundargerð ritaði Ólöf A. Þórðardóttir.

Stjórnarfundur 5. maí 2017

Haldinn að Hótel Hlíð í Ölfusi.

Fundur settur klukkan 18:08.

Mætt eru: Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Gísli Björn Heimisson, Salbjörg Engilbertsdóttir, Bernharð Arnarson, Embla Guðmundsdóttir, Þráinn Sigvaldason, Sigríður Hafsteinsdóttir og Vilborg Valgarðsdóttir framkvæmdarstýra.

1. Skipulag aðalfundar.

Fundurinn verður á sama stað og maturinn verður. Fundarstjórar verða Magnús J. Magnússon og Hulda Gunnarsdóttir.

Stungið er uppá að Salbjörg og Jónheiður Ísleifsdóttir verði fundarritarar. Sigga talar við Jónheiði en Salbjörg hefur samþykkt að taka það að sér.

Embla sér um að lesa Menningarstefnu Bandalagsins og Þráinn sér um að kynna nýja félag og félög sem ganga úr BÍL.

Guðfinna sér um skýrslu stjórnar og formenn nefnda sjá um að kynna störf nefnda. Drög að starfsáætlun verður í höndum Guðfinnu. Ákveðið að skipt verður í 4 starfshópa. Stungið upp á að Guðrún Halla, Gerður, Örn og Axel verði hópsstjórar. Benni, Guðfinna og Vilborg tala við þau. Það eru engar lagabreytingar. Ólöf flytur tillögu um fjárhæð sem tekin verður af styrk til reksturs skrifstofu. Benni tekur að sér að flytja tillögu um hækkun á árgjaldi.

Fundi slitið klukkan 18:33.

Fundargerð ritaði Þráinn Sigvaldason.

Menningarstefna Bandalags íslenskra leikfélaga

Blómleg starfsemi og fjöldi leikfélaga hér á landi vitnar um að leiklistin er almenningsseign. Stór hópur fólks, óháð aldri, kyni og þjóðfélagsstöðu, nýtir frítíma sinn í skapandi starf og vinnur saman að leiklist. Bandalag íslenskra leikfélaga vill vinna að þróun og eflingu leiklistar með því að:

- stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum.
- gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
- stuðla að því að börn og unglingar kynnist leiklist, jafnt sem þátttakendur og áhorfendur.
- starfa með atvinnufólki að því markmiði að leiklistinni verði ætíð tryggð þroskavænleg skilyrði.
- stuðla að samskiptum og samvinnu leiklistaráhugafólks á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.
- hvetja til að listrænn metnaður og virðing fyrir leiklistinni sé leiðarljós allra áhugaleikara.
- halda á lofti gildi þeirrar reynslu sem fæst með samstarfi og í samneyti við annað fólk.

Samþykkt á aðalfundi í Reykholti 5. maí 2001

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga



Frá vinstri: Gísli Björn, Þráinn, Embla, Guðfinna, Vilborg og Magnús J.

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn að Hótel Hlíð í Ölfusi laugardaginn 6. maí 2017

Fundur settur kl. 9.00

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmati fundarins kannað.

Hulda Gunnarsdóttir frá Leikfélagi Ölfuss og Magnús J. Magnússon frá Leikfélagi Selfoss eru skipaðir fundarstjórar og Salbjörg Engilbertsdóttir frá Leikfélagi Hólmavíkur og Jónheiður Ísleifsdóttir Leikfélagi Selfoss eru skipaðar fundarritarar. Lögmati fundarins sannreynt.

2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.

Dýrleif Jónsdóttir, Hugleik talar fyrir hönd kjörnefndar og dreifir atkvæðum til fundarmanna.

3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.

Embla Guðmundsdóttir, Umf. Reykæla, las hana fyrir fundargesti. Engar umræður voru um Menningarstefnuna.

Í framhaldinu stóðu fundargestir upp og kynntu sig.

4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.

Þráinn Sigvaldason, Leikfélagi Hörgdæla, kynnti að Leikklúbburinn Krafla í Hrísey og Leikfélag Bolungarvíkur hefðu gengið úr Bandalaginu á leikárinu en engin starfsemi hefur verið undanfarið hjá þessum félögum. Leikdeild Ungmennafélags Stafholtstungna gekk í Bandalagið.

Eftir þetta eru félögin samtals 53 talsins.

5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.

Fundarstjóri bar hana upp. Samþykkt.



Hulda, Magnús J. Bernharð, Guðfinna og Jónheiður

6. Skýrsla stjórnar.

Guðfinna formaður flytur, sjá bls 8

7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.

Vilborg Valgarðsdóttir kynnti reikningana. Tap á eiginlegum rekstri var kr. 200.024 eða kr. 234.769 minni en árið áður.

8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.

Elli frá Leikfélagi Selfoss spyr hvert stefni, hvort við séum á leið í höfn eða hvort þetta verði svona næstu árin. Vilborg segist ekki vita það en að blikur á lofti séu í húsnæðismálum.

Gísli Björn frá Leikfélagi Hafnarfjarðar kom með þá hugmynd að selja vörur á tilboði sem eru að renna út á dagsetningu.

Kjörnefnd afgreiðir kjörseðla.

Skýrsla stjórnar samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

Reikningar BÍL samþykktir samhljóða.

9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.

Hrefna Friðriksdóttir flytur skýrslu skólanefndar Bandalagsins, sjá bls. 11.

Mikil ánægja úr sal með nýja staðsetningu skólans að Reykjum í Hrótafirði.

Sigríður Hafsteinsdóttir þakkar skólanefnd fyrir störf sín og hvetur alla sem hafa ekki farið í skólann að koma. Meðal annars Huldu fundarstjóra sem segist aldrei hafa farið.

Hörður Sigurðarson flytur skýrslu vefnefndar Leiklistarvefsins, sjá bls. 13.

Í lok skýrslu segir Hörður frá því að hann hafi búið til svæði á vefnum fyrir myndir frá Bandalagsþingi og auglýsir eftir myndum frá fleirum.

Fundarstjóri (Hulda) auglýsir eftir umræðum um skóla og biður um handauppréttingu frá þeim sem ekki hafa farið. Nokkrar hendur fara á loft. Salur lýsir yfir ánægju við skólann.

Hafrún frá leikfélaginu Grímni spyr hvort skólinn hafi skipulagt tækninámskeið eða hafi áhuga á því. Hrefna svarar að treyst sé á leikfélögin við að halda tækninámskeið í samstarfi við önnur leikfélög, þar sem tæknibúnaðurinn sem þurfi sé ekki til staðar í skólanum. Hafrún kallar eftir samstarfi við leikfélög sem eiga leikhús.



Hluti þingfulltrúa

Elli frá Leikfélagi Selfoss spyr hvort sama eigi við um leikmynda og hönnunarnámskeið. Hrefna svarar því að það gæti komið til greina að halda alhliða hönnunarnámskeið þar sem það þarfnast ekki sama tæknibúnaðar og gæti komið til greina í stað leiklistarnámskeiðs. Í framhaldi af þessu vekur Hörður máls á því að til sé hópur á facebook um QLAB hugbúnaðinn sem notaður er til að keyra hljóð, mynd og ljós. Þessi hugbúnaður er orðin einráður í tæknimálum í leikhúsum. Hann viðurar möguleikan á því að halda dagsnámskeið í QLAB.

Hulda óskar eftir umræðum um vefinn.

Ólöf frá Leikfélagi Mosfellssveitar talar um hversu ómissandi Hörður er og hversu vinnusparandi nýja styrkjaumsóknarkerfið er og hve hjálpsamur hann er við að veita aðstoð varðandi vefinn. Herði er þakkað fyrir velunnin störf með lófa-klappi úr sal.

Stefán Örn veltir upp þeirri hugmynd hvort Bandalagið geti haldið úti sameiginlegu miðasölu-vefkerfi og greiðslugátt fyrir leikfélögin í stað þess að hvert leikfélag setji upp sér pöntunarkerfi fyrir sig. Hörður svarar að það væri góð hugmynd sem vert væri að skoða.

Örn frá Leikfélagi Kópavogs segir frá því að hægt sé að gera samning um sameiginlega greiðslugátt,

hvert leikfélag getur svo fengið þær greiðslur sem tilheyra því inn á sinn reikning.

Þráinn lýsir aðdáun sinni á því innra vefkerfi sem Hörður kynnti á námskeiði í stjórnun leikfélaga og spyr hvort hægt sé að skoða það að halda námskeið í vefgerð samhliða næsta aðalfundi. Hörður svara með því að það náist nú kannski ekki að kenna á dýptina

Bernharð hvetur fundarmeðlimi til að gerast áskrifendur að Vikupósti á leiklist.is og nýta sér vefinn. Salur klappar fyrir því.

10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.

Guðfinna kynnir fyrirkomulag starfshópanna. Fundargestum skipt í 4 hópa.

Hópstjórar eru:

Guðrún Halla Jónsdóttir Hugleik – Hópur 1
Gerður Halldóra Sigurðardóttir Leikfélagi Selfoss – Hópur 2

F. Elli Hafliðason Leikfélagi Selfossi – Hópur 3
Axel Vatnsdal Leikfélagi Hörgdæla – Hópur 4

Stjórn leggur til eftirfarandi starfsáætlun fram til umræðu í hópunum:



Þingfulltrúar nutu góða veðursins í Ólfusinu þegar ferri gafst

Tillaga stjórnar að starfsáætlun Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2016-2017:

Almenn starfsemi:

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.

Engin ný framboð hafa borist.

12. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar liggja fyrir fundinum.

13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.

Ólöf Þórðardóttir leggur fram eftirfarandi tillögu:

„Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að 1,5 m. kr. af verkefnastyrk aðildarfélaganna verði látin ganga til rekstrar þjónustumiðstöðvar Bandalagsins.

Fh. stjórnar, Ólöf Þórðardóttir.“

Hún fylgir tillögunni úr hlaði með rökstuðningi og endar á spurningunni „Er þetta nóg?“

Bernharð Arnarsson kom með spurningum um hvað styrkur v. uppsetningar myndi lækka mikið ef að 2.500.000 myndu ganga til reksturs Bandalagsins. Einnig lagði hann til að leikfélögin myndu gera gangskör að kaupum á Sögu Bandalagsins sem nokkur eintök eru ennþá til af.

Axel Vatnsdal og Örn Alexandersson leggja til fram nýja tillögu:

„Við undirritaðir leggjum til að 2,5 m. kr. af verkefnastyrk aðildarfélaganna gangi til rekstrar þjónustumiðstöðvar Bandalagsins. Axel Vatnsdal, Örn Alexandersson.“

Sigríður Hafsteinsdóttir segir að við séum ekkert án Bandalagsins og við verðum að leggja vel til þess.

Örn Alexandersson segir að þetta geti mögulega verið þrýstingur á ríkið, þ.e. að með því að við séum að leggja hluta af okkar framlagi til Bandalagsins sýni að það sé ekki nægilegt fjármagn sett til skrifstofunnar.

Guðfinna formaður segir að stöðugt sé verið að vinna í auknum styrkjum.



Sigríður, Magnþóra, Salbjörg, Dýrleif og Bára

Elli leggur til að ráðherra hækki framlög til Bandalagsins og styrki til leikfélaga um sama hlutfall og laun alþingismanna hækkuðu haust.

Atkvæðagreiðsla um að hækka framlag til þjónustumiðstöðvar Bandalags íslenskra leikfélaga þannig að það verði 2.500.000 í ár sem tekið verði af framlagi ríkisins til leikfélaganna.

Samþykkt.

14. Starfsáætlun afgreidd.

Fulltrúar hópa kynna niðurstöður hópavinnu:

Guðrún Halla Jónsdóttir kynnir niðurstöðu starfshóps 1:

Í hópnum voru: Ólafur Kristinsson Umf. Skalla-grími, Bára Einarsdóttir Umf. Reykdæla, Haukur Páll Kristinsson Leikfélaginu Grímni, Sigríður Hafsteinsdóttir Leikfélagi Selfoss, Örn Alexandersson Leikfélagi Kópavogs, Anna Margrét Pálsdóttir Leikfélagi Kópavogs, Stefania Elísabet Hallbjörnsdóttir Leikfélagi Hörgdæla, Guðrún Halla Jónsdóttir Hugleik og Ingveldur Þórðardóttir Leikfélagi Hafnarfjarðar.

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, leiklistarskóla, leiklistarvefs og annarra fastra liða í starfseminni.

a. Skoða miðasölukerfi fyrir öll leikfélögin. Bandalagsskrifstofan tæki hlutfall af miðaverði. Hvetjum stjórn til að skipa nefnd til að skoða þetta.

b. Gagnagrunnur fyrir eignir félaganna sem þau eru tilbúin til þess að lána eða leigja. Myndasafn með búningaeign leikfélaganna, einkum sérstaka búninga. Annað safn fyrir propps, þriðja fyrir tækjabúnað. Leikfélögin myndu sjálf setja inn myndir, skýra og flokka. Gæti mögulega verið leigukerfi og Bandalagið fengið hlut. Sama nefnd gæti skoðað þetta mál.

c. Stjórn hvetji félögin til þess að koma með ábendingar um mögulegt leiguhúsnæði fyrir þjónustumiðstöðina.

d. Setja markmið um að Bandalagið verði komið í eigið húsnæði árið 2025.

e. Skólinn. Skoða hvort nýr staður geti boðið uppá þann kost að skólinn verði í lok sumars. Gæti komið krafti inn í starf leikfélaganna á haustin. Tvær helgar henta mörgum betur vegna orlofsdagatöku, nú sjö dagar í stað fimm.



Ólöf, María, Guðún Esther, Axel og Brynhildur

f. Námskeið. Fjölnámskeið í skólann. Jafnframt mætti hvetja leikfélög sem hafa góðan tæknibúnað og -kunnáttu til þess að halda námskeið fyrir nokkur félög í einu.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Taka saman tölfræði yfir það hvernig kostnaður hefur hækkað á meðan opinberir styrkir hafa lítið breyst, sem og tölfræði yfir starfsemi leikfélaganna, námskeið, unglingsstarf o.s.frv. Hengja með rökstuðningi fyrir starfseminni (sjá menningarstefnu, sem og uppeldislega gildið o.fl.). Leikfélögum hefur fækkað þar sem styrkir eru lægri. Dregur úr menningarstarfsemi í byggðalögum.

Mikilvægt er að auka sýnileika áhugaleikhússins og efla virðingu fyrir starfseminni. Fá fólk sem hefur vægi í samfélaginu og hefur reynslu af starfi í áhugaleikfélögum til að skrifa um þá reynslu á opinberum vettvangi. T.d. herferð með stuttum greinum með stuttu millibili fyrir fundi fjárlaganefndar. Það myndi vekja athygli á mikilvægi okkar og bæta möguleika okkar á að sækja styrki í opinbera sjóði eða til einkaaðila.

Hvetja öll leikfélög til þess að deila færslum og auglýsingum frá öðrum leikfélögum.

Leggjum til að stjórn vinni staðlað bréf um mikilvægi áhugaleikhússins sem allir formenn gætu sent til sveitarstjórnarmanna, þingmanna, fjárlaganefndar, menningar- og menntamálaráðherra o.s.frv. Verði tekið fyrir á bæjarráðsfundum og bókað. Jafnvel bréf frá stjórn Bandalagsins.

Sérverkefni.

Leggjum til að taka menningarstefnuna til umfjöllunar á næsta þingi með það fyrir augum að vinna markmiðasetningu til lengri og skemmri tíma. Finna mælanleg markmið fyrir hvern lið.

Leggjum til að hafa stóra leiklistarhátíð 2020, á 70 ára afmæli Bandalagsins, jafnvel alþjóðlega.

Leggjum til að einn stjórnarmaður Bandalagsins sé sérstakur „fóstri“ ungliðahreyfingarinnar.

Leggjum til að leikfélögum verði leiðbeint um notkun tómsundastyrkja til barna-/unglinganámskeiða, hvernig best sé að fá sveitarfélögin til samstarfs og hvernig framkvæmdin sé. Einnig gæti stjórn BÍL unnið að því á landsvísi að tómsundastyrkir sveitarfélaganna geti nýst á þennan hátt. Sömuleiðis efla samstarf við sveitarfélögin um skapandi sumarstörf.



Gísli Björn, Örn og Þráinn

Gerður Halldóra Sigurðardóttir kynnir niðurstöður starfshóps 2:

Í hópnum voru: Guðbjörg Helgadóttir Umf. Skallagrími, Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir Leikfélaginu Grímni, Viktor Ingi Jónsson Leikfélagi Selfoss, Brynhildur Sveinsdóttir Leikfélagi Mosfellssveitar, Jónheiður Ísleifsdóttir Leikfélagi Selfoss, Kristín Ólafsdóttir Leikfélagi Hveragerðis, Ágúst Þormar Jónsson Leikfélagi Hólmavíkur.

Rekstur:

Virkja tengslanet í tengslum við húsnæðisleit.

Spyrjast fyrir um lagalegu hliðina á dreifingu/sölu handrita á rafrænu formi. Uppá að geta fengið afhent á rafrænu formi í stað útprentaðs.

BÍL skóli:

Koma því betur á framfæri hvaða kröfur eru settar til að fólk geti farið í skólann. Reynsla, fyrri námskeið. Fram kom að það séu margir sem ekki þora að sækja um.

Hafa alltaf eitthvað námskeið sem er fyrir þá sem vilja fara í fyrsta skipti – annað hvort sérnámskeið eða byrjendanámskeið.

Senda kynningaráðila í leikfélög til að kynna skólann og vera með smá fyrirlestur.

Námskeiðshugmyndir:

1. Uppistandsnámskeið

2. Baksviðsnámskeið – Mismunandi námskeið á hverjum degi:

Dagur 1 – Smink

Dagur 2 – Búningar

Dagur 3 – Sviðshönnun

Dagur 4 – Framkvæmdastjórnun sýninga

Dagur 5 – Markaðssetning

Dagur 6 – Sviðslýsing (Bóklegt – kenningar)

Dagur 7 – Hljóð

O.f.l.

Vefur – Leiklist.is:

Sameiginleg viðburðarsíða inni á leiklist.is sem svipar til miði.is.

Yfirsýn yfir hvað er í gangi hjá leikfélögunum.

Þar sem sést einhverskonar plaggat eða mynd.

Sýningartímar

Netfang viðkomandi leikfélags – til að hafa samband.

Þar er hægt að kaupa miða á viðkomandi sýningu.

Hvert leikfélag myndi pósta sinni sýningu gegn smá auglýsingargjaldi.

Styrkir:

Vekja athygli.

Bjóða flóttamönnum á sýningar.



Hópvinna

Þjóða upp á vettvang fyrir höfunda – listamenn – tónlistarfólk til að koma frumsömdu efni á framfæri.

Styrkir fyrir félög sem vilja fara erlendis.

Flugfélög veita t.d styrki fyrir tónlistarfólk.

Sérverkefni:

Þjóða upp á þjálfun fyrir þá sem eru að fara í áheyrnaprufur.

Ungliðastarfs kynningar.

Ungliðahreyfing Bandalagsins.

Axel Vatnsdal kynnti niðurstöður starfshóps 3:

Í hópnum voru: Oddfreyja Oddfreysdóttir Leikfélagi Ölfuss, Stefán Örn Viðarsson Leikfélagi Selfoss, María Guðmundsdóttir Leikfélagi Mosfellssveitar, Þórdís Sigurgeirsdóttir Leikfélagi Kópavogs, Hugrún Óskarsdóttir Leikfélagi Hveragerðis, Magnþóra Kristjánsdóttir Leikfélagi Ölfuss, Axel Vatnsdal Leikfélagi Hörgdæla og Guðrún Eysteinsdóttir Hugleik.

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, leiklistarskólans, leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi.

Allir sammála um að vel sé haldið utan um reksturinn. Höfum áhyggjur af húsnæðismálum ef svo fer sem horfir. Rætt um að það þyrfti að losna við

yfirdráttinn. Mætti hækka enn frekar þá upphæð sem tekin er af ríkisstyrknum svo reksturinn réttist endanlega við?

Varðandi vörur sem renna út finnst okkur góð hugmynd að reyna að selja á afslætti það sem er að komast á tíma. Því fylgir auðvitað einhver vinna við að fylgjast með vörulagernum en algjörlega þess virði að skoða.

Rætt um ljósa- og tækninámskeið. Góð hugmynd að halda námskeið heima í héraði og nota mannauð leikfélaganna. Ljósanámskeið, Qlab og fleira. Það er kominn tími á förðunarnámskeið. Leggjum til að skólastýrur skoði það.

Rætt um námskeið í skólanum og skipulag. Skiljum sjónarmið skólastýra varðandi það að hægja á ef eftirspurn er farin að minnka. Þó er mjög hentugt fyrir leikfélögin að geta gengið að því vísu að grunnnámskeið eins og Leiklist I séu kennd annað hvert ár. Það eykur nýliðun í félögunum. Hugmynd kom upp hvort sniðugt væri að kenna Leiklist I tvö ár í röð? Mætti t.d. gera könnun meðal félaganna áður en námskeið eru ákveðin til að sjá hvernig landið liggur.

Miðasölukerfi rætt. Kostur við slíkt kerfi er t.d. að fólk getur greitt strax og við teljum að það minnki líkur á því að það hætti við að koma á sýningu



Hópvinna

þrátt fyrir að hafa þantað miða. Okkur finnst góð hugmynd að kanna möguleika á sameiginlegu miðasölukerfi leikfélaganna. Leikfélögin myndu greiða einhverja upphæð til verkefnisins og myndi sá peningur renna til þjónustumiðstöðvarinnar. Bandalagið gæti þannig fengið smá prósentur af seldum miðum. Leggjum til að stjórn skoði þennan möguleika af alvöru.

Stefán ræddi um möguleika Office 365 og kosti þess fyrir leikfélög. Hægt að fá þetta ókeypis fyrir félagastarfsemi.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opiberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhuga-leikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Vísu í það sem áður hefur verið sagt um að hækka upphæðina sem tekin er af ríkisstyrknum. Hvetjum stjórn til þess að reyna að ná fundi sem allra fyrst með menntamálaráðherra til að ræða framtíð ríkisstyrksins og möguleika á að hann hækki.

3. Önnur sérverkefni

Halda vinnustofunámskeið eða fyrirlestra í t.d. vefgerð, Qlab, Office 365 og fleiru í tengslum við næsta aðalfund.

F. Elli Hafliðason kynnti niðurstöður starfshóps 4:

Í hópnum voru: Hákon Svavarsson Leikfélagi Ölfuss, Guðný Lára Gunnarsdóttir Leikfélagi Selfoss, Guðrún Esther Árnadóttir Leikfélagi Mosfellssveitar, Fanney Valsdóttir Leikfélagi Hörgdæla, Valdimar Ingi Guðmundsson Leikfélagi Hveragerðis, Anna María Hjálmarsdóttir Freyvangsleikhúsinu, F. Elli Hafliðason Leikfélagi Selfoss og Ólafur Þórðarson Leikfélagi Hafnarfjarðar.

1. Rekstur þjónusmiðstöðvar, leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annara fastra liða í starfsemi.

Almenn ánægja með stöðu mála í starfsemi Bandalagsins. Hópurinn hefur þó verulegar áhyggjur af stöðu fjármála, húsnæði og þröngum kosti sem Bandalaginu er settur. Spurning hvort sækja mætti húsnæði til ríkisins á einhvern máta.

Nokkur umræða varð um þátttöku aðildarféлага í starfsemi. Sem dæmi eru einungis fulltrúar 15 aðildarféлага mættir á aðalfund. Hópurinn er sammála um að stjórnin gæti notað „fósturfélagakerfið“ betur. Spurning hvort að hver stjórnarmaður hitti fulltrúa frá sínu fósturfélagi a.m.k. einu sinni á starfsári til að kynna fyrir þeim starf-



Guðný Lára, Stefán Örn og Anna María

semi Bandalagsins, hvað það geti gert fyrir félagið og hvetji til þátttöku í starfseminni.

Stjórnin skuli kanna möguleika á því að auðvelda öllum félögum að sækja aðalfund.

Hópurinn mælir gegn því að grunnnámskeiðum í leiklist í Bandalagsskólanum verði fækkað. Helstu rök eru talin vera að liðið getur langur tími fyrir nýliða að komast í skólann. Mikil ánægja með að skólinn skuli íhuga tækni og hönnunarnámskeið. Þó nokkur umræða fór fram varðandi námsframboð bæði á starfstíma skólans og einnig utan hans. Hópurinn tekur fram að hann hefur tröllatrú á að skólastýrur og skólanefnd hafi bæði reynslu og þekkingu á því hvað sé skynsamlegast að gera í þessum málum.

Almenn ánægja er innan hópsins hvernig vefurinn hefur þróast. Hópurinn leggur áherslu á að auðvelt aðgengi sé að ítarlegum úthlutunarreglum. Eins megi hafa dagsetningar úthlutunarfrests betur sýnilegar. Sameiginlegt greiðslukerfi milli félaganna er spennandi kostur og er hópurinn á því að stjórn og vefnefnd eigi að kanna möguleikann á því hvort forsenda sé fyrir slíku.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Hópurinn er sammála um að stjórnin skuli leggja áherslu á að fylgja þessari stefnu eftir af krafti og telur ljóst að auka þurfi við af hálfu ríkisins. Reyna mætti að beita hrepparíg í samtölum við ráðherra.

3. Önnur sérverkefni.

Hópurinn er sammála um að það sé góð hugmynd að nýta aukinn tíma í kringum aðalfund til námskeiðahalds líkt og gert var nú.

Hópurinn er sammála um að stjórnin skuli kanna möguleikann á einhvers konar sameiginlegu verkefni, t.d. „stuttverkadegi“. Telur hópurinn að það þurfi ekki að tengjast aðalfundi.

Hópurinn minnir á að 2020 sé handan við hornið og fara þurfi af stað með undirbúning fyrir NEATA ef við ætlum að sækja um að halda hátíðina.

Umræður um starfsáætlun:

Örn ber upp spurningu til Lénsherra um það hvenær verði hægt að setja upp leiksýningu með því að ýta á takka. Vefstjóri brosir í kampinn.

Vilborg leiðréttir misskilning um að hægt sé að sækja um að halda NEATA hátíð 2020. Þær fari eftir röð og það komi ekki að okkur fyrr en 2028.



Hugrún, Kristín og Valdimar Ingi

Hrefna þakkar allar góðar ábendingar til skólanefndar og minnst á að gaman væri að halda aftur stuttverkahátíð í sambandi við aðalfund því það var lítil þátttaka á stuttverkahátíðinni á Seyðisfirði í fyrra og það væri synd að missa það niður.

Guðfinna talar um að hún sé búin að skrifa og skrifa en segir að sumar hugmyndir af umbótum á vefnum gæti verið hægt að leysa með hópum á facebook. Hún segist vera hlynt hugmyndum um að hafa tækninámskeið en talar einnig um að gaman væri að hafa aftur stuttverkahátíð.

Gísli Björn heldur að það sé kannski ekki mikið mál að setja upp safn með leikmunum og búningum, heldur sé málið að viðhalda réttum gögnum. Halla er ekki sammála. Hann stingur upp á því að streyma aðalfundinum fyrir þá sem eiga ekki heimangengt.

Hörður greip þrennt sem snýr að vefnum. Minns-ta mál í heimi að setja upp viðburðasíður en vandamálið hefur ekki verið að setja inn efni heldur að fá efni frá leikfélögunum. Miðasölukerfi er viðamikilið verkefni en hann mun skoða þetta og allar tillögur eru vel þegnar. Tækja og búningasafn finnst honum góð hugmynd og er búin að setja upp prótótýpu sem áhugasamir geta fengið að skoða. Halla segir að Hörður sé snillingur.

Hann biður um að það sé bókað.

Elli vekur athygli á facebook hópum sem eru til nú þegar en finnst góð hugmynd að setja þetta á Leiklistarvefinn. Hann minnst einnig á það að stundum er ekki sama fólk að leika í stuttverkum og er að fara á aðalfund Bandalagsins því sé stundum erfitt að fara með stuttverk hinumegin á landið.

Guðrún Halla segir hennar reynsla hafi verið sú að það séu meiri líkur á að fleiri félög taki þátt ef hátíðin tengist Bandalagsþingi en það sé bæði hægt að hafa stuttverkahátíðir að hausti og vori.

Fram koma þrjár tillögur um liði á starfsáætlun:

1. Tillaga að sérverkefni fyrir næsta starfsár:

Að halda vinnustofunámskeið/fyrirlestra um t.d. vefgerð, Qlab, Office 365 ofl. í tengslum við næsta aðalfund.

Starfshópur 3:

Axel Vatnsdal, María Guðmundsdóttir, Guðrún Eysteinsdóttir, Hugrún Óskarsdóttir, Stefán Örn Viðarsson, Þórdís Sigurgreirsdóttir, Magnþóra Kristjánsdóttir

2. Sérverkefni tillaga:



Guðbjörg, Ólafur og Hafrún Bylgja

Að haldin verði stuttverkahátíð í tengslum við aðalfund 2018.

Stjórn BÍL

3. Starfsáætlun BÍL 2017-2018 tillaga:

Settur verði á laggirnar starfshópur sem hefi undirbúning að leiklistarhátíð í einhverju formi sem haldin yrði í tengslum við afmæli BÍL árið 2020.

Ingveldur P. og Sigríður H.

Umræður um tillögur:

Stefán útskýrir kosti þess að nota Office 365.

Elli spyr hvort fjárhagsleg áhætta fylgi því að halda afmælishátíð. Ingveldur útskýrir að það sé tilgangurinn með starfshópnum að kanna forsendur fyrir hátíð og kanna á hvaða formi best væri að hafa hana.

Tillaga 1 borin undir fund og samþykkt.

Tillaga 2 borin undir fund og samþykkt.

Tillaga 3 borin undir fund og samþykkt.

Starfsáætlun lesin upp og lögð fyrir fund:

Starfsáætlun Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2017-2018

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Sérverkefni

1. Að halda vinnustofunámskeið/fyrirlestra um t.d. vefgerð, Qlab, Office 365 ofl. í tengslum við næsta aðalfund.

2. Að haldin verði stuttverkahátíð í tengslum við aðalfund 2018.

3. Settur verði á laggirnar starfshópur sem hefi undirbúning að leiklistarhátíð í einhverju formi sem haldin yrði í tengslum við afmæli BÍL árið 2020.

Starfsáætlun samþykkt.

15. Stjórnarkjör.

Guðfinna Gunnardóttir gefur kost á sér til áframhaldandi formannssetu. Engin móttframboð bárust. Guðfinna kosinn formaður Bandalagsins.



Þórdís og Örn ásamt fleiri fundarmönnum

Gísli Björn Heimisson gefur kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Engin móttframboð. Gísli Björn kosin til áframhaldandi stjórnarsetu.

Þrjú varamenn eiga að ganga úr stjórn. Þrúður Sigurðardóttir, Embla Guðmundsdóttir og Salbjörg Engilbertsdóttir. Þær gefa allar kost á sér áfram. Engin móttframboð. Þær kosnar til áframhaldandi stjórnarsetu.

16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.

Kjörnefnd skipa Dýrleif Jónsdóttir, Gerður Sigurðardóttir, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir. Örn Alexandersson til vara. Þau gefa öll kost á sér áfram. Engin móttframboð. Kjörnefnd situr áfram óbreytt.

b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.

Núverandi skoðunarmenn reikninga eru Anna Jórunn Stefánsdóttir, Hrefna Friðriksdóttir og Júlía Hannam til vara. Þær gefa allar kost á sér áfram. Engin móttframboð. Skoðunarmenn sitja áfram.

17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.

Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að

árgjöld aðildarfélaga fyrir leikárið 2017-2018 verði kr. 68.500.

Félög sem setja upp tvær styrkhæfar sýningar á leikárinu borgi eitt og hálf gald eða 102.750 og félög sem setja upp þrjár sýningar eða fleiri borgi tvöfalt gald eða kr. 137.000.

Félög sem setja ekki upp styrkhæfa sýningu á leikárinu borgi hálf gald eða kr. 34.250.

Umræður um árgjald:

Embla spyr hvort þeir sem kaupir bókina fái afslátt. Stjórn neitar því.

Tillaga að árgjaldi borin upp og samþykkt.

18. Önnur mál

Jónheiður Ísleifsdóttir á sér draum og bar fram tillögu að sameiginlegri búningageymslu leikfélaganna. Með góðri viðskiptaáæltun væri hægt að stuðla að því að auðvelda fjármögnun. Búningar væru leigðir út. Mögulega væri hægt að sækja um í Nýsköpunarsjóð.

Elli leggur til að í samfellu við búningageymsluna verði leikmunaleiga.

Vilborg ber fram tillögu fyrir Örn Alexanderson. Örn leggur til við stjórn Bandalagsins að hún beiti sér fyrir því að skoða sameiginlegt miðasölukerfi og eignaumsýslukerfi á Leiklistarvefnum.



Oddfreyja, Aðalsteinn, Ólafur og Sigríður

Vilborg greinir frá því að það líði að starfslokum hennar hjá Bandalaginu en hún hefur ákveðið að hætta störfum vegna aldurs um áramótin 2018/19 eftir samtals 40 ára vinnu fyrir samtökin, þar af sem framkvæmdastjóri í 25 ár. Hún leggur til að tekinn verði tími á næsta aðalfundi til að meta stöðuna og taka ákvarðanir um rekstur þjónustumiðstöðvarinnar í framhaldinu. Nú sé tímabært að skoða hann vel.

Bernharð Arnarson vill minna á að bókin Allt fyrir andann sé enn til sölu á 1000 kr. Gott að hvert leikfélag kaupi a.m.k 1 stk. hvert og gefi Vilborgu að skilnaði. Hann þakkar síðan fyrir frábæran fund og óskar þess að fólk eigi góða kvöldstund.

19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

Embla Guðmundsdóttir, Ungmennafélagi Reykdæla býður til Bandalagsþings á næsta ári í tilefni 110 ára afmælis félagsins.

Guðfinna þakkar fyrir boðið. Hún gleðst yfir góðum og hnitmiðuðum fundi og hún hlakkar til áframhaldandi góðs samstarfs við stjórn Bandalagsins. Formaður þakkar starfsmönnum fundarins og slítur fundi kl. 15:54.

Fundargerð rituðu Jónheiður Ísleifsdóttir og Salbjörg Engilbertsdóttir.



Námskeið í Stjórnun leikfélaga

Haldið í tengslum við aðalfund föstudaginn 5. maí



Guðfinna og Gísli Björn kynna Bandalagið

Námskeið í Stjórnun leikfélaga

Dagskrá:

a) Setning, stjórnun dagskrár og hópefli; Guðfinna Gunnarsdóttir, formaður BÍL.

b) Kynning á Bandalagi íslenskra leikfélaga; Guðfinna Gunnarsdóttir, Leikfélagi Selfoss og formaður BÍL og Gísli Björn Heimisson, Leikfélagi Hafnarfjarðar og í stjórn BÍL.

c) Skipurit stjórn leikfélaga; F. Elli Hafliðason, Leikfélagi Selfoss.

d) Kynning leikfélaga og markaðssetning í nærumhverfi;

Fanney Valsdóttir og Stefanía E. Hallbjörnsdóttir, Leikfélagi Hörgdæla.

e) Umsóknarkerfi Bandalagsins, Leiklistarvefurinn og stjórnarvefur Leikfélags Kópavogs; Hörður Sigurðarson, Leikfélagi Kópavogs og Lénsherra.

f) Markaðssetning á Facebook og öðrum samfélagsmiðlum; Jónheiður Ísleifsdóttir, Leikfélagi Selfoss.



Elli kynnir skipurit sinnar stjórnar



Jónheiður ræðir markaðssetningu á samfélagsmiðlum

Ársreikningur 2016



Bandalag íslenskra leikfélaga

ÁRSREIKNINGUR

2016

Bandalag íslenskra leikfélaga
Kleppsmýrarvegi 8
104 Reykjavík
Kt.: 440169-0239

Bandalag íslenskra leikfélaga

ÁRSREIKNINGUR

2016

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar og framkv.stjóra	2
Áritun viðurkennds bókara	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5 - 6
Sundurliðanir	7 - 8

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra leikfélaga staðfesta hér með ársreikning Bandalagsins fyrir árið 2016 með áritun sinni

Reykjavík, 18/3 2017

Stjórn: *Gudfanna Gunnarsdóttir*
Þráður Sigurðar
Sigríður Hafsteinsd.
Lisli Þó ÁSS
Þórunn Eimla Guðmundsdóttir
Ólaf A. Þórfarsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Vilborg A. Valjardóttir


Áritun Bókhalds og kennslu ehf

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Bandalag íslenskra leikfélaga vegna ársins 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1-8

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Bandalag íslenskra leikfélaga við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreiknings er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli, koma þar fram.

Reykjavík, 5. mars 2017

 Bókhald og kennsla ehf
 Inga Jóna Óskarsdóttir, viðurkenndur bókari

Við undirritaðir, félagslegir skoðunarmenn Bandalags íslenskra leikfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2016 og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 13. mars 2017

Anna Jörunn Stefánsdóttir
 Anna Jörunn Stefánsdóttir

Hrefna Friðriksdóttir
 Hrefna Friðriksdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2016

Rekstrartekjur	skýr	2016	2015
Árgjöld, styrkir og fleira:			
Árgjöld aðildarfélaga		3.551.000	3.557.500
Ríkissjóðsstyrkur		6.000.000	4.916.000
Aðrir styrkir		1.000.000	1.500.004
Leiklistarskóli BÍL	1	4.513.000	3.903.000
www.leiklist.is	2	345.000	68.518
Aðrar tekjur	3	494.566	481.472
Samtals		<u>15.903.566</u>	<u>14.426.494</u>
Sala:			
Sala á farða		2.960.443	2.955.223
Sala á handritum		561.492	386.130
Sala á bókum		16.171	8.224
Samtals		<u>3.538.106</u>	<u>3.349.577</u>
Rekstrartekjur samtals		<u>19.441.672</u>	<u>17.776.071</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara og fleira:			
Farði		1.622.171	1.728.919
Handrit		499.408	529.805
Birgðabreyting		355.517	175.020
Afskrifaðar ónýtar vörur		140.367	31.771
Samtals		<u>2.617.463</u>	<u>2.465.515</u>
Laun og launat. gjöld	4	9.571.941	8.824.436
Ýmiss rekstrarkostnaður	5	1.552.793	1.284.309
Húsaleiga		1.136.333	1.117.053
Leiklistarskóli BÍL	1	4.266.295	3.955.725
www.leiklist.is	2	336.232	395.946
Vaxtagjöld		131.551	138.790
Afskriftir fastafjármuna	6	29.088	29.090
Samtals		<u>17.024.233</u>	<u>15.745.349</u>
Rekstrargjöld samtals		<u>19.641.696</u>	<u>18.210.864</u>
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS		<u>-200.024</u>	<u>-434.793</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir	skýr	31.12.2016	31.12.2015
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Innréttingar og húsbúnaður		31.325	60.413
Samtals		<u>31.325</u>	<u>60.413</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	7	2.430.127	2.926.011
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		75.090	152.466
Inneign í vsk		6.077	38.809
Handbært fé	8	286.668	282.613
Samtals		<u>2.797.963</u>	<u>3.399.899</u>
Eignir samtals		<u>2.829.288</u>	<u>3.460.312</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eigið fé og skuldir	skýr	31.12.2016	31.12.2015
Eigið fé			
Höfuðstóll 1.1.		426.579	861.372
Rekstrarhagnaður (tap)		-200.024	-434.793
Eigið fé alls		<u>226.555</u>	<u>426.579</u>
Skuldir			
Bankareikningslán		1.502.538	1.945.898
Ýmsir lánaðrotnar		458.679	543.925
Ógreidd laun og launatengd gjöld		641.516	543.910
Samtals		<u>2.602.733</u>	<u>3.033.733</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>2.829.288</u></u>	<u><u>3.460.312</u></u>

Sundurliðanir

	2016	2015
1. Leiklistarskóli BÍL		
Tekjur		
Húnavallaskóli - Þátttökugjöld nemenda	4.513.000	3.903.000
Samtals	<u>4.513.000</u>	<u>3.903.000</u>
Gjöld		
Húnavallaskóli	4.266.295	3.955.725
Samtals	<u>4.266.295</u>	<u>3.955.725</u>
2. www.leiklist.is		
Tekjur		
Auglýsingar	0	15.518
Skráningargjöld	35.000	53.000
Umsóknarkerfi	310.000	0
Samtals	<u>345.000</u>	<u>68.518</u>
Gjöld		
Dropbox vefafritun	24.235	13.650
Hýsing vefs og áskrift þjónustu	6.230	41.472
Umsóknarkerfi	300.000	0
Viðhald og endurbætur	5.767	340.824
Samtals	<u>336.232</u>	<u>395.946</u>
3. Aðrar tekjur		
Vaxtatekjur - fjárskattur	16.652	10.370
Tekjur vegna innheimtu höfundarlauna	477.914	414.969
Ýmsar tekjur	0	56.133
Samtals	<u>494.566</u>	<u>481.472</u>
4. Laun og launatengd gjöld		
Laun starfsfólks	6.611.974	6.002.639
Lífeyrissjóðsgjöld	677.967	600.264
Sjúkra-, orlofs- og starfsmenntasjóður	117.361	108.516
Tryggingagjald	517.279	494.557
Dagpeningar	1.647.360	1.618.460
Samtals	<u>9.571.941</u>	<u>8.824.436</u>
5. Ýmiss rekstrarkostnaður		
Ræsting	93.000	85.000
Viðhald húsnæðis	0	3.079
Vátryggingar	101.936	93.234
Burðargjöld	14.421	9.685
Símakostnaður	191.855	198.651
Ritföng	4.983	12.365
Þjónustugjöld fjármálastofnana	111.813	109.371
Rekstur tölvukerfis	57.474	10.970
Kaffi og hreinlætisvörur	4.085	10.718
Kynningarstarf og auglýsingar	5.427	0
Gjaldfærð áhöld	16.157	0
Framhald á næstu síðu	<u>601.151</u>	<u>533.073</u>

Sundurliðanir, framhald

	2016	2015
5. Ýmiss rekstrarkostnaður		
Flutt af fyrri síðu	601.151	533.073
Stjórnarfundir	59.426	102.746
Aðalfundur BÍL	974.350	1.147.164
Innheimtur kostn. vegna aðalfundar BÍL	-754.000	-1.022.600
Kostnaður vegna nefnda	21.819	14.461
Kostnaður v. NAR, NUTU, NEATA og IATA	47.090	0
Félagsgjald IATA	50.267	94.763
Securitas, vöktun	229.499	179.250
Hugbúnaðarleiga, netbókhalda.is	99.938	91.531
Arsuppgjör og bókhaldsþjónusta	111.476	106.020
Áskrift og bókakaup	8.574	8.064
Gjafir	24.788	7.599
Smááhöld á skrifstofu	69.322	0
Annar kostnaður	7.330	21.000
Fjármagnstekjuskattur	1.763	1.238
Samtals	1.552.793	1.284.309

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Innréttingar og húsbúnaður	Samtals
Bókfært virði 01.01	60.411	60.411
Afskrifað á árinu	29.088	29.088
Bókfært virði 31.12	31.323	31.323

7. Birgðir

Birgðir greinast þannig :

Saga BÍL, bókabirgðir	121.520	288.007
Farði	2.308.607	2.638.004
	2.430.127	2.926.011

8. Handbært fé

Húsaleigutrygging 0301-13-304003	279.555	273.115
Sjóður - peningakassi	7.113	9.498
	286.668	282.613

Lög Bandalags íslenskra leikfélaga

1. grein

Samtökin nefnast Bandalag íslenskra leikfélaga. Heimili Bandalagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Bandalagið er landssamtök áhugaleikfélaga á Íslandi og kemur fram fyrir hönd leikfélaganna gagnvart íslenskum og erlendum yfirvöldum. Það gætir hagsmuna áhugaleiklistarinnar innan samtaka leikhúsfólks, t.d. í Leiklistarsambandi Íslands og fer með aðild Íslands að Norræna áhugaleikhúsráðinu, NAR, Norður-evrópska áhugaleikhúsráðinu, NEATA, og Aþjóðlega áhugaleikhúsráðinu, IATA.

3. grein

Markmið Bandalagsins er að vinna að þróun og eflingu leiklistar á Íslandi.

Markmiði þessu hyggst það ná með því:

1. að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum landsins.
2. að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
3. að annast innkaup og sölu á varningi sem leiklistarstarfsemin þarfnast.
4. að útvega leikverk og sjá um fjölrítun þeirra eða útgáfu.
5. að útvega leikstjóra/leiðbeinendur sé þess óskað.
6. Að miðla upplýsingum og fræðslu á skilvirkan hátt.
7. að kynna starfsemi íslenskra áhugaleikfélaga innan lands sem utan.
8. að örva leikfélög til að leita nýrra leiða í leiklistarstarfi.

Til að auðvelda sér að ná markmiðum sínum rekur Bandalagið þjónustumiðstöð og heldur úti Leiklistarvefnum.

4. grein

Öll félög áhugamanna, sem hafa leiklist á stefnuskrá sinni og verja öllum sínum tekjum til viðhalds og uppbyggingar leiklistinni sjálfri og ekki eru tengd neinni stofnun, geta gerst aðilar að Bandalaginu. Heimilt er þó að veita leikfélögum aldraðra og öryrkja aðild, þó þau séu tengd stofnun, enda uppfylli þau önnur skilyrði um inngöngu. Inngöngubeiðni þarf að vera skrifleg og skal fylgja afrit af lögum félagsins og upplýsingar um hverjir skipa stjórn þess. Stjórn Bandalagsins afgreiðir inngöngubeiðnir og leggur samþykktar beiðnir fram til staðfestingar á aðalfundi. Gæta þarf þess að félagslög brjóti ekki í bága við lög Bandalagsins. Aðildarfélög greiða árgjöld til Bandalagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar þess. Gjaldalagi árgjalda er 1. september.

5. grein

Bandalagið aflar sér tekna með:

1. Opinberum styrkjum.
2. Árgjöldum félaganna.
3. Öðrum þeim leiðum sem stjórn og framkvæmdastjóri sameiginlega telja færar.

6. grein

a) Aðalfundur er æðsta vald Bandalagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í september ár hvert. Stjórn Bandalagsins ákveður þingstað hverju sinni. Aðalfundur skal boðaður með minnst mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina þingstað, fundartíma og dagskrá fundarins. Fundarboði skulu fylgja reikningar Bandalagsins og framkomnar lagabreytingartillögur. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar þjónustumiðstöð Bandalagsins eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund. Hvert aðildarfélag hefur eitt atkvæði á aðalfundi og skal einn fulltrúi fara með atkvæðið. Heimilt er að tilnefna annan fulltrúa til vara. Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt. Kjörbréf til handa fulltrúanum og varamanni hans skulu staðfest af formanni eða ritara viðkomandi félags og afhent starfsfólki þjónustumiðstöðvar fyrir fundinn.

b) Verkefni aðalfundar skulu vera:

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.
2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.
3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.
4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.
5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.
6. Skýrsla stjórnar.
7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.
8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.
9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.
10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.
11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.
12. Lagabreytingar.
13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
14. Starfsáætlun afgreidd.
15. Stjórnarkjör.
- 16.a Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.
- 16.b Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.
17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.
18. Önnur mál
19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

c) Tillögur sem kjörnefnd getur ekki gert að sínum og tillögur sem berast eftir að kjörnefnd lýkur störfum skulu studdar af a.m.k. 3 atkvæðisbærum fulltrúum. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður útslitum mála á aðalfundi, þar sem annað er ekki tekið fram. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Til lagabreytinga og brottvikningar úr Bandalaginu þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.

d) Kveða skal til aukafundar ef tíu eða fleiri félög óska þess. Framkvæmdastjóri skal þá boða strax til aukafundar og skal hann haldinn innan eins mánaðar frá boðun. Aðalfundir og aukafundir eru löglegir og ályktunarhæfir ef löglega er til þeirra boðað.

e) Fundargerðir aðalfunda skulu samþykktar af stjórn og birtar á Leiklistarvefnum.

7. grein

Stjórn Bandalagsins fer með æðsta vald Bandalagsins milli aðalfunda, hana skipi 5 menn, formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, þannig að annað árið er kosinn formaður og einn stjórnarmanna, en næsta ár þrír stjórnarmenn. Formaður er kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Á sama hátt skal kjósa ýmist tvo eða þrjá í fimm manna varastjórn. Varastjórnarmenn eru boðaðir á alla stjórnarfundi og hafa málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt nema þegar þeir taka sæti í aðalstjórn vegna forfalla aðalmanna. Kosningar skulu bundnar við uppástungur. Formaður boðar til stjórnarfunda. Halda skal minnst fjóra stjórnarfundi á ári og skulu fundargerðir birtar á Leiklistarvefnum og í Ársriti Bandalagsins. Fundur er lögmætur ef minnst þrír aðalmenn mæta.

8. grein

Stjórn ræður framkvæmdastjóra fyrir Bandalagið, svo og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri fer með framkvæmdavald í umboði stjórnar. Hann skal annast daglegan rekstur Bandalagsins og vinna að öðru leyti í samræmi við þessi lög. Um önnur nauðsynleg atriði skal fjalla í ráðningarsamningi. Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Bandalagsins og aðalfundi þess. Hann, sem og annað fastráðið starfsfólk Bandalagsins, skal hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi og öðrum fundum Bandalagsins. Starfsfólk Bandalagsins skal ekki fara með atkvæði á aðalfundi.

9. grein

Starfsfólki Bandalagsins er heimilt að greiða fyrir einstaklingum, skólum og félögum utan Bandalagsins, enda sé

því kunnugt að það brjóti ekki í bága við hagsmuni Bandalagsfélaganna. Fyrir slíka aðstoð áskilur Bandalagið sér þóknun.

10. grein

Stjórn skipar nefndir til að sinna þeim verkefnum sem þurfa þykir, eða kveðið er á um í starfsáætlun. Stjórn afhendir hverri nefnd skipunarbréf þar sem kveðið er á um hlutverk nefndarinnar. Nefndir starfa eftir tímaramma og gera stjórn grein fyrir framvindu mála sé þess óskað. Nefndir skila skýrslu á aðalfundi.

11. grein

Kjörnefnd starfar milli aðalfunda. Skal hún kanna hug aðildarfélaganna til stjórnarkjörs og taka við tillögum.

12. grein

Reikningsár Bandalagsins er almanaksárið. Reikningar þess skulu settir upp af viðurkenndum bókarar eða löggiltum endurskoðanda og skulu þeir vera tilbúnir fyrir skoðunarmenn reikninga eigi síðar er fjórum vikum fyrir aðalfund.

13. grein

Sérhvert aðildarfélag skal senda Bandalaginu ítarlega skýrslu um starfsemi sína, fyrir 10. júní ár hvert, á þar til gerðum eyðublöðum frá þjónustumiðstöðinni. Þar skal getið verkefna á leikárinu, fjölda leiksýninga, sýningarstaða og annars þess sem máli kann að skipta. Á sama tíma skulu stjórnir aðildarfélaganna skila greinargerð um starfsemi ársins til birtingar í Ársriti bandalagsins. Stjórn Bandalagsins er heimilt að setja nánari reglur um hvaða gögn þurfa að fylgja skýrslu.

14. grein

Aðildarfélögum er heimilt að stofna með sér sérsambönd og skulu þau vinna að sameiginlegum hagsmunamálum eftir því sem aðstæður leyfa. Lög og reglur skulu vera í samræmi við lög Bandalagsins.

15. grein

Sé árgjald aðildarfélags eigi greitt fyrir aðalfund missir félagið atkvæðisrétt sinn á fundinum. Vanskil á greiðslu árgjalds í tvö ár veitir stjórn Bandalagsins heimild til að víkja viðkomandi félagi úr Bandalaginu með samþykki aðalfundar. Aðalfundur getur vikið félagi úr Bandalaginu hafi það gerst brotlegt við lög eða samþykktir þess.

16. grein

Heimilt er að stofnsetja sjóði innan Bandalagsins, enda séu þeir ætlaðir til framgangs málefnum þess. Stjórnin setur reglur varðandi lán eða leigu Bandalagsins á eignum þess eða sameiginlegri eign Bandalagsfélaganna í vörslu Bandalagsins.

17. grein

Bandalagsfélög sem ferðast með leikrit til sýninga, skulu hafa samráð við leikfélög á fyrirhuguðum sýningarstöðum, svo sýningar þeirra skaði ekki viðkomandi félög. Í sýningarferðum skulu Bandalagsfélögin aðstoða hvert annað eftir bestu getu.

18. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að skjóta öllum ágreiningsmálum sem rísa kunna í félaginu eða milli einstakra aðildarfélaga, til stjórnar Bandalagsins.

19. grein

Bandalagi íslenskra leikfélaga verður ekki slitið nema 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi séu því samþykktir. Stjórn Bandalagsins skal þó sitja áfram og boða til annars fundar 4–6 mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 hluta atkvæða að slíta Bandalaginu skulu það heita lögleg félagsslit. Sé Bandalaginu þannig löglega slitið skulu allar eignir þess afhentar menntamálaráðuneytinu til varðveislu og ávöxtunar.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin eldri lög Bandalags íslenskra leikfélaga.

Samþykkt á aðalfundi í Skagafirði 3. maí 2008 með viðbótum frá aðalfundi á Ísafirði 5. maí 2012